

# „Afskræmd spegilmynd“ af stjórnmalunum

Gagnrýni Besta flokksins á ríkjandi stjórnmalafyrirkomulag



HÁSKÓLI ÍSLANDS



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

Leiðbeinandi:  
Jón Ólafsson  
Júlí, 2011

Eva Hafsteinsdóttir  
Kt.: 231081-5269

## Ágrip

Framboð Besta flokksins til borgarstjórnarkosninganna vorið 2010 fól í sér harða gagnrýni á ríkjandi stjórn málaumhverfi, en hann kom fram sem viðbragð við því vantrausti sem ríkti á stjórn málasviðinu í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Flokkurinn, undir forystu leikarans og grínistans Jóns Gnarrs, beitti gríni, íroníu og háði í kosningabaráttu sinni til að varpa ljósi á ágalla hinna hefðbundnu starfshátta íslenskra stjórn mála, sem hann sagði einkennast af „valdabaráttu, yfirborðsmennsku og hroka“. Hann staðsetti sig gegn hugmyndafræðinni sem pólitíska fjórflokkakerfið grundvallast á og kallaði eftir breytingum á kerfinu.

Í þessari ritgerð er birtingarmynd Besta flokksins á pólitíska sviðinu skoðuð út frá kenningum um hugmyndafræði. Reynt er að varpa ljósi á flókin tengsl ráðandi hugmyndafræði við ríkjandi öfl annars vegar og mótspyrnuöfl hins vegar, og færð rök fyrir því hvernig Besti flokkurinn fellur inn í ráðandi hugmyndafræði áttakapólitíkur þrátt fyrir að hann staðsetji sig gegn hugmyndafræði ríkjandi afla samfélagsins. Þá er sjónum beint að því hvernig flokkurinn beitti íroníu í gagnrýni sinni á ríkjandi skipulag og því haldið fram að þrátt fyrir íronískt viðhorf og framkomu þá hafi sjónarmið Besta flokksins og vilji til breytinga verið einlæg. Áherslur og afstaða flokksins er einnig greind út frá kenningum anarkismans og sýnt fram á að jafnvel þó þar megi sjá tengsl við anarkísk viðhorf þá getur hann ekki flokkast sem anarkísk hreyfing enda gangi hann gegn grundvallaratriði anarkismans með því að samþykkja valdstöðu sína eftir kosningasigurinn.

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Besti flokkurinn.....	5
Upphaf.....	5
Kosningabaráttan.....	6
Borgarstjórn.....	10
Leikurinn.....	12
Hugmyndafræði; möguleikar til andófs gegn ríkjandi hugmyndafræði.....	15
Hugmyndafræðikenning Althussers.....	18
Ákall keppinauta .....	24
Gramsci og gagnforræði.....	27
Íronía.....	31
Íronía sem lífsviðhorf.....	34
Gagnrýni á hugmyndir Rortys.....	38
Anarkismi.....	43
Saga anarkismans.....	44
Anarkískar hreyfingar .....	49
Skipulagt stjórnleysi.....	51
Besti flokkurinn og anarkismi.....	53
Niðurstöður .....	57
Heimildir .....	61

## Inngangur

Vorið 2010 vann nýr flokkur, Besti flokkurinn, stórsigur í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík, en hann fékk rúm 34 prósent atkvæða og sex borgarfulltrúa af níu. Hefðbundin íslensk pólitík hafði átt undir högg að sækja í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 og var krafa almennings um einhvers konar breytingu hávær. Almennungur vantreysti stjórnámálamönnum landsins og var því tilbúnari en ella til að styðja ný öfl. Besti flokkurinn birtist sem viðbragð við þessum aðstæðum og skók í kjölfarið undirstöður íslensks stjórn málaumhverfis. Hann kom fram á sjónarsviðið á „réttu“ augnabliki og virtist vera svarið við kröfur almennings um breytingar og endurskipulagningu.

Besti flokkurinn er það sem kalla má óhefðbundið framboð, eða grínframboð, en þau eru langt frá því að vera óþekkt fyrirbæri hér á landi. Framboðsflokkurinn, eða Olistinn, ruddi veginn fyrir önnur óhefðbundin framboð þegar hann bauð fram til Alþingiskosninga árið 1971. Flokkurinn lagði sig fram um að beina sjónum að pólitískum hefðum og draga úr hátíðleika íslenskra stjórn mála með því t.d. að snúa út úr orðum andstæðinga sinna og beita háði og gríni til að létta hina alvöruþrungnu umgjörð sem annars umlukti hið pólitíska svið. Einkunnarorðum flokksins, sem voru „skinhelgi, mannhelgi, landhelgi!“, var þannig m.a. beint gegn hefðbundinni framsetningu annarra stjórn málaflokka á innantómum kosningaloforðum og hljómfögurum slagorðum.<sup>1</sup> Meðal nýlegri „grínframboða“ má nefna Tónlistann, sem bauð sig fram til sveitastjórnarkosninga í Hafnarfirði árið 1998, Biðlistann í Fjarðarbyggð það sama ár, og flokkinn Vinstri hægri snú, undir forystu listamannsins Snorra Ásmundssonar, sem bauð sig fram í borgarstjórnarkosningum árið 2002. Óhefðbundin framboð hafa þó sjaldnast hlotið mikinn meðbyr í kosningum, en hvorki Framboðsflokkurinn, Tónlistinn né Vinstri hægri snú fengu fulltrúa kjörna í kosningunum.

Þessi óhefðbundnu framboð, líkt og Besti flokkurinn, eiga það sameiginlegt að þau fylgja ekki því sem kalla mætti hinn hefðbundna farveg íslenskra stjórn mála, þar sem flokkur er myndaður utan um ákveðnar hugmyndir eða stefnumál sem barist er fyrir. Þau nálgast stjórn málin frá öðru sjónarhorni og trufla venjurnar, sem margir álíta svo fastar í sessi að þær séu í raun orðnar að hefðum, með því að beina spéspeglinum að þeim. Þau grafa undan yfirborðinu þannig að gallarnir undir niðri verði auðsjáanlegri

---

<sup>1</sup>Kolbeinn Óttarsson Proppé. “Grín er dauðans alvara”. *Fréttablaðið*, 22. maí 2010, bls. 28.

með því einmitt að draga fram og ýkja „hefðbundnar“ pólitískar venjur. Þau nota því grín og háð til að gagnrýna ríkjandi stjórnmalafyrirkomulag.

Deila má um þá alvöru sem að baki þessum óhefðbundnu framboðum liggur. Heitið „grínframboð“, gerir hvort tveggja í senn að undirstrika þá gagnrýni sem þau beina að hinum „hefðbundnu“ stjórnmalaflokkum, þ.e. að stjórnmalin séu bara yfirhöfuð grín eða leikur, en eins getur heitið dregið úr möguleika framboðsins á að vera tekið alvarlega. Frambjóðendurnir eiga þá á hættu að vera álitnir trúðar sem séu eingöngu til þess fallnir að létta andrúmsloftið, en ekki sem raunverulegir möguleikar þegar kemur að sjálfri kosningunni. Það er á þessari línu milli gríns og alvöru sem Besti flokkurinn dansar á.

Jón Gnarr (f. 1967), stofnandi og formaður Besta flokksins, og landsþekktur leikari og grínisti, ákvað í lok árs 2009 að stofna flokkinn því hann var sjálfur búinn að fá nóg af óskiljanlegu orðfæri stjórnmalamanna á Íslandi. Hann vildi stjórnmal á „mannamáli“ og lagði mikla áherslu á einlægni sem honum þótti skorta í öllum hefðbundnum stjórnmalum. Undir forystu Jóns sagðist flokkurinn ávallt koma fram undir merkjum einlægninnar í kosningabaráttu sinni, en hún einkenndist þó af ýmsum mótsögnum. Þannig bæði samþykkti Jón að um grínframboð væri að ræða<sup>2</sup> og neitaði því að framboðið væri grín og sagði þetta vera fyllstu alvöru, staðhæfing sem aðrir meðlimir flokksins hafa endurtekið eftir kjörið, og bent á að grín væri viðurkennd leið til að takast á við alvarleg viðfangsefni.<sup>3</sup> Þó svo að kosningabaráttu þeirra hafi að mestu verið byggð upp á gríni, íroníu og háði, þar sem snúið var út úr athöfnum og orðum andstæðinganna og hláturinn réði ríkjum, má líta svo á að beiting íroníunnar hafi verið tæki til að koma á framfæri þeirra einlægu sjónarmiðum, þ.e. flokkurinn var einlægur í gagnrýni sinni á ríkjandi fyrirkomulag.

Í kosningabaráttunni tókust orð og athafnir sífellt á; ákveðið misræmi myndaðist milli annars alvarlegs yfirbragðs hins pólitíska sviðs, eins og það birtist vanalega, og

---

<sup>2</sup>„Besti flokkurinn nær tveimur mönnum inn“. *Fréttablaðið*, 26. mars 2010. Bls. 1.

<sup>3</sup> Helgi Seljan Jóhannsson (dagskrárgerðarmaður). „Viðtal við Jón Gnarr“. *Kastljós* [sjónvarpsþáttur]. (Reykjavík, Ríkisútvarpið. 3. maí 2010); Gaukur Úlfarsson: *Gnarr* [kvikmynd]. (Allskonar, Reykjavík. 2010); „Jón Gnarr stofnar stjórnmalaflokk“. *Vísir*. Sótt 16. okt. 2010 af <http://www.visir.is/jon-gnarr-stofnar-stjornmalaflokk/article/2009485732613>; „Besti flokkurinn hefur alla burði til að ná langt“. *Vísir*. Sótt 2. nóv. 2010 af <http://www.visir.is/article/2010686813601>; Óttar Proppé [munnleg heimild] pallborðsumræður á húmorsmálþinginu *Að grína í samfélagið* í tengslum við sýninguna *Að elta fólk og drekka mjólk* í Hafnarhúsinu á vegum Þjóðfræðistofu, þann 25. Sept. 2010.

Besti flokkurinn var að hasla sér völl á, og þess bægslagangs sem einkenndi m.a. kosningabaráttu flokksins. Staða flokksins og afstaða hans var því frekar óljós, sem var hluti af áætlun þeirra; hann reyndi að komast hjá því að vera niðurnjörvaður á pólitíska ásnum með því að ýta undir það sem Gaukur Úlfarsson, þáverandi fjölmiðlafulltrúi Besta flokksins, kallaði „keep them guessing“- element; að „[v]era einn daginn að grínast, þann næsta alveg rosalega alvarleg, þriðja daginn algerlega úti á þekju“.<sup>4</sup> Með því móti viti andstæðingarnir, og þá kjósendur einnig, aldrei hvar þeir hafi þau. Grín og íronía var því stór hluti af áætlun flokksins, en með íronískri framsetningu og markvissri beitingu á gríni og háði varpaði hann ljósi á tvískinnung „hefðbundinna“ stjórn mála og gagnrýndi virkni þeirra, og þá kannski einna helst „stjórn-málið“.

Besti flokkurinn kom fram sem gagnrýnandi og andstæðingur hefðbundinna ríkjandi stjórn mála sem fjórflokkakerfið tilheyrir. Hann birtist því sem áskorandi á undirliggjandi hugmyndafræði þess kerfis og virðist að því leyti reyna að halda sér utan við hugmyndafræði ríkjandi afla, þ.e. að hann tekur sér stöðu gegn henni. Aftur á móti má benda á að sú hugmyndafræði sem fjórflokkakerfið sjálf byggir á er hugmyndafræði átakapólitíkur, sem gerir ráð fyrir togstreitu andstæðra afla. Því má líta svo á að Besti flokkurinn sé ekki að vinna gegn ríkjandi hugmyndafræði, heldur falli beinlínis inn í hana sem mótspurnaðili.

Flokkurinn kallaði eftir breytingu og byltingu á stjórn mála kerfinu og kosningabaráttan litaðist m.a. af anarkískum hugmyndum. Flokkurinn vildi breyta viðhorfum og ríkjandi hugsanahætti innan stjórn mála með því m.a. að gera þau skiljanlegri og aðgengilegri fyrir almenning og draga úr „leiðindum“. Hann vildi útrýma þeirri spillingu sem hefur gegnsýrt ríkjandi stjórn mála fyrirkomulag. En kenningar anarkismans vilja útiloka þessa þátttöku í valdastrúktúr samfélagsins sem myndun og virkni stjórn mála flokks felur í sér, því anarkismi byggir á því að útrýma stéttskiptingu og dreifa valdinu jafnt á alla svo að enginn aðili eða hópur geti stjórnað hinum.

Segja má að tilkoma Besta flokksins á stjórn mála sviðinu hafi því haft áhrif á hinn pólitíska „leik“. Í því ljósi er vert að skoða betur hvað liggur að baki uppbyggingu flokksins, hugmyndum hans, framkomu og árangri. Hér verður því fyrst farið lauslega yfir sögu flokksins. Þá verða kenningar um hugmyndafræði skoðaðar og athugað

---

<sup>4</sup> Sindri Bergmann: „Pólitik er eins og Eurovision“. *kvikmyndir.is*. Sótt 10. nóv. 2010 af <http://kvikmyndir.is/Greinar/entry/id/7>

hvernig Besti flokkurinn fellur undir þær. Íronískt viðhorf hans og framkoma verða greind með sérstöku tilliti til hlutverka einlægni í íronískri framsetningu flokksins, en ég vil halda því fram að flokkurinn hafi beitt einlægni og íroníu samhliða til þess að koma höggi á hugmyndafræði ríkjandi fyrirkomulags íslenskra stjórn mála. Einnig verður kannað hvort stefna flokksins rúmist innan kenningarramma anarkismans.

## Besti flokkurinn

### Upphaf

Um miðjan nóvembermánuð árið 2009 birtu fjölmiðlar fréttir þess efnis að Jón Gnarr hefði stofnað nýjan stjórn málaflokk, Besta flokkinn, og stefndi á að blanda sér í íslenska pólitík.<sup>5</sup> Í kjölfarið þróuðust atburðir hratt, en hraði einkenndi einmitt atburðarásina alla í kringum tilurð og kosningabaráttu flokksins. Næstu mánuði á eftir var unnið að því að safna fólki á framboðslista sem var kynntur opinberlega þann 3. mars 2010 í Smáralindinni og myndi bjóða fram í Reykjavík í sveitastjórnarkosningunum 2010 undir listabókstafnum Æ. Listann skipuðu m.a. þekktir innlendir listamenn í bland við fólk sem aldrei hafði verið í sviðsljósinu áður, sem áttu það sameiginlegt að vera öll nýgræðingar á pólitíska sviðinu. Samkvæmt Jóni þá hófst verkefnið sem einhvers konar gjörningur sem þróaðist síðan yfir í alvöru, en Jón virðist hafa hitt á sameiginlega taug hjá almenningi með því að gefa til kynna að stjórn málin væru yfirborðskennd og ómarktæk.<sup>6</sup> Efnahagshrunið haustið 2008 og fjármálakreppan sem fylgdi í kjölfarið, ásamt afleiðingum mótmælanna í búsáholdabyltingunni í ársbyrjun 2009, þar sem efnt var til ríkisstjórnarkosninga og ný stjórn var kosin, skapaði andrúmsloft sem var móttækilegt fyrir nýjungum í stjórn málum.<sup>7</sup> Það var á þessum vettvangi almennrar óánægju með hið pólitíska svið og vantrúar á hina hefðbundnu stjórn málaflokka sem Besti flokkurinn náði að hasla sér völl. Samkvæmt Jóni þá hefði hann ekki boðið sig fram hefði kreppan ekki skolið á. Efnahagshrunið hafi opnað augu hans fyrir stöðu

<sup>5</sup> Sjá m.a. „Fréttir af fólki“. *Fréttablaðið*, 12. nóv. 2009. Bls. 62; „Jón Gnarr stofnar stjórn málaflokk“. *Fréttablaðið*, 16. nóv. 2009. Bls. 30; „Jón Gnarr í framboð“. *mbl.is*, 17. nóv. 2009. Sótt 16. okt. 2010 af [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/11/17/jon\\_gnarr\\_i\\_frambod/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/11/17/jon_gnarr_i_frambod/)

<sup>6</sup> Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir: „Svívirtur af klæðskiptingi“. *Helgarblað DV*, 18.-20. mars 2011. Bls. 32-34.

<sup>7</sup> Mayer N Zald: „Culture, ideology, and strategic framing“. *Comparative Perspectives on Social Movements. Political Opportunities, Mobilizing Structures, and Cultural Framings*. Bls. 261-274. Ritstj.: McAdam, Doug, John D. McCarthy og Mayer N. Zald. (Cambridge University Press, New York. 1996)

stjórnmála í landinu; hann hafi fengið nóg af þessu fólki (stjórnmálamönnum) og fundið sig knúinn til að gera eitthvað, „to fuck the system“, eins og hann orðar það, – að breyta kerfinu og hafa áhrif á það á einhvern hátt.<sup>8</sup> Í viðtali við AFP segist hann hafa fengið nóg af því hvernig hlutirnir hefðu þróast hér og viljað blanda sér í málið. Hann segist hafa litið á þetta sem borgaralega skyldu sína, og að eftir alla þessa reiði, tortryggni og vænisýki sem ríkt hafi í samfélagi okkar síðustu árin hafi hann viljað koma fram með annan valmöguleika.<sup>9</sup>

## Kosningabaráttan

Í kosningabaráttu sinni lagði Besti flokkurinn áherslu á að draga skýra línu milli sín og mótframbjóðendanna, en það gerði hann með því að undirstrika þá staðreynd að frambjóðendur hans væru ekki hefðbundnir („leiðinlegir“) stjórnmálamenn. Nálgunarleið þeirra í kosningabaráttunni var fyrst og fremst sú að gagnrýna hefðbundin stjórnmál í gegnum grín og háð. Þeir kölluðu eftir breyttum áherslum í stjórnmálum, vildu minni leiðindi og meiri skemmtun. Þannig segir Jón Gnarr t.d. í opnu ávarpi til borgarbúa þann 1. maí 2010:

Ég stofnaði Besta flokkinn vegna þess að ég var orðinn leiður á hegðun og framkomu stjórnmálamanna í borginni og langaði að gera athugasemd sem mark væri tekið á. Mig langaði að stríða þessu fólki, með því að draga upp afskræmda spegilmynd af því sjálfu. [...] Ég var orðinn þreyttur á innantómum vaðli stjórnmálamanna, loforðum þeirra, valdabaráttu, yfirborðsmennsku og hroka. Þess vegna byrjaði ég á þessu og fékk til liðs við mig fólk sem ég þekki og treysti og vissi að var sammála mér. Viðbrögð kjósenda hafa svo sýnt okkur að við erum ekki ein um þessa skoðun. [...]

[...] Mér finnst Reykjavík orðin leiðinleg og ljót borg og mér finnst það vera þessu fólki að kenna, viðhorfum þeirra og athöfnum. Mér finnst það mjög sorglegt. Þetta þarf ekki að vera svona. Ég held að stjórnmálaflokkarnir hafi skemmt mjög mikið með tilveru sinni. Mér sýnast líka stjórnmálamenn meira uppteknir af sjálfum sér og hver öðrum en þeim verkefnum sem þeir voru ráðnir til að leysa. Mér skilst t.d. að kjörinn borgarfulltrúi starfi meira fyrir flokkinn sinn en borgina á hverjum degi. Þessu verður að breyta.

---

<sup>8</sup> Haukur S. Magnússon: „What are you voting for, Reykjavík?“. *Reykjavík Grapevine*.. 6. tölubl. 21. maí 2010. Bls. 15.

<sup>9</sup> Pierre-Henry Deshayes: „Reykjavik's mayor puts comedian days behind“. *AFP*. 7. sept. 2010. Sótt 2. feb. 2011 af [http://www.google.com/hostednews/afp/article/ALeqM5iHbcYCgCnKxin\\_xlHJwJr0jdMa3g](http://www.google.com/hostednews/afp/article/ALeqM5iHbcYCgCnKxin_xlHJwJr0jdMa3g)



[...]

Hugmyndafræði stjórnmálaflokkanna er stöðnuð og komin[] í blindgötu. Hér vantar skapandi hugsun og frumkvæði. Hana hafa þeir ekki.<sup>10</sup>

Í þessu ávarpi frambjóðandans til Reykvíkinga dregur hann saman helstu hugðarefni flokksins og skerpir á markmiðum hans, en ávarpið greinir sig þó frá flestu því efni sem kom frá flokkinum í kosningabaráttunni að því leyti að það er sett fram á alvarlegri nótum. Kosningabarátta þeirra einkenndist aftur á móti af gríni og háðsádeilu, eins og fram hefur komið, og sést skýrt af upphafi framboðsins sem má rekja til nokkurra stakra myndbandsupptökubrota af hugleiðingum Jóns Gnarrs sem hann setti á netið jafnvel áður en framboðið sem slíkt var fullmótað.<sup>11</sup> Brotin eru lituð af háði og íróníu þar sem hann gerir grín að hefðbundnum pólitískum nálgunum. Hann segir t.d. í einu þeirra að mikilvægt sé að sýna fólki athygli þrátt fyrir að það sé leiðinlegt vegna þess að það hafi kosningarétt, hann kallar fólkið „svona lið“ og segir alla skipta máli, líka þroskahefta, allavega svo lengi sem þeir séu með kosningarétt.<sup>12</sup> Þessi atlega að framsetningu stjórnmálamanna á einhvers konar almennri rétthugsun, þar sem ákveðnu orðalagi var beitt sem vanalega heyrir ekki blygðunarlaust í opinberum samfélagsumræðum, var áberandi í kosningabaráttu Besta flokksins. Þeir notuðu ýmis mis-viðtekin hugtök og heiti í aðdraganda kosninganna, og fór þar slagorðið „allskonar fyrir aumingja“ fremst í flokki þess orðfæris sem mest var gagnrýnt. Í skjóli grínsins komust þau upp með, eða a.m.k. leyfðu sér, að nota orðfæri sem ekki er talið til hefðbundinnar rétthugsunar.

Í öðru myndbandi kynnir hann sjálfan sig og sín málefni og útlistar fyrir áhorfandanum afhverju hann sé hæfur kandídat í borgarstjórástólinn. Hann segist m.a. hafa unnið á geðdeild, og varpar síðan fram þjóðarskútumyndlíkingunni, þar sem skútan hefur steytt á skeri, en hann segist vera rétti maðurinn til að rétta skútuna við: það þurfi aðeins að létta skútuna og henda ýmsu frá borði, „kannski fólki“. Hann telji sig vera rétta manninn í þetta verkefni enda hafi hann meirapróf og sé næstum því með

---

<sup>10</sup> Jón Gnarr: „Kæri Reykvíkingur“. Sótt þann 10. okt. 2010 á heimasíðu Besta flokksins, *bestiflokkurinn.is*, af <http://bestiflokkurinn.is/kaeri-reykvikingur>

<sup>11</sup> Sjá t.d. kynningarmyndbönd Jóns Gnarrs á vef [youtube.com](http://www.youtube.com/watch?v=TCqfQ6sqRmc&feature=BF&list=PLB3064F828C7F4B62&index=2)

<sup>12</sup> Jón Gnarr: „Fólk“ [myndband]. 22. jan. 2010. Sótt 8. jan. 2011 af <http://www.youtube.com/watch?v=64tPSCIHCRA&feature=related>

pungapróf, eins og hann tekur fram í brotinu.<sup>13</sup> Hann snýr því upp á hefðbundinn málstíl stjórnámamanna, en þjóðarskútumyndlíkingin er margtuggin tugga úr stjórnamálorðfæri íslenskra stjórnámamanna. Með því að beita þessari „hefðbundnu“ myndlíkingu á íronískan hátt dregur Jón athygli að merkingarleysi þeirra pólitísku frasa sem iðulega er varpað fram á úrslitastundum, eins og í kosningabaráttum eða sem viðbragð við gagnrýni eða yfirstandandi erfiðleikum. Segja má að hann hafi bæði ráðist að mótframbjóðendum sínum, hinum „hefðbundnu“ stjórnámamönnum, með íroníska gagnrýni og ádeilu að vopni, og um leið afvopnað þá með því að draga upp mynd af þeim skrípaleik sem þeir leika í kosningabaráttum í gegnum þeirra eigin aðferðir; hann varpaði upp „afskræmdri spegilmynd af því sjálfu“.<sup>14</sup>

Í kosningabaráttunni nýtti Besti flokkurinn sér flesta, ef ekki alla helstu miðla sem „hefðbundnir“ stjórnámáflokkar nýta sér í kosningabaráttu. Hann mætti á hverfafundi, pallborðsumræður, vinnustaði og aðra opinbera vettvanga sem birtast sem svið fyrir kosningabaráttur, ásamt því að senda frá sér skrá með stefnumálum. Hann virtist þó nálgast þessi verkefni undir öðrum formerkjum en mótframbjóðendurnir og gaf framkoma þeirra oftast en ekki til kynna að þau tækju þessa hluti mis-alvarlega. Á framboðsfundi í Háskólanum í Reykjavík þann fimmta maí 2010 kom Jón Gnarr t.d. fundargestum í opna skjöldu með því að tilkynna að hann væri hættur við framboðið, en uppskar síðan hlátur þegar hann sagðist bara vera að djóka.<sup>15</sup> Uppákomur í þessum dúrgerðu það einmitt að verkum að fólk vissi aldrei nákvæmlega hvar það hafði hann eða flokkinn.

Flokkurinn sagðist koma fram af heiðarleika og einlægni og virtist vilja forðast að koma fyrir sjónir kjósenda í stöðu sölumanns sem er að „selja“ málefni sín með alls konar „fölskum“ fagurgölum eins og hinir flokkarnir, en hann lagði t.d. áherslu á að hafa spillinguna uppi á borðum (og ýjaði þannig að duldrí spillingu innan hinna flokkanna).<sup>16</sup> Þetta er skýrt dæmi um mótsagnakennda birtingarmynd flokksins, þar sem að fæstir geta með góðu móti sett yfirlýsta og opinbera spillingu í sama flokk og einlægni og heiðarleika. Einlægnin sem framsetningarstíll varð aftur á móti að

---

<sup>13</sup> Jón Gnarr. „Kynning“, [myndband]. 19. jan. 2010. Sótt 8. jan. 2011 af <http://www.youtube.com/watch?v=EQeDkcSUVWg&feature=related>

<sup>14</sup> Jón Gnarr: „Kæri Reykvíkingur“.

<sup>15</sup> „Besti flokkurinn hættur – djók“. *ruv.is*. 5. maí 2010. Sótt 2. feb. 2011 af <http://www.ruv.is/frett/besti-flokkurinn-haettur-djok>

<sup>16</sup> „Stefnumál“. Sótt þann 20. jan. 2011 á heimasíðu Besta flokksins, *bestiflokkurinn.is*. af <http://bestiflokkurinn.is/um-flokkinn/stefnumal>

markvissu „vopni“ í meðförum þeirra þegar flokksfélagar urðu varir við jákvæð viðbrögð kjósenda gagnvart henni, en þannig má sjá að þeir hafi tekið kosningabaráttuna alvarlega (þ.e. þeir vildu sigra).<sup>17</sup> Stefnumál flokksins sýna enn fremur fram á mótsagnakennda framsetningu þeirra í kosningabaráttunni, en þar segir m.a.:

Stefna Besta flokksins er byggð á því besta úr öllum öðrum stefnum. Við byggjum mest á stefnum sem lagt hafa grunninn að velferðarsamfélögum Norðurlandanna og Norður Evrópu. Það hljómar mjög vel núna. [...] Í rauninni erum við samt ekki með neina stefnu en við þykjumst vera með hana.<sup>18</sup>

Flokkurinn nýtti sér þessa hefðbundnu nálgun sem framsetning stefnuskrár er í pólitík, þar sem fögur loforð og markmið flokka eru tíunduð, oft í löngu máli, og sneri upp á hana með texta sem er uppfullur af írónískri gagnrýni á hefðbundin loforð stjórn mála flokka. Þannig setti hann sjálfur fram kosningaloforð sem virtust þó ekki vera til þess fallin að vera tekin alvarlega. Hann sagðist t.a.m. vilja „auka gegnsæi“ vegna þess að „best [sé] að hafa allt uppá borðinu þannig að almenningur viti hvað [sé] að gerast“, en klykkti svo út með því að bæta við: „Við segjumst styðja það“.<sup>19</sup> Flokkurinn setti því fram innantóm kosningaloforð (eins og hinir flokkarnir) án þess að reyna að fela fánýti þeirra og markleysi heldur gróf sjálfur samstundis undan eigin loforðum, og kom þannig fram af þessari yfirlýstu einlægni sinni. Ennfremur sögðust meðlimir flokksins mundu brjóta öll kosningaloforð sem flokkurinn setti fram, sem dregur augljóslega úr merkingu þeirra ásamt því að grafa í leiðinni undan marktækni kosningaloforða hinna flokkanna. Með því vörpuðu þau ljósi á þá undirliggjandi óeinlægni sem liggur að baki mörgum kosningaloforðum sem iðulega er varpað fyrir róða þegar kjöri hefur verið náð. Jafnframt bauð þessi yfirlýsing þeirra upp á ákveðna útgönguleið fyrir þau ef þau yrðu einhvern tíma krafín um ástæður þess að einhver ákveðin loforð hefðu verið brotin, því þau lofuðu jú að brjóta öll kosningaloforð.

Besti flokkurinn lagði þó fram eitt „vinsældartromp“, ef svo má að orði komast, en hann gaf frá sér tónlistarmyndband þar sem meðlimir flokksins syngja frumgerðan (og frumlegan) íslenskan texta við lag Tinu Turner, *Simply the best*, sem þau snúa yfir í

<sup>17</sup> Gaukur Úlfarsson: *Gnarr* [kvikmynd]. (Reykjavík, Allskonar. 2010); Besti flokkurinn [framleiðandi] og Gaukur Úlfarsson [leikstjóri]. *Við erum best* [tónlistarmyndband]. (Reykjavík, útgáfa. 2010) Sótt þann 24. nóv. 2010 af <http://www.youtube.com/watch?v=xxBW4mPzv6E>

<sup>18</sup> „Stefnumál“. Sama

<sup>19</sup> Sjá stefnumál nr. 5 á <http://bestiflokkurinn.is/um-flokkinn/stefnumal>

*Við erum best.*<sup>20</sup> Með þessu útspili sýndu frambjóðendurnir fram á að þau væru að taka þátt í kosningabaráttunni af fullu afli, en jafnframt nýttu þau það til að koma gagnrýni á stjórnmalavirkni á framfæri. Þannig felur íslenski textinn í sér ýmis skot á fyrrum valdhafa og aðra stjórnmalamenn, og í lok myndbandsins flytur Jón Gnarr ræðu sem ber með sér keim af einræðisherra-tilburðum. Hann sést þar t.a.m. standa á svölum Perlunnar þar sem hann virðist „þruma“ yfir borgarbúum alls konar loforð í bland við hótanir, og spyr t.d. hvort „við viljum bjarta framtíð með Besta flokkinum eða tortíma Reykjavík“, en með því má segja að hann gagnrýni hvort tveggja í senn eiginhagsmunabundnar nálganir flokkanna og fjandsamleg viðbrögð þeirra við hugmyndum hvorra annarra.

## Borgarstjórn

Skoðanakannanir sýndu síaukið fylgi Besta flokksins í aðdraganda kosninganna og þegar komið var undir lok apríl sýndi könnun Capacent að flokkurinn fengi 24% atkvæða og fjóra menn inn í borgarstjórn.<sup>21</sup> Flokkurinn hélt hins vegar áfram að bæta við sig fylgi og úrslit kosninganna þann 29. maí 2010 fóru þannig að Besti flokkurinn hlaut mesta fylgið, eða 34.7%, og sex fulltrúa í borgarstjórn, einum fleiri en Sjálfstæðisflokkurinn.<sup>22</sup> Í kjölfarið myndaði Besti flokkurinn meirihlutasamstarf með Samfylkingunni, sem hafði hlotið 19.1% og þrjá fulltrúa í kosningunni, með Jón Gnarr sem borgarstjóra. Flokkarnir tveir gáfu út samstarfsyfirlýsingu þar sem áherslur samstarfsins voru tíundaðar, en af henni má m.a. sjá hvernig áherslur Besta flokksins, sem í kosningabaráttunni voru settar fram á gamansaman og íronískan hátt, hafa fengið á sig alvarlegri blæ þó svo að íronían skíni enn í gegn.<sup>23</sup> Samstarfsyfirlýsingin, sem fylgir að mestu formlegri framsetningu pólitísku skjals, felur m.a. í sér liði sem bera heitin „sjálfbært gegnsæi“, „allskonar“, „meira allskonar“, „enn meira allskonar“ og „allskonar allskonar“, er mynda mót vægi við „hefðbundnari“ og alvarlegri liði sem bera

<sup>20</sup> Gaukur Úlfarsson [leikstjóri]. *Við erum best* [tónlistarmyndband]. (Allskonar, Reykjavík. 2010).

<sup>21</sup> „Ný könnun: Besti flokkurinn í stórsókn: Fengi fjóra borgar-fulltrúa eins og Sjálfstæðisflokkur“. *Pressan*, 30. apr. 2010. Sótt 4. mars 2011 af <http://www.pressan.is/Frettir/LesaFrett/ny-konnun-besti-flokkurinn-i-storsokn-fengi-fjora-borgar-fulltrua-eins-og-sjalfstaedisflokkur?page=2&offset=70>

<sup>22</sup> Sigurður Mikael Jónsson: „Besti flokkurinn vann stórsigur“. *DV*, 30. maí 2010. Sótt 3. mars 2011 <http://www.dv.is/frettir/2010/5/30/besti-flokkurinn-vann-storsigur/>

<sup>23</sup> „Samstarfsyfirlýsing Besta flokksins og Samfylkingarinnar“. Sótt 20. jan. 2011 á heimasíðu Besta flokksins, *bestiflokkurinn.is*. af <http://www.bestiflokkurinn.is/ur-starfi-flokksins/samstarfsyfirlysing-besta-flokksins-og-samfylkingarinnar>

heiti eins og „innflytjendur og jafnréttismál“, „umhverfis- og auðlindamál“ o.s.frv. Þar er því m.a. lýst yfir að „[b]orginni verði stjórnað með bros á vör“ og að „[s]tefnt verði að því að beita óvenjulegum aðferðum til að auka náungakærleik í borginni okkar“, ásamt því að „[l]eiðindi í borgarkerfinu verði leituð uppi og þeim útrýmt nema ríkir almannahagsmunir geri þau algjörlega nauðsynleg“. <sup>24</sup> Þarna má sjá hvernig húmor og pólitísk gagnrýni Besta flokksins frá kosningabaráttunni renna saman við „hefðbundna“ framsetningu á hinu pólitíska sviði, en líkt og í stefnuyfirlýsingu flokksins og ávarpi borgarstjóra til borgarbúa, er hér reynt að viðhalda gamansömum tóni þrátt fyrir alvöruhefið yfirbragð.

Á því rétt rúma ári sem liðið er frá kosningunum hefur seta Jóns Gnarrs í borgarstjórástólnum hlotið mikla fjölmiðlaathygli, bæði hérlendis sem erlendis, þar sem umfjöllunin snýst hvort tveggja um hann persónulega sem og um starf hans sem borgarstjóri. Framkoma hans, og þá kannski sérstaklega orðfæri hans, hafa verið umdeild, þar sem viðlíka hispursleysi og jafnvel andvaraleysi hefur ekki verið daglegt brauð þegar kemur að opinberri framkomu stjórnámálanna, en Jón lofaði því að vera fyrst og fremst skemmtilegur borgarstjóri. <sup>25</sup> Hann hefur ítrekað verið gagnrýndur fyrir ummæli sín á opinberum vettvangi, t.d. þegar hann sagðist aðallega skoða klám á netinu og þegar hann birti á athugasemd á facebook síðu sinni, Dagbók borgarstjóra, þess efnis að Orkuveita Reykjavíkur væri á hausnum. <sup>26</sup> Þá hefur Jón einnig verið sakaður um að vera óhæfur til að sinna starfi borgarstjóra og var hann t.d. harkalega gagnrýndur eftir viðtal í fréttatíma RÚV þann 2. nóvember 2010 þar sem hann gat ekki svarað spurningu fréttamanns um stöðu Orkuveitu Reykjavíkur og beindi henni til aðstoðarmanns síns í staðinn. <sup>27</sup>

Jón Gnarr hefur sjálfur haldið áfram að gagnrýna pólitíska starfshætti eftir að hann tók við embætti borgarstjóra. Eftir að hafa setið aðeins tvo borgarstjórnarfundi lýsti hann vonbrigðum sínum með ástandið í borgarstjórn: „Hvað er að starfsháttum í stjórnámálum á Íslandi? Þrætur, klækir og rífrildi. Er þetta svona allsstaðar? Skilst að

---

<sup>24</sup> Sama

<sup>25</sup> „Lofar að vera skemmtilegur“. *Fréttablaðið*, 5. jún. 2010. Bls. 1.

<sup>26</sup> „Klámnotkun Jóns Gnarr rædd í borgarráði“. *Vísir*, 8. sept. 2010. Sótt 20. jan. 2011 af <http://visir.is/klamnotkun-jons-gnarr-raedd-i-borgarradi/article/2010421019524>; „Ekki svaravert segir borgarstjóri“. *Vísir*, 28. mars 2011. Sótt 14. apr. 2011 af <http://www.visir.is/article/2011703289981>

<sup>27</sup> *Fréttir* [sjónvarpsþáttur]. 2. nóv. 2010. Sótt 6. jan. 2011 af <http://dagskra.ruv.is/frsjonvarp/2010/11/02/>; Brynja Þorgeirsdóttir (dagskrárgerðarmaður): „Viðtal við Jón Gnarr“. *Kastljós* [sjónvarpsþáttur]. (Reykjavík, Ríkisútvarpið. 8. nóv. 2010)

Alþingi sé í svipuðum gír. Er hægt að breyta þessu?“.<sup>28</sup> Hann vildi gera fundina skemmtilegri og segir leiðindi og hörku ekki þurfa að vera hluta af starfinu.<sup>29</sup> Eins lýsti hann yfir sárindum með niðurstöðu könnunar þar sem fram kom að meirihluti borgarbúa teldi Besta flokkinn hafa staðið sig illa fyrstu mánuðina í borgarstjórn og spyr hvort allt sitt streð undanfarna mánuði hafi verið til einskis.<sup>30</sup> Byrjunin virðist því hafa verið honum erfið og Jón hefur viðurkennt að hafa þurft tíma til að setja sig inn í hlutina og læra á kerfið og virðist vera kominn yfir þennan upphaflega pírning, en hann segist hafa gaman af starfinu í viðtali við helgarblað DV þann 18.-20. mars 2011.<sup>31</sup>

Besti flokkurinn, í samstarfi við Samfylkinguna, hefur þurft að glíma við erfiða fjárhagsstöðu borgarinnar og hafa ákvarðanir um niðurskurð og gjaldskrárhækkanir verið umdeildar og ekki til þess fallnar að auka vinsældir Besta flokksins. Samkvæmt könnun Capacent Gallup var flokkurinn með 17.1% fylgi í júní 2011, sem er um helmingis lækkun frá kosningunum 2010.<sup>32</sup> Flokksmeðlimir brugðust þó við þessu fylgistapi af mikilli yfirvegum og vísa til bágrar fjárhagsstöðu borgarinnar og segja það aldrei vinsælt hlutverk að þurfa að skera niður.<sup>33</sup> Þau gáfu í kjölfarið frá sér ályktun þar sem þau líkja borginni við ungling sem hefur fengið að leika lausum hala hjá ömmu og afa í góðu yfirlæti, en nú þurfi að herða tökin og koma aftur á reglu. Það sé hlutverk Besta flokksins að vera „ábyrgt foreldri“, sem viti að uppeldi snýst ekki bara um vinsældir. Þá er tekið fram að „Besti flokkurinn [sé] enn að læra og verður það vonandi alltaf. Batnandi flokkum [sé] best að lifa“.<sup>34</sup>

## Leikurinn

Leikurinn, eða performansinn, er lykilkþáttur í framboði Besta flokksins. Sú staðreynd að Jón Gnarr er þekktur leikari og grínisti verður ekki skilin frá birtingu Besta flokksins á

<sup>28</sup> „Dagbók borgarstjóra“. Facebook. Sótt 21. Sept. 2010 af <http://www.facebook.com/dagbok.borgarstjora>,

<sup>29</sup> Brynja Þorgeirsdóttir: Sama heimild

<sup>30</sup> Aðalsteinn Kjartansson: „Jón Gnarr: Er allt þetta streð mitt til einskis?“. DV, 25. sept. 2010. Sótt 11. Maí 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2010/9/25/jon-gnarr-er-allt-thetta-stred-mitt-til-einskis/>

<sup>31</sup> Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir: Sama heimild. Bls. 32-34

<sup>32</sup> Höskuldur Kári Schram: „Besti flokkurinn missir fylgi – Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig“. Vísir, 21. jún. 2011. Sótt 21. jún. 2011 af <http://www.visir.is/besti-flokkurinn-missir-fylgi---salfstaedisflokkurinn-baetir-vid-sig/article/2011110629789>

<sup>33</sup> Brynja Þorgeirsdóttir: Sama heimild

<sup>34</sup> „Batnandi flokkum er best að lifa“. mbl.is, 23. jún. 2011. Sótt 23. ún. 2011 af [http://feeds.mbl.is/frettir/innlent/2011/06/23/batnandi\\_flokkum\\_er\\_best\\_ad\\_lifa/](http://feeds.mbl.is/frettir/innlent/2011/06/23/batnandi_flokkum_er_best_ad_lifa/)

pólítíska sviðinu, enda var hlutverk trúðsins einatt heimfært á hann. Þá er framkoma flestra stjórnámálanna iðulega lituð af einhvers konar leik (performans), ekki síst þegar staðið er í kosningabaráttu, eins og sjá má af uppstilltum kosningamyndum og æfðum ræðum. „Leiksvið“ stjórnámálanna býður þó upp á heldur meiri gagnvirkni en hið hefðbundna leikhús og kallar á meiri spuna, þar sem frambjóðendur, fjölmiðlar og almenningur takast á.

Ólafur Þ. Harðarsson, prófessor í stjórnmálafræði, vill þó ekki meina að leikrænir tilburðir frambjóðenda hafi úrslitaáhrif þegar kemur að sjálfru kjörinu og telur að gott gengi Besta flokksins megi frekar rekja til hentugs jarðvegs sem hafi verið móttækilegur fyrir „framúrstefnulegu“ framboði.<sup>35</sup> En viðtaka fólks mótast óhjákvæmilega af leiknum/performansinum sem ræður þ.a.l. einhverju um það hvernig fólk skynjar frambjóðendurna.

Besti flokkurinn samanstendur að stórum hluta til af vönu sviðslistafólki og bar kosningabarátta þeirra sterkan keim af því. Af þeim sökum verður jafnvel enn erfiðara en ella að greina á milli leiks og alvöru, en til þess var „leikurinn“ jafnvel gerður; að draga athygli að og vekja upp meðvitund um hin óljósu mörk á milli þess hvað er leikið og hvað er alvöru þegar kemur að stjórnmálum. Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, doktorsnemi í bókmenntafræði, fjallaði um leikræna framsetningu Besta flokksins í kosningabaráttunni á Hugvísindapíngi Háskóla Íslands þann 25. mars 2011. Þar talaði hún m.a. um það hvernig þessir vönu sviðslistamenn stálu senunni ítrekað af stjórnmálamönnunum, en samkvæmt Gauki Úlfarssyni hafi það einmitt verið markmiðið, þ.e. að draga kastljósið frá hinum frambjóðendum og að sér.<sup>36</sup> Í fyrirlestrinum líkti hún kosningabaráttu við leiksýningu sem samanstendur af nokkrum „sviðum“, þ.e. mismunandi vettvöngum kosningabaráttunnar, þar sem sviðsettar eru ákveðnar sýningar og frambjóðendur fari með ákveðin hlutverk. Þá benti hún á þrjár mismunandi persónur sem Jón Gnarr hafi „leikið“ í kosningabaráttunni: Þann vitlausa, þann einlæga, og þann heillandi og fyndna, en að hann hafi jafnframt sveigt hjá hinu „hefðbundna“ og fyrirframmótaða hlutverki stjórnmálamannsins. Sigríður vildi meina að meðlimir Besta flokksins hafi því verið afskaplega meðvitaðir um mikilvægi þessarar

---

<sup>35</sup> Ólafur Þ. Harðarsson: *Leiklist stjórnmálanna*. Erindi flutt á málþingi á vegum *Alþjóðamálastofnunar* og *EDDA – öndvegissetur*, Reykjavík, 18. maí 2011; Erla Hlynsdóttir: „Leikrænir tilburðir hafa ekki úrslitaáhrif“. *Vísir*, 18. maí 2011. Sótt 3. jún. 2011 af <http://www.visir.is/article/2011110518917>

<sup>36</sup> Sigríður Lára Sigurjónsdóttir: „Pönk og pólítík“. *Shakespeare, klukka landsins og gnarrinn: Málstofa um íslenskt leikhús*. Erindi flutt á Hugvísindapíngi Háskóla Íslands, Reykjavík, 25. mars 2011.

„leiksýningar“ sem kosningabaráttá sé, og að framsetning þeirra í baráttunni hafi verið markvisst sniðin að því að grafa undan „hefðbundinni“ stjórnmálavirkni.<sup>37</sup>

Besti flokkurinn var aftur á móti ekki einn um að vera meðvitaður um „leiksýninguna“ sem felst í kosningabaráttu, því eins og áður kom fram þá felur framkoma stjórnmálamanna einatt í sér einhvers konar leik. Hér má benda á framkomu Sjálfstæðisflokksins í kosningabaráttunni, er tók augljósum breytingum sem svar við þeirri nýbreytni sem Besti flokkurinn hafði fram að færa á pólitíska sviðinu, en Sjálfstæðisflokkurinn einkenndist fram að því af alvarleika og hátíðleika. Gaukur varpar ljósi á það sem hann kallar „strategíu“ Sjálfstæðisflokksins og segir hana hafa birst í því að vera ofur-vingjarnleg við meðlimi Besta flokksins:

[S]trategía Sjálfstæðisflokksins var [...] að vera ofboðslega vinaleg við okkur, taka okkur mjög vel, hlæja með okkur. Svo í einrúmi banka í okkur og segja að við værum alveg frábær, þetta væri æðislegt sem við værum að gera og alveg „chummy-chummy“ allan tímann. [...] En með Sjálfstæðisflokkinn gekk það út á þetta annars vegar, að vera ekki „fúli gaurinn“, og svo, eftir kosningar, erum við orðnir svo miklir vinir að það liggur beinast við að við byrjum að vinna saman. Og þau urðu ofboðslega sár yfir að það hafi aldrei verið í spilunum, eftir að við vorum orðnir svona miklir vinir.<sup>38</sup>

Eftir að Besti flokkurinn náði kjöri og hóf samstarf með Samfylkingunni tók hann upp á þeirri nýjung að bjóða Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, oddvita borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins og fráfaramandi borgarstjóra, að taka að sér embætti forseta borgarstjórnar og Sóleyju Tómasdóttur, oddvita Vinstri grænna, að gerast fyrsti varaforseti. Gunnar Helgi Kristinsson prófessor í stjórnmálafræði taldi þessa nýbreytni „marka tímamót og bera vitni um merkilega tilraun til að reka pólitík á annan hátt en þekkst hefur til þessa.“<sup>39</sup> Hann benti á að „með því að samþykkja fyrirkomulag af þessu tagi“ séu þær að „spila þetta svólítið þannig út að [vera] til í að taka þátt í þeirri erfiðu stöðu sem kannski getur komið upp í borginni á næsta kjörtímabili“.<sup>40</sup>

---

<sup>37</sup> Sama

<sup>38</sup> Sindri Bergmann: Sama heimild.

<sup>39</sup> „Hanna Birna forseti borgarstjórnar“. *ruv.is*, 15. jún. 2010. Sótt 4. júl. 2011 af <http://www.ruv.is/frett/hanna-birna-forseti-borgarstjornar-0>

<sup>40</sup> Sama



Ég held að þetta sé mjög klókt útspil. Með þessu er hún að marka sér sérstöðu innan Sjálfstæðisflokksins með allt öðrum stíl en Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið að reka. Þar að auki er hún að sýna að hún hafi kjark til að fara nýjar leiðir í pólitík og það kemur til með að styrkja hana í framtíðinni.<sup>41</sup>

Hanna Birna, og fleiri mótframbjóðendur Besta flokksins, brugðust því við framkomu hans með því að aðlagast henni, þ.e. hún breytti sinni eigin hegðun til að „spila með“ og draga þar með úr hættunni á að verða skilin útundan. Af þessu má draga þá ályktun að annað hvort hafi henni litist vel á hugmyndir Besta flokksins um nýja starfshætti eða hún hafi einfaldlega bara verið að „leika“ með; taka þátt í „spuninum“ sem Besti flokkurinn stýrði.

## Hugmyndafræði; möguleikar til andófs gegn ríkjandi hugmyndafræði

Louis Althusser (1918-1990) var einn af þeim fræðimönnum 20. aldar sem unnu með og útfærðu hugmyndir og kenningar Karls Marx (1818-1883), en hann lagði áherslu á heimspekilega nálgun á marxismann. Hann endurskoðaði og þróaði áfram kenningar Marx um samfélagið, m.a. í ljósi kenninga strúktúralisma og sálgreiningar, sem setja mark sitt á framsetningu hans á hugmyndinni um þróun sjálfsverunnar (e. *subject*).<sup>42</sup> Samkvæmt kenningu Althusers er hugmyndafræði (e. *ideology*) samsafn þeirra merkingarbæru athafna sem móta manneskjur sem félagsleg viðföng/þegna<sup>43</sup> og framleiða þau sambönd sem tengja viðföngin við hið ráðandi framleiðsluferfi samfélagsins, en kenning Althusers leggur ríka áherslu á þátt hugmyndafræði innan hinna ráðandi ferla samfélagsins.<sup>44</sup> Í grein sinni „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins (rannsóknarpunktur)“, sem kom út árið 1970, setur hann fram kenningu sína um mikilvægi hugmyndafræði við að mynda sjálfsverur/viðföng innan

---

<sup>41</sup> Sama

<sup>42</sup> Sjálfsværa: *kvk heimsp.* Sjálfíð eins og það skynjar sjálf sig og verður fyrir reynslu. *Íslensk orðabók M-Ö.* (Reykjavík, Edda. 2002) Bls. 1291.

<sup>43</sup> Enska orðið *subject* í þröngri, neikvæðri og bælandi merkingu.

<sup>44</sup> Terry Eagleton: *Ideology. An Introduction.* (London og New York, Verso. 2007) Bls. 18.

samfélags, þar sem hún feli í sér ákall (e. *interpellate*)<sup>45</sup> til einstaklinga sem tilbúnar sjálfsverur með ákveðna stöðu/r innan samfélagsins.<sup>46</sup> Hann heldur því fram að sjálfsverur, þ.e. einstaklingar með ákveðna hugmynd um sjálfa sig í hinu samfélagslega samhengi, mótist með ákalli eða ávarpi frá ríkjandi hugmyndafræði samfélagsins sem ber kennsl á (e. *identify*) einstaklingana og aðgreini þá hver frá öðrum og raungeri þá þ.a.l. sem sjálfstæðar sjálfsverur (e. *individual subject*).<sup>47</sup> Þannig innlimar hugmyndafræðin einstaklinga sjálfkrafa í „kerfið“ sem hún sprettur úr og stuðlar að viðhaldi og endurnýjun þess með því að „innræta“ þau með eigin gildum. Kenningin var sett fram til þess að styðja við hugmyndir Althusers um að ríkisvald hafi þann eiginleika að geta viðhaldið eigin valdi með því að endurnýja viðföng sem líta á stöðu sína innan samfélagsgerðarinnar sem náttúrulega og eðlilega.<sup>48</sup>

Kenning Antonios Gramsci (1891-1937) um forræði (e. *hegemony*) myndar mikilvægan hlekk í valdakeðju samfélagsins þar sem hún tekur meira á togstreitu um vald en kenning Althusers um hugmyndafræði gerir. Forræði og hugmyndafræði eru nátengd, og notar Gramsci hugtakið yfir þær leiðir sem ríkjandi öfl samfélagsins beita til að laða fram samþykki á eigin yferráðum frá þegnum.

Meginhugmynd hans um menningarlegt forræði [...] felur í sér að ráðandi þjóðfélagshópur nái tökum á samfélaginu í gegnum þær félags- og menningarlegu stofnanir sem hann skapar og festi þannig sín *eigin gildi* í sessi sem *almenn gildi* pólitískrar og siðferðilegrar hegðunar; þess vegna byggist forræði, eins og Jóhann Páll Árnason segir í *Þáttum af sögu sósíalísmans*, „á hæfileika ráðandi stéttar til að gegnsýra allt þjóðfélagið, bæði í hugsun og athöfnum, með venjum sínum og viðhorfum.“ Slik félagsleg og hugmyndafræðileg eining leiðir til „sögulegrar samsteypu“ [...] þar sem hagsmunir allra hópa þjóðfélagsins fara saman í nafni „almennrar skynsemi“ og er afleiðing af sáttinni um heimsmynd ráðandi stéttar.<sup>49</sup>

<sup>45</sup> Eagleton notar enska orðið *hail frekar en interpellate* (sjá bls. 142 í sömu heimild) sem er m.a. þýtt sem *heilsa* eða *kalla til*, og í *Íslenskri orðabók A-L* er merking orðsins *ákall* m.a. skilgreind sem *hróp* eða *kall*. Ég hef ákveðið að nota orðið *ákalla* í þýðingu á enska orðinu *interpellate* þar sem hún vísar í þessa virkni „að kalla til“ einhvers. *Íslensk orðabók A-L*. (Reykjavík, Edda. 2002) Bls. 66; *Ensk-íslensk orðabók, með alfæðilegu ívafi*. (Reykjavík, Örn og Örlygur. 1984) Bls. 448.

<sup>46</sup> Louis Althusser: „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins (rannsóknarpunktur)“. *Af marxisma*. Bls. 175- 228. Ritstj. Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson. Þýð. Egill Arnarson. (Reykjavík, Nýhil. 2009)

<sup>47</sup> Terry Eagleton: Sama heimild. Bls. 142-143.

<sup>48</sup> William Lewis: „Louis Althusser“. *Stanford Encyclopedia of Philosophy*. Sótt 6. des. 2010 af <http://plato.stanford.edu/entries/althusser/>

<sup>49</sup> Steinar Örn Atlason: „Antonio Gramsci. Menntamenn“. *Ritið* 2-3. Bls.141-153. Ritstj. Björn Þorsteinsson og Ásdís R Magnúsdóttir. (Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. 2009) Bls. 143

Forræði er víðtækara hugtak en hugmyndafræði og getur falið í sér hugmyndafræði en er ekki einskorðað við hana. Þannig geta ríkjandi öfl staðfest vald sitt bæði með hugmyndafræði og eins með því að beita forræði, þ.e. að fá fólk til að samþykkja *sjálfviljugt* yfirráð þeirra, en ekki aðeins ómeðvitað eða sjálfkrafa.<sup>50</sup> Gramsci vildi þó eingöngu finna forræði stað innan samfélagsins (e. *civil society*) frekar en innan ríkisins, en skipulag vestræns þingræðis, eins og félags- og sagnfræðingurinn Perry Anderson (f. 1938) bendir á, er fyrirtaks dæmi um hugmyndafræðilegt stjórnæki sem fær fólk til að trúa því að þau stjórni sér sjálf, og sýnir því fram á að ríkið er sjálft lykil-forræðistæki.<sup>51</sup> Ólíkt kenningu Althusers um hugmyndafræði þá felur kenning Gramscis um forræði í sér möguleikann á andspyrnu gegn ráðandi öflum, eða það sem hann kallaði gagnforræði (e. *counterhegemony*). Vegna þess að valdastrúktúr innan samfélags felur alltaf í sér togstreitu milli ráðandi aflu og hinna undirokuðu þá þurfi stöðugt að vera að endurnýja og viðhalda forræðinu. Það skapar dýnamískt og gagnvirkt samband milli aðilanna, sem býður upp á átök, mótstöðu og inngrip. Og þar sem valdið er staðfest með sjálfviljugu samþykki en ekki aðeins með ómeðvitaðri innlimun í hugmyndafræði ráðandi aflu, þá kemur einnig fram möguleiki á að hafna þessu valdi.<sup>52</sup>

Í greininni „The ideological interpellation of individuals as combatants: An encounter between Reinhart Koselleck and Michel Foucault“ tekst Jason Edwards á við kenningu Althusers um ákallið út frá skrifum Reinharts Kosellecs og Michel Foucaults.<sup>53</sup> Edwards lítur svo á að hugmyndafræði feli í sér ákall til einstaklinga sem keppinauta, en ekki eingöngu sem innlimuð viðföng í ríkjandi samfélagsfyrirkomulag. Sem keppinautar geti sjálfsverur skapað sér „óvini“ sem þeir síðan takast á við. Það sé því ekki eingöngu hugmyndafræði sem móti einstaklinga sem sjálfsverur heldur koma þar fleiri þættir við sögu, svo sem reynsla, hugmyndir um framtíðina og tækni, svo fátt eitt sé nefnt. Hann segir þessa birtingarmynd vera skýra sé litið til hins pólitíska sviðs nútímans þar sem útbreiðsla lýðræðisvæðingarinnar kalli eftir þátttöku einstaklinga og átökum.

Á Íslandi hefur byggst upp lýðræðislegt flokkakerfi þar sem stjórn málaflokkar takast á um völdin út frá mismunandi (þó oft keimlíkum) áherslum. Eins og Jón Gnarr

<sup>50</sup> Terry Eagleton: Sama heimild. Bls. 112.

<sup>51</sup> Sama heimild: Bls. 113.

<sup>52</sup> Sama heimild: Bls. 115.

<sup>53</sup> Jason Edwards: „The ideological interpellation of individuals as combatants: An encounter between Reinhart Koselleck and Michel Foucault“. *Journal of Political Ideologies*, 12, (1). Bls. 49-66. (London, Routledge. 2007)

bendir á þá hefur fjórflokkakerfið svokallaða staðið meira og minna óhaggað síðustu áratugin, þar sem íhaldssamir, bændaflokkur (Framsókn), jafnaðarmenn og sósíaldemókratar hafa bitist um stjórntaumana, enda þótt nöfn flokkanna hafi kannski breyst í tímans rás.<sup>54</sup> Aðrir minni flokkar hafa þó komið fram á sjónarsviðið og blandað sér í baráttuna. Besti flokkurinn, sem tók þátt í borgarstjórnarkosningum Reykjavíkur vorið 2010, er dæmi um flokk sem kom höggi á fjórflokkakerfið og hristi rækilega upp í hinu rótgróna pólitíska umhverfi, líkt og t.d. Kvennalistinn gerði á sínum tíma. Í ljósi kenninga Althusers um hugmyndafræðilega ákallið og hugmyndar Edwards um hvernig það mótar keppinauta, ásamt hugmynd Gramsci um mögulegt andóf gegn forræði ríkjandi afla með gagnforræði, er vert að skoða kosningabaráttu Besta flokksins í aðdraganda kosninganna, greina hvernig hann skapaði sér rými til að setja sig í andstöðu við hugmyndafræði ríkjandi kerfis og skoða hvernig þeirra eigin hugmyndafræði fól í sér ákall til kjósenda í kosningabaráttunni.

## **Hugmyndafræðikenning Althusers**

Í fyrrnefndri grein fer Althusser ofan í saumana á því hvernig ríkjandi valdkerfi samfélagsins fer að því að viðhalda samfélagsgerðinni og endurnýja hana eftir eigin áherslum. Hann talar um nauðsyn þess fyrir þjóðfélagsgerð að endurframleiða framleiðsluskilyrði sín (í marxískum skilningi), bæði framleiðslutækin (þ.e. aðstæður til framleiðslu eins og vélar, hráefni, vinnuástöðu o.s.frv.) og framleiðsluöflin (þ.e. vinnuafl; einstaklinga samfélagsins). Framleiðslutækin segir hann vera endurframleidd efnislega með nauðsynlegu viðhaldi, uppfæringum, lagfæringum og endurnýjunum, en framleiðsluöflin eru endurframleidd bæði efnislega, með launum, og hugmyndalega með því að endurframleiða hæfni vinnuafnsins og „undirgefni þess við reglur þjóðfélagskipanarinnar“.<sup>55</sup> Þar að auki þarf að endurframleiða framleiðslutengslin, en samkvæmt Althusser er það gert í gegnum hugmyndafræði ráðandi afla þjóðfélagsins með ákalli er innlimar einstaklinga sem sjálfsverur í fyrirfram mótaða stöðu/r innan samfélagsins.

Althusser byggir á marxísku myndlíkingunni þar sem þjóðfélagi er líkt við byggingu. Grunnur byggingarinnar, eða undirbyggingin, samanstendur af efnislegum

<sup>54</sup> Haukur S. Magnússon: Sama heimild. Bls. 14-15.

<sup>55</sup> Louis Althusser: Sama heimild. Bls. 179

framleiðsluþáttum samfélagsins og yfirbyggingin, sem skiptist í tvö þrep, samanstendur annars vegar af laga- og stjórnámálalegum þáttum, svo sem ríkisvaldinu, og hins vegar af hugmyndafræðilegum þáttum, svo sem trúarlegum hugmyndakerfum, siðferðislegum hugmyndakerfum, menningarlegum hugmyndakerfum, o.s.frv.. Þessi myndlíking er til þess fallin að sýna fram á grundvallandi stöðu efnahagsafla í samfélaginu; virkni framleiðslu- og efnahagsþáttanna ákvarðar virkni hugmyndalegs þáttanna í yfirbyggingunni. Althusser bendir þó á að yfirbyggingin geti falið í sér ákveðið ákvörðunargildi þar sem hún sé ýmist „„tíðlulega sjálfstæð““ gagnvart grunninum eða [] hún h[afi] „gagnvirk áhrif“ á grunninn“.<sup>56</sup> Þessi marxíska myndlíking er aftur á móti frekar óljós hvað þetta varðar og skýrir ekki í hverju ákvörðunarvirkni yfirbyggingarinnar liggur. Althusser leitast því við að greina þessa stöðu yfirbyggingarinnar gagnvart grunninum nánar með því að skoða hvað það er „sem einkennir kjarna [hennar] og eðli“ út frá sjónarhóli endurframleiðslunnar.<sup>57</sup>

Althusser setur fram kenningu um tvískipt stjórnæki sem ríkisvaldið, þ.e. sú stétt eða bandalag stétta sem stjórnar ríkinu, hefur yfir að ráða til að stjórna þegnum. Þessi stjórnæki eru annars vegar hið kúgandi stjórnæki ríkisins og hins vegar hugmyndafræðileg stjórnæki ríkisins. Hann leggur áherslu á að gera greinarmun á ríkisvaldi annars vegar og stjórnækjum ríkisins hins vegar, sem hann segir geta haldið áfram að vera til þrátt fyrir umskipti (byltingar) á handhöfum ríkisvaldsins. Hið kúgandi stjórnæki ríkisins samanstendur af opinberum stofnunum sem hafa það verkefni að stjórna og viðhalda ríkinu sjálfu, eins og t.d. lögregla, dómsvaldið, herinn, ríkisstjórnin o.s.frv.; stofnanir er búa yfir möguleikanum á að beita kúgun eða ofbeldi sé þess krafist. Hugmyndafræðileg stjórnæki ríkisins eru aftur á móti aðgreindar, óopinberar eða sérhæfðar stofnanir sem liggja flestar á sviði einkareksturs og viðhalda hugmyndum manna um tengsl sín við raunveruleikann, þ.e.a.s. um stöðu sína í heiminum. Þau eru t.d. trúarlega kerfið, skólakerfið, fjölskyldan, réttarfarslega kerfið, stjórnámálalega kerfið, fjölmiðlakerfið, menningarlega kerfið, stéttarfélögin o.s.frv.. Hann bendir á að bæði kúgun og hugmyndafræði geta verið til staðar í flestum þessum stjórnækjum. Grundvallarmunurinn er þó sá að kúgunartækin ganga *að mestu* fyrir ofbeldi en hugmyndafræðileg stjórnæki ríkisins ganga *að mestu* fyrir hugmyndafræði.

---

<sup>56</sup> Sama. Bls. 182

<sup>57</sup> Sama.

[Hið kúgandi ríkisstjórnartæki gengur] með mjög ríkjandi hætti fyrir kúgun (þ.m.t. líkamlegri kúgun) en [...] með víkjandi hætti fyrir hugmyndafræði. (Hreint kúgunartæki er ekki til.) Þannig ganga herinn og lögreglan einnig fyrir hugmyndafræði, bæði til þess að tryggja eigin samheldni og endurframleiðslu en einnig með „gildunum“ sem þau sýna út á við.

Á sama hátt [...] [ganga] hugmyndafræðileg ríkisstjórnartæki með afar ríkjandi hætti fyrir hugmyndafræði enda þótt þau gangi líka með víkjandi hætti fyrir kúgun, þótt ekki væri nema í jaðartilvikum og aðeins í jaðartilvikum, með mjög mildum, dulbúnum eða táknrænum hætti. (Hreint hugmyndafræðilegt stjórnartæki er ekki til.) Þannig „aga“ skólinn og kirkjan, með viðeigandi aðferðum við refsingar, útilokun og úrval o.fl., ekki aðeins presta sína, heldur einnig sóknarbörn. Eins með fjölskylduna.<sup>58</sup>

Althusser leggur því áherslu á að það er virkni hugmyndafræðilegu stjórnartækjanna sem sameinar þau þrátt fyrir margbreytileika þeirra og sundurleitni, þ.e.a.s. að „svo fremi sem hugmyndafræðin sem þau ganga fyrir er ávallt í raun sameinuð, þrátt fyrir fjölbreytni hennar og mótsagnir, undir hinni ríkjandi hugmyndafræði sem tilheyrir „hinni drottandi stétt““, þá virka þau í þágu þessarar ráðandi stéttar (handhafa ríkisvaldsins) og hagsmuna hennar.<sup>59</sup> Hann bendir jafnframt á mikilvægi hugmyndafræðilegu stjórnartækja ríkisins og telur að „engin stétt [geti] haldið varanlegum völdum án þess að beita á sama tíma yferráðum sínum yfir og í gegnum hugmyndafræðilegu ríkisstjórnartækin“.<sup>60</sup> Hugmyndafræðileg stjórnartæki ríkisins falla þó ekki eins auðveldlega undir yferráð valdhafanna eins og kúgandi stjórnartækin er tilheyra ríkisvaldinu sem opinberar stofnanir, og eru þau því oft hvort tveggja í senn, bitbein baráttuafla og vettvangur valdabaráttunnar, þar sem „þær stéttir sem áður drottnuðu geta lengi haldið þar sterkri stöðu, [...] [ásamt því sem] hinar arðrænda stéttir geta fundið þar tækifæri og aðferðir til þess að spyrna við fótum“.<sup>61</sup> Ríkjandi valdhafar geta því átt í togstreitu við hugmyndafræðileg stjórnartæki ríkisins þrátt fyrir að stjórna kúgunarstjórnartækinu, en Althusser heldur því fram að valdhafarnir hljóti ekki full forráð yfir endurframleiðslu framleiðslutengslanna fyrr en hin ráðandi öfl hafa náð yferráðum yfir hugmyndafræðilegu stjórnartækjunum og yfirtekið hugmyndafræðina er fylgir þeim. „Í gegnum ríkjandi hugmyndafræði næst „samhljómurinn“ (sem er raunar stundum ómstríður) milli kúgunartækis ríkisins og hinna hugmyndafræðilegu ríkisstjórnartækja,

---

<sup>58</sup> Sama. Bls. 190-191

<sup>59</sup> Sama. Bls. 191

<sup>60</sup> Sama.

<sup>61</sup> Sama. Bls. 192

sem og milli hinna ólíku hugmyndafræðilegu stjórnækja ríkisins<sup>62</sup>. Það er því samhæfing kúgandi stjórnækis ríkisins og hinna ólíku hugmyndafræðilegu stjórnækja á grundvelli þeirrar hugmyndafræði sem ríkjandi valdhafar aðhyllast sem gerir þeim kleift að viðhalda og endurnýja vald sitt.

Althusser leggur áherslu á að „*almennt eigi hugmyndafræðin sér enga sögu*“ vegna þess að virkni hennar sé almenn, algild og óbreytanleg; „*hugmyndafræðin er eilíf, rétt eins og dulvitundin*“.<sup>63</sup> Hann skilgreinir því hugmyndafræði sem „*mynd af ímynduðum tengslum einstaklinga við raunveruleg tilvistarskilyrði þeirra*“, og setur fram tvær kenningar máli sínu til stuðnings.<sup>64</sup> Í fyrsta lagi segir hann hugmyndafræðina „*sýn[a] ímynduð tengsl einstaklinga við raunveruleg tilvistarskilyrði þeirra*“, og í öðru lagi talar hann um að „*[h]ugmyndafræðin [eigi] sér efnislega tilveru*“.<sup>65</sup> Fyrsta kenningin sýnir fram á það hvernig einstaklingar ímynda sér ákveðin tengsl sem þeir eiga við raunverulegu framleiðslutengslin sem þeir lifa við í gegnum hugmyndafræðina, þ.e. í gegnum ákveðna, tilbúna heimssýn. Önnur kenningin vísar til þess að hugmyndir raungerast í gegnum stjórnækki og virkni þess og eiga þ.a.l. efnislega tilvist. Þetta felur í sér að einstaklingur, sem sjálfsvera með meðvitaðar hugmyndir, hegðar sér af fúsum og frjálsum vilja í samræmi við þær ákveðnu hugmyndir sem hugmyndafræðilegt ríkisstjórnækki segir til um vegna þess að hann ímyndar sér tengsl við það stjórnækki. Hugmyndafræðin birtist því í gegnum athafnir einstaklinga.

*[H]ugmyndir [sjálfsveru] felast í efnislegum athöfnum sem felldar eru inn í efnislegar iðjur sem ákvarðast af efnislegum helgisíðum; þá síðastnefndu afmarkar hið efnislega hugmyndafræðilega stjórnækki sem býr að baki hugmyndum þessarar sjálfsveru.<sup>66</sup>*

Sjálfsveran er hér mikilvægasti hlekkurinn, og segir Althusser hana aðeins vera virkan geranda að því leyti sem hún er hlekkur í virkni-keðju hugmyndafræðinnar. Í því ljósi setur hann fram tvær samofnar kenningar: 1) „– engin iðja er til nema í gegnum og undir einhverri hugmyndafræði“, og 2) „– engin hugmyndafræði er til nema í gegnum

---

<sup>62</sup> Sama. Bls. 195

<sup>63</sup> Sama. Bls. 204 og 205

<sup>64</sup> Sama. Bls. 206

<sup>65</sup> Sama. Bls. 206 og 209

<sup>66</sup> Sama. Bls. 213

sjálfsveruna og fyrir sjálfsverur“.<sup>67</sup> Þessar kenningar leiða yfir í meginkenningu greinarinnar: „*Hugmyndafræðin ávarpar*<sup>68</sup> *einstaklinga sem sjálfsverur*“.<sup>69</sup>

Althusser ítrekar mikilvægi sjálfsveruhugtaksins fyrir hugmyndafræðina og talar í því samhengi um virkni gagnkvæmrar grundvöllunar, þar sem sjálfsveruhugtakið skiptir aðeins máli fyrir hugmyndafræðina snúi virkni hugmyndafræðinnar að „því að „*gera*“ raunverulega einstaklinga að sjálfsverum“.<sup>70</sup> Hann heldur því fram að hugmyndafræðin feli í sér ákall einstaklinga sem sjálfsverur og innlimi þá þar með í samfélagskerfið. Það að einstaklingur samþykki ákallið kallar hann hugmyndafræðileg kennsl og bendir á að í raun eru einstaklingar „*ávallt þegar* sjálfsverur og ástund[a] sem slíkar án afláts helgisiði hugmyndafræðilegra kennsla sem sannfæra [þá] um að [þeir] séu örugglega raunverulegar sjálfsverur sem eru til sem einstaklingar og verður ekki ruglað saman og (auðvitað) ekki skipt út fyrir aðrar“.<sup>71</sup> Með ákalli gerir hugmyndafræðin því að verkum að einstaklingar þekkja sjálfa sig sem sjálfsverur með ákveðna stöðu. Þetta ferli virðist eðlilegt og sjálfsagt; einstaklingurinn samþykkir ákallið á sjálfvirkan hátt og gengst því frjálts við fyrirframgefinni stöðu sinni og hegðar sér í samræmi við hana. Hann bendir á að hugmyndafræðin og ákall sjálfsverunnar lúta ekki orsakasamhengi, þar sem hugmyndafræðin og sjálfsveran eru samtvinnuð í gagnvirkt samband. Þar sem hugmyndafræðin er eilíf og hefur því „ávallt-þegar ávarpað einstaklingana sem sjálfsverur“, þá eru einstaklingarnir „ávallt-þegar sjálfsverur“, þ.e.a.s. að hugmyndafræðilega staðan sem felur í sér ákall til einstaklingsins sem sjálfsveru er ávallt-þegar til staðar.<sup>72</sup> Til að útskýra hvernig sjálfsverur „vita“ til hvaða hegðunar er ætlast af þeim með ákveðinni ákallaðri stöðu hugmyndafræðinnar kynnir Althusser til sögunnar hina altæku Sjálfsveru, með stóru s-i. Hann segir „[alla] hugmyndafræði sem ávarp[i] einstaklinga sem sjálfsverur í nafni Einstakrar og Altækrar Sjálfsveru [hafa] formgerð speglunar, þ.e.a.s. hún virkar sem spegill sem speglar með tvöföldum hætti: þessi tvöfalda speglun leggur grunninn að hugmyndafræðinni og virkni hennar“.<sup>73</sup> Þannig er hin altæka Sjálfsvera staðsett í miðju hverrar hugmyndafræði og ákallar þaðan einstaklingana sem sjálfsverur. Þeir geta síðan speglað sig í Sjálfsverunni, sem birtist sem eins konar viðmið sem sjálfsverurnar hegða sér í

---

<sup>67</sup> Sama. Bls. 214

<sup>68</sup> Í þýðingunni er enska orðið *interpellate* þýtt sem ávarpar, sem ég þýði sem ákallar.

<sup>69</sup> Sama. Bls. 214

<sup>70</sup> Sama. Bls. 215

<sup>71</sup> Sama. Bls. 216

<sup>72</sup> Sama. Bls. 219 og 220

<sup>73</sup> Sama. Bls. 223-224



samræmi við, eða yfirvald sem sjálfsverurnar lúta. Speglnin er tvöföld vegna þess að með spegluninni eru sjálfsverurnar staðfestar og viðurkenndar sem sjálfsverur um leið og þær lúta ákalli Sjálfsverunnar (þ.e. viðmiðununum). Althusser ítrekar að „yfirgnæfandi meirihluti (betri) þegna [gangi] vandræðalaust „einn og óstuddur“, þ.e. [gangi] fyrir hugmyndafræðinni (en raunverulegar birtingarmyndir hennar [séu] hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins)“.<sup>74</sup>

[E]instaklingurinn er ávarpaður sem (frjáls) sjálfsvera til þess að hann hlýði fyrirmælum Sjálfsverunnar, þ.e. til þess að hann fallist (á frjálsan hátt) á að gefa sig öðrum á vald, m.ö.o. til þess að hann vinni „einn og óstuddur“ þau verk og temji sér það látbragð sem undirokun hans krefst. *Engar sjálfsverur eru til nema í gegnum og undir eigin undirokun.* Þess vegna ganga þær „einar og óstuddar“.<sup>75</sup>

Það er því hugmyndafræðin sem stýrir því í gegnum hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins hvernig þegnar ríkisins eiga að hegða sér sem sjálfsverur, og þegnarnir gangast sjálfkrafa við þeirri stýringu vegna þess að hún segir fyrir um hvernig „rétt“ sé að hegða sér. Ráðandi valdhafar leggja því áherslu á að innlima eigin hugmyndafræði í hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins til þess að tryggja það að hegðun einstaklinga sé í samræmi við þeirra viðmið. Þannig stuðla þeir að endurframleiðslu á framleiðslutengslunum og tryggja hana í „vitundinni“ og viðhalda þar með og endurnýja eigið vald.<sup>76</sup>

Kosningabarátta Besta flokksins litaðist af stöðu hans sem andstæð ríkjandi valdhöfum og áherslum hans á breytingar, en ekki viðhald. En hvernig fékk Besti flokkurinn og meðlimir hans rými til þess að beita sér gegn hugmyndafræði ríkjandi afla? Hvernig gátu þeir sem sjálfsverur „hafnað“ því ákalli sem felst í ráðandi hugmyndafræði ríkjandi afla og tekið sér stöðu andspænis því? Og enn fremur, - í ljósi þess að Besti Flokkurinn sigraði kosningarnar og myndaði meirihluta í borgarstjórn ásamt Samfylkingunni -, hvernig fól hugmyndafræði Besta flokksins í sér ákall til einstaklinga í samfélaginu í kosningabaráttunni? Og er raunverulegur möguleiki fyrir Besta flokkinn á að fá þá til að hafna ríkjandi hugmyndafræði og samþykkja sína eigin, þ.e. að fylgja eigin ákalli?

---

<sup>74</sup> Sama.

<sup>75</sup> Sama. Bls. 225

<sup>76</sup> Sama.

## Ákall keppinauta

Útfærsla Althussers á ákvörðunarvaldi hugmyndafræðinnar yfir einstaklingum virðist ekki veita þeim mikið svigrúm til íhlutunar. Pólítísk togstreita gefur þó til kynna að andstæðar hugmyndir við þær sem hugmyndafræði ríkjandi valdhafa heldur á lofti geti verið til staðar í samfélaginu, og kemur slík togstreita hugmynda t.d. fram í kosningabaráttum. Í greininni „The ideological interpellation of individuals as combatants: An encounter between Reinhart Koselleck and Michel Foucault“ skoðar Jason Edwards hvernig rými fyrir íhlutun einstaklinga í mótun félagslegra og pólítískra sjálfsvera geti myndast fyrir tilstilli ýmissa samvinnandi og mótverkandi þátta, svo sem reynslu, tækni og ólíkra hugmynda og framtíðarsýnar, án þess þó að hafna mikilvægum áhrifum hugmyndafræðinnar í þessari mótun sjálfsvera.<sup>77</sup> Hann leitar svara í samlestri á skrifum Reinharts Kosellecks (1923-2006) og Michels Foucaults (1926-1984) sem hann segir sýna fram á hvernig hugmyndafræðin felur í sér ákall til einstaklinga sem *keppinauta*, þ.e.a.s. að hugmyndafræðin gerir félagslegum og pólítískum „leikendum“ í nútímanum kleift að etja kappi.<sup>78</sup> Þar með sé komið rými fyrir andóf gegn hugmyndafræði ríkjandi afla sem gefur einstaklingum færi á að staðsetja sig andspænis henni og vinna á móti henni. Edwards heldur því fram að hugmyndafræðileg togstreita sé sérstaklega áberandi á pólítíska sviðinu í nútímanum í ljósi útbreiðslu og lýðræðisvæðingar félagslegrar og pólítískrar baráttu, sem hann segir vera eitt helsta einkenni nútímans.<sup>79</sup> Með því að lesa saman skrif Kosellecks og Foucaults segist Edwards greina „hvernig virkni mismunandi hugmynda, tækni og hugmyndafræði geri einstaklingum kleift að skilja félagslegt og pólítískt umhverfi sitt, sinn stað í því, og þá framtíð sem „við“ ættum að sækjast eftir“.<sup>80</sup> Skrif þeirra útiloki einhliða ákvörðunarmátt hugmyndafræði ríkjandi afla við mótun sjálfsvera en gefi til kynna að í nútímanum „búi einstaklingar yfir málvísindalegum og félagslegum úrræðum sem geri þeim kleift að takast á“.<sup>81</sup>

---

<sup>77</sup> Jason Edwards: Sama heimild.

<sup>78</sup> Sama. Bls. 49

<sup>79</sup> Sama. Bls. 50

<sup>80</sup> Sama. Bls. 63 (eigin þýðing)

<sup>81</sup> Sama.

If we think of this process in Althusserian terms, individuals in modernity are interpellated by ideology not so much as subjects (though employing a rather narrow understanding of the 'subject' as the subject of subjection, in a way that tends to overemphasize the negative and repressive character of ideology), but as combatants. Ideologies in the modern world call to individuals to take up arms in a struggle against a definite enemy: whether that be the corrupt order of absolutism or authoritarianism, the capitalist class, ethnic or racial outsiders, global terrorists, and so on. It requires of them the defence of a set of values and a vision of a future, however, not by force of arms alone but by the employment of reason, argument and evidence.<sup>82</sup>

Með þessari nálgun er hægt að varpa ljósi á tilvist andstæðra, hugmyndafræðilegra afla í pólitísku samhengi og þ.a.l. skýra möguleikann á pólitískum umbreytingum. Þessi staða, eða höfnun á hugmyndafræðinni, er samkvæmt hugmyndum Edwards samþykkt í samfélagi nútímans vegna þess að hin lýðræðislega þróun pólitíska sviðsins gerir ráð fyrir þátttöku og átökum, þ.e. pólitískt umhverfi nútímans einkennist af því sem kalla mátti *átakapólitík*. Althusser vildi aftur á móti meina að „samkvæmt hinni hugmyndafræðilegu mynd af hugmyndafræðinni“ sé sjálfsvera sem hegði sér í ósamræmi við ákallaða stöðu sína „í stuttu máli „ósamkvæm sjálfri sér“ [...] kaldlynd eða siðlaus“, vegna þess að hún sé í raun ekki að hegða sér samkvæmt „eigin hugmyndum“ (sem séu ávallt þær sem ákall hugmyndafræðinnar felur í sér).<sup>83</sup> Endurskoðun Edwards dregur þannig úr eindregnu ákvörðunarvaldi hugmyndafræðinnar yfir mótun sjálfsverunnar sem Althusser greindi í henni, og gefur rými fyrir íhlutun einstaklinga í þeirri mótun. Hann útilokar ekki að hugmyndafræði eigi þátt í að móta sjálfsverur, heldur gerir ráð fyrir öðrum þáttum sem hafa einnig áhrif á þessa mótun, sem skapi sjálfsverur sem hafi möguleika á að etja kappi; „[hugmyndafræðin] sér einstaklingum fyrir hugmyndalegum, málvísindalegum og hagnýtum úrræðum til að etja þáttum félagslegs og pólitísku lífs saman við aðra sem eru skilgreindir sem óvinir“.<sup>84</sup>

The 'enemy' is not a natural or obvious category, nor one that is simply 'given' by ideology, but must be constructed with the tools that ideology

---

<sup>82</sup> Sama.

<sup>83</sup> Louis Althusser: Sama heimild. Bls. 211 og 212

<sup>84</sup> Jason Edwards: Sama heimild. Bls. 50

provides to individuals and which render them capable of being social and political actors.<sup>85</sup>

Það að hugmyndafræðin feli í sér ákall um að sjálfsverur taki stöðu keppinauta hefur þannig í för með sér að einstaklingarnir staðsetji sig sjálfir á þessu félagslega og pólitíska sviði og móti sína eigin „óvini“. Besti flokkurinn staðsetti sig sem sagt gegn hugmyndafræði ríkjandi aflu og tókst á við þau sem óvini sína. Samkvæmt þessum skilningi hefur pólitísk sjálfsmynd (e. identity) meðlima flokksins ekki aðeins móttast af áhrifum og ákalli hugmyndafræðinnar frá hugmyndafræðilegum ríkisstjórnartækjum ríkjandi valdhafa síðustu áratuga, heldur einnig af reynslu þeirra, upplifunum, hugmyndum, tækni, nálgunum og framtíðarsýn þeirra, sem litaði viðtökur þeirra við ákallinu og gerði þeim fært að hafa áhrif á stöðu sína. Þar sem kjarni hugmyndafræði ríkjandi stjórnmalafyrirkomulags einkennist af átakapólitík felur hún bæði í sér ákall til *fylgjenda* ríkjandi aflu og *andstæðinga* þeirra. Þannig hefur Besti flokkurinn skilgreint sig sem andstæðing núverandi skipulags; speglað sig sem „keppinaut“ Sjálfsverunnar í hugmyndafræði ríkjandi valdhafa.. Þ.a.l. er ákölлуð staða Besta flokksins sem andstæðingur fjórflokkakerfisins innifalin í þeirri sömu hugmyndafræði ríkjandi kerfis sem flokkurinn staðsetur sig gegn; þeir eru ákallaðir sem *keppinautar* ríkjandi kerfis og gangast sjálfkrafa við því hlutverki.

Besti flokkurinn notaði grín og íróníu til að koma boðskap sínum og gagnrýni á framfæri og höfða til kjósenda. Ákallið, sem fór fram í gegnum kosningabaráttu þeirra, fólst ekki síst í því að reyna að vekja upp samsemd með hinum almenna borgara. Í tónlistarmyndbandinu ávarpar Jón Gnarr áhorfendur með orðunum: „Kæru samborgarar“, og ýtir undir samvitundina með því að nota orðið *við*, en ekki *þið*, í spurningu sinni um hvað við viljum. Jafnframt tala þeir um stjórnmalamennina og mótframbjóðendur sína sem *hina*; *þá* skorti t.d. „skapandi hugsun og frumkvæði“.<sup>86</sup> Meðlimir Besta flokksins lögðu þannig áherslu á að þeir væru hluti af kjósendum en ekki andstæðingar, og staðsettu sig um leið andspænis mótframbjóðendum sínum og skilgreindu þá þar með sem „óvini“ sína. Framsetning Besta flokksins á ákallinu, þ.e. í gegnum grín og léttleika, háð og íróníska gagnrýni á virkni stjórnmála, var einnig til þess fallin að höfða til kjósenda; grínið felur í sér hugmyndafræði flokksins og með því

---

<sup>85</sup> Sama .

<sup>86</sup> Jón Gnarr: „Kæri Reykvíkingur“.

að „framreiða“ hana á þennan hátt felur hún í sér ákall til einstaklinga sem samsama sig með henni og þekkja sig í henni, þ.e.a.s. hún kallar fram í þeim hin hugmyndafræðilegu kennsl og þeir gangast því sjálfvirkt við henni. Þannig spegla kjósendurnir Sjálfsveruna sem birtist í miðju hugmyndafræði Besta flokksins og ákallar þá þaðan, og þar sem þeir samþykkja hana sem viðmið, þá hegða þeir sér í samræmi við ákallið og þeir kjósa flokkinn. Ljóst er af úrslitum kosninganna að ákall Besta flokksins hitti í mark hjá stórum hópi kjósenda, þar sem þeir enduðu með meirihluta borgarfulltrúa og Jón Gnarr varð borgarstjóri Reykjavíkur.

## Gramsci og gagnforræði

Kenning Gramsci um forræði gerir ráð fyrir átökum þar sem mótstaða getur myndast við ríkjandi hugmyndafræði. Í ljósi framsetningar Besta flokksins og áherslu á eigin stöðu sem andstaða hinum „hefðbundnu“ flokkunum, má segja að flokkurinn birtist á afgerandi hátt sem gagnforræðisafli. Andstaða flokksins við hið hefðbundna kerfi kemur skýrt fram í framsetningu og birtingarmynd hans í kosningabaráttunni þar sem „hefðbundnar“ aðferðir pólitíkur voru skopstældar og ýktar. Þrátt fyrir að telja megi afstöðu flokksins til hefðbundinnar andstöðu innan kerfis átakapólitíkur þá má líta á aðferðirnar sem hann beitti sem óhefðbundnar. Jón Gnarr er t.a.m. afar harðorður í garð pólitíska kerfisins í viðtali við Hauk S. Magnússon í *Reykjavík Grapevine* skömmu fyrir kosningarnar 2010. Þar líkir hann fjórflokkakerfinu við Sikileyska frænddrægni, þar sem „rétt“ fjölskyldutengsl skipta lykilmáli til að koma sér á framfæri, og segir hann það sama gilda hérlendis; þú þurfir að þekkja rétta fólkið til að koma hlutunum í gegn.<sup>87</sup> Besti flokkurinn gagnrýndi því þær viðteknu og stöðluðu hugmyndir sem hið íslenska stjórn málaumhverfi byggir á og hefur viðhaldið með forræði sínu og undirliggjandi hugmyndafræði. Jón undirstrikar þessa andstöðu flokksins við ríkjandi stjórn málaakerfi með því að segja flokkinn vera „hugmynd sem fæddist út frá hugmyndafræði annarra flokka“, sem hafi „óraunverulega og absúrd“ stefnuskrá, þ.e.a.s. að hugmyndin hafi mótast sem *andstað* pólitískri hugmyndafræði ríkjandi stjórn málaaflokka.<sup>88</sup> Eins er Jón Gnarr á móti forræði sem fyrirskipi eða banni ákveðna hegðun, eins og hann segir

<sup>87</sup> Haukur S. Magnússon: Sama heimild.

<sup>88</sup> Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir: Sama heimild. Bls. 32-34.

sjálfur, og telur það ekki vera hlutverk pólitíkur.<sup>89</sup> En eins og í öðrum efnum þá er Besti flokkurinn frekar mótsagnakenndur og óljós þegar kemur að beitingu á hugtakinu *hugmyndafræði*. Jón Gnarr hélt því t.d. fram í viðtali að Besti flokkurinn byggi ekki á neinni hugmyndafræði, og forðaðist ávallt í lengstu lög að tilgreina einhverja ákveðna stefnu sem flokkurinn fylgdi.<sup>90</sup> En hann tók það aftur á móti einnig fram að hann hallaðist persónulega að eins konar anarkó-surrealisma, án þess að vilja gefa flokkinum sjálfum þann stimpil, en sagði jafnframt að hugmyndafræði flokksins væri kannski bara einhvers konar „Gnarrismi“, ásamt því að taka það fram að hún miðaði að því að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar.<sup>91</sup> Hafa ber þó í huga að hugmyndafræði birtist ekki eingöngu í því sem sagt er, heldur einnig í gegnum það sem ósagt er látið; í gegnum athafnir og framkomu, og því felst kannski þessi mótspyrnu-hugmyndafræði Besta flokksins í ekki síst í gríninu og háðinu í framsetningu þeirra á gagnrýninni á stjórn málin. Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði í Háskóla Íslands, telur þó að rekja megi góðar viðtökur almennings við Besta flokknum annars vegar til vantrausts almennings á fjórflokkakerfinu og hins vegar til þess hversu lítinn sess hugmyndafræði skipaði í framsetningu Besta flokksins.<sup>92</sup> Það sé því bæði „hrun“ ríkjandi hugmyndafræði sem fjórflokkakerfið sprettur upp úr og eins aðgreining Besta flokksins frá því kerfi sem ýtti undir vinsældir flokksins.

Samkvæmt Gramsci snýst hugmyndafræði um raunverulegar og hversdagslegar samfélagslegar athafnir sem ná bæði yfir hin ómeðvituðu svið samfélagslegrar reynslu og svið hinna formlegu og óformlegu samfélagslegu stofnana. Eins og menningargagnrýnandinn Raymond Williams (1921-1988) benti á þá kallar forræði á stöðuga endurnýjun, endursköpun, aðlögun og réttlætingu, og getur aldrei náð utan um öll merkingarsvið og viðmiðunarramma hvers samfélags. Þar af leiðandi þurfa ráðandi öfl ávallt að gera ráð fyrir og takast á við birtingu gagnforræðis.<sup>93</sup> Gramsci vildi meina að hugmyndafræði samfélags feli í sér tvær mótsagnakenndar ímyndir um heiminn; annars vegar hina opinberu ímynd sem valdhafarnir „framleiða“ og viðhalda og hins vegar þá ímynd sem dregin er af raunverulegri reynslu hinna kúguðu. Þ.a.l. felst bylting

---

<sup>89</sup> Haukur S. Magnússon: Sama heimild.

<sup>90</sup> „Cool’ or ‘better’? Iceland’s surreal comedian politician”. *Euronews*, 1. jún. 2011. Sótt 3. jún. 2011 af <http://www.euronews.net/2011/06/01/cool-or-better-iceland-s-surreal-comedian-politician/>; Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir: Sama heimild

<sup>91</sup> Haukur S. Magnússon: Sama heimild.

<sup>92</sup> Anna Andersen: „The Gnarr Effect. Established parties beware”. *Reykjavík Grapevine*, 8. okt. 2010.

Bls. 8

<sup>93</sup> Terry Eagleton: Sama heimild. Bls. 115.

gegn valdhöfum ekki síst í því að varpa ljósi á og útfæra hin mögulega skapandi lögmál (e. *principle*) sem liggja í hinum raunsæja skilningi hinna kúguðu, þ.e. að vekja upp þessa ófullkomnu og óljósu þætti úr reynslu þeirra og móta þá í samstæða heimspeki eða heimsmynd (e. *world view*).<sup>94</sup> Þar gegnir hinn náttúrulegi menntamaður (e. *organic intellectual*) lykilhlutverki, samkvæmt Gramsci.

Gramsci hélt því fram að allir menn væru menntamenn því að sérhver maður býr yfir vitsmunalegum eiginleikum, en ekki séu þó allir menn í hlutverki menntamanna í samfélaginu. Hann hefur í raun áhuga á þeim menntamönnum sem starfa beint eða óbeint fyrir ráðandi þjóðfélagshóp við það að skapa samstöðu og samþykki – *forræði* – og beinir jafnframt sjónum að þeim vanda hvernig mynda megi hóp menntamanna hinna undirsettu þjóðfélagshópa sem svo geti staðið gegn og umbreytt ríkjandi þjóðfélagsgerð.<sup>95</sup>

Náttúrulegi menntamaðurinn er ekki eingöngu hugsuður, heldur er hann virkur skipuleggjandi og skapandi afl í samfélaginu sem dregur fram jákvæða pólitíska strauma innan samfélagsins. Virkni náttúrulegra menntamanna felst í því að tengja á milli kenningar og hugmyndafræði; að skapa samskiptalínu á milli pólitískrar greiningar og almennrar reynslu. Hann dregur í efa „almenna skynsemi“ (e. *common sense*), sem er ekkert annað en birtingarmynd aldalangrar fínþússunar hinna ráðandi afla á eigin hugmyndafræði, og stuðlar að mótun nýrrar menningar og nýrrar heimspeki sem eigi rætur í vitund almennings.<sup>96</sup> Hinn náttúrulegi menntamaður er því ekki endilega maður sem hefur gengið hinn hefðbundna menntaveg svokallaða, þar sem hann hefur viðað að sér visku sinni í gegnum stofnanabundið skólakerfi samfélagsins og staðsett sig utan við samfélagslegan raunveruleika, heldur er hann frekar sá sem lifir og hrærist í hringiðu samfélagsins og miðlar reynslu sinni á virkan hátt til samfélagsins. Líta mætti á Jón Gnarr sem náttúrulegan menntamann samkvæmt skilgreiningu Gramsci: Hann er ekki langskólagenginn, er áberandi persóna og þekktur listamaður innan hins íslenska samfélags sem er óhræddur við að segja sína meiningu og deila á samfélagið á sinn hátt í gegnum listsköpun sína. Hann segist sjálfur ávallt velja óhefðbundnar leiðir í lífinu og vera andsnúinn þessari ofuráherslu samfélagsins á flokkun (e. *categorisation*), þar sem

---

<sup>94</sup> Sama. Bls. 118.

<sup>95</sup> Steinar Örn Atlason: Sama heimild. Bls. 143-144.

<sup>96</sup> Sama. Bls. 120.

hlutir séu staðlaðir í eitthvað ákveðið fyrirframgefið form.<sup>97</sup> Sem listamaður hefur Jón Gnarr því gegnt ákveðnu hlutverki innan samfélagsins sem líta má á sem pólitískt, enda ekki mögulegt að aðgreina algjörlega hið fagurfræðilega svið og hið pólitíska, þar sem hið pólitíska felur í sér fagurfræði (sbr. leikræni þátturinn í framkomu stjórnámálanna) rétt eins og list felur iðulega í sér pólitískar hliðar. Stjórn málafræðingurinn Chantal Mouffe (f. 1943) heldur því fram að líta beri á hið almenna rými (e. *public space*) sem átakasvæði þar sem mismunandi forræðisleiðir takast í sífellu á án þess að eiga möguleika á að ná einhvers konar endanlegu samkomulagi. Það sé því stanslaus togstreita milli ráðandi forræðisafla og hinna gagnrýnu gagnforræðisafla, en þar gegnir listin lykilhlutverki. List getur nefnilega bæði verið hluti af því að mynda og viðhalda ráðandi hugmyndafræði og forræði ráðandi afla og eins gegnt stöðu áskorandans.<sup>98</sup> Mouffe leggur áherslu á að greina þau mögulegu form sem listræn virkni getur tekið á sig til að draga í efa og gagnrýna ríkjandi forræði, og talar um nýjar leiðir listræns, pólitísku aktivisma, sem hafi það að markmiði að ögra ráðandi viðhorfum.<sup>99</sup> Þess háttar listrænn aktivismi birtist sem gagnforræðisleg íhlutun sem truflar hina hefðbundnu samfélagslegu mynd sem ríkjandi forræðisöfl vilja halda á lofti og viðhalda, og þ.a.l. gegnir hann mikilvægu hlutverki á pólitíska sviðinu. Mouffe bendir þó á að listrænir aktivistar þurfi að hafa tengsl við hefðbundna pólitíska sviðið, t.d. við stjórn málaflokka eða verkalyðsfélög, til að skila árangri. Gagnrýnin framkvæmd Jóns Gnarrs fellur því vel að þessum skilningi um listrænan aktivisma, þar sem hann beinlínis stofnaði stjórn málaflokk til að skora á ríkjandi kerfi og draga virkni þess í efa. Hann er sjálfur meðvitaður um mikilvægt hlutverk listar í samfélagslegu samhengi og segir mikilvægi hennar t.d. felast í möguleikanum á að trufla og koma okkur úr jafnvægi, ásamt því að fá okkur til að hugsa. Þá bendir hann einnig á að „kerfinu“ sé ógnað af skapandi hugsun; það sé alltaf andsnúið skapandi hugsun vegna þess að það er búið að fullmóta sig og staðsetja sig í samfélaginu.<sup>100</sup> Viðhorf Jóns endurspeglar þá andstöðu við ríkjandi pólitískt skipulag sem Besti flokkurinn tók, og gagnrýna afstöðu flokksins til hugmyndafræði ríkjandi afla.

---

<sup>97</sup> Haukur S. Magnússon: Sama heimild.

<sup>98</sup> Chantal Mouffe: „Artistic Activism and Agonistic Spaces“. *Art&Reasearch. A Journal of Ideas, Contexts and Methods*. 2. tölubl., bindi 1 (Glasgow, Studio 55. Centre for reasearch in fine art practice. 2007)

<sup>99</sup> Sama.

<sup>100</sup> Haukur S. Magnússon: Sama heimild.



## Íronía

Í inngangi sínum að bókinni *Irony in Action* lýsa James W. Fernandez og Mary Taylor Huber ólíkum birtingarmyndum íroníu. Þau segja íroníu vera óútreiknanlegt hugtak sem erfitt sé að njörva niður, en hafi fræðilega verið staðsett í mælskulist og bókmenntafræðum.<sup>101</sup> Þau benda á að íronía sé ekki aðeins mælskulist, þar sem efasemdir um ytri merkingu orða er varpað fram til að afhjúpa aðra, gagnstæða merkingu, eins og við beitingu kaldhæðni, heldur lýsi íronía einnig rannsakandi og gagnrýninni afstöðu, að því leyti sem henni er beitt til að gefa til kynna efasemdir gagnvart yfirvaldi. Íronía sé þá gagnleg til að etja saman siðferðilegum og pólitískum hugmyndum við það sem er tekið sem sjálfsagt eða er þröngvað á okkur m.a. í gegnum hugmyndafræðileg ríkistæki.<sup>102</sup> Þau segja formgerð íroníu gera það að verkum að hún sé frekar til þess fallin að gagnrýna mistök en að lofsyngja velgengni. Jafnframt benda þau á að íronía geti verið notuð til að draga í efa menningarleg viðmið og væntingar, og að hægt sé að beita henni til að gefa til kynna að þeir viðmiðunarráttar sem samfélagið byggir á séu takmarkaðir, ófullnægjandi eða óviðeigandi. Íronía geti þannig nýst til að draga í efa og andmæla ríkjandi hugmyndafræði, en er það nóg? Getur íronía nýst í því uppbyggingarferli sem við tekur þegar einhverju ákveðnu „kerfi“ hefur verið kollvarpað?

Samkvæmt Fernandez og Huber dregur sá íroníski í efa ímyndir hversdagsleikans. Hann tekur gagnrýna afstöðu til staðlaðra hugmynda samfélagsins og, eins og Rorty benti á, þá getur hann aldrei tekið sjálfan sig fyllilega alvarlega þar sem hann er alltaf meðvitaður um að hugtökin sem hann notar til sjálfsskilgreiningar eru stöðugt háð breytingum.<sup>103</sup> Fernandez og Huber vilja meina að íronía birtist helst í aðstæðum valdaójafnvægis þar sem orðræða, hagsmunir eða menningar (e. *cultures*) rekast á. Íronía snúist því ekki eingöngu um að benda á mismun reyndar og hinnar upphöfnu hugmyndar (e. *ideal*), heldur einnig, og ekki síst, um að benda á þá samkeppni, hlutlægni og hagsmunaárekstra sem eru greyptir í mismunandi orðræður.<sup>104</sup>

---

<sup>101</sup> James W. Fernandez og Mary Taylor Huber: „Introduction. The Anthropology of Irony“. *Irony in Action. Anthropology, Practice and the Moral Imagination*. Bls.1-37. Ritstj. Fernandez, James W. og Mary Taylor Huber. (Chicago og London, University of Chicago Press. 2001)

<sup>102</sup> Sama. Bls. 1

<sup>103</sup> Fernandez og Huber: Sama heimild. Bls. 25

<sup>104</sup> Sama. Bls. 3-4.

Íronía getur þannig verið afar meðvituð afstaða, og sú margræðni sem felst í íroníu getur gert íronistum kleift að viðurkenna mótsagnakenndan ásetning eða tvíræðni um eigin afstöðu.<sup>105</sup> Kosningabaráttá Besta flokksins byggði að mestu leyti á háði, íroníu og húnor þar sem hann sneri hefðbundnum pólitískum aðferðum á haus, sem endurspegladi gagnrýnið viðhorf hans til ríkjandi skipulags. Óttar Proppé, borgarfulltrúi Besta flokksins, talaði um viðhorf sitt til húnors á málþinginu „Að grína í samfélagið“ þann 25. september 2010, þar sem hann sagðist líta á húnor sem jákvætt tækifæri til að opna og afhjúpa; að leysa upp flokkunina sem ríkir í samfélaginu. Hann sagði húnor nýtast sem jákvætt niðurrif og pólitískt mótvægi við „gömlu aðferðina“, þ.e.a.s. að hægt sé að beita húnor og íroníu til að varpa ljósi á og gagnrýna ágalla núverandi aðstæðna.<sup>106</sup> Beiting íroníu hefur þó verið gagnrýnd fyrir að útiloka möguleikann á einlægni, en telja má að meðlimir Besta flokksins hafi þrátt fyrir það beitt íroníu á einlægan hátt, þ.e. þeir notuðu hana sem „vopn“ í kosningabaráttu sinni til þess að koma einlægum sjónarmiðum sínum á framfæri. Íronían og einlæginn virðast því vera samtvinnaðar í meðför og framkomu flokksins.

Fernandez og Huber benda á að vandi sé að greina hvort íronía hafi raunverulegar hagnýtar afleiðingar, hvort hún sé á annað borð fær um að stuðla beint að raunverulegum samfélagslegum breytingum eða hvort hún spilli fyrir skuldbindingu (e. *commitment*) og leiði þannig til uppgjafar vonar og afnáms hvers konar breytingarviðleitni.<sup>107</sup> Þau segja íroníu hafa verið álitna „vopn hinna veikburða“, þar sem hún veiti undirmálsmanneskjum mögulegt rými til að ímynda sér önnur úrræði til að skapa samfélag og virkja til andófs og baráttu fyrir betri aðstæðum. Þá geti íronía líka veitt ákveðna lausn undan erfiðum mannlegum aðstæðum með því að bera kennsl á gamansamar mótsagnir í þeim aðstæðum og í þeim sem virðast vera við völd.<sup>108</sup>

Þau benda á að íronía gegni mikilvægu hlutverki á pólitíska sviðinu hvort sem það samanstendur af samspili fjölbreyttra viðhorfa í nútíma stjórnarháttum, harðráðu stjórnarfyrikomulagi bælandi yfirstéttar, flóknu og bælandi forræði eins og Gramsci setti það fram, eða niðurrífandi stjórnámálum eins og þau sem Machiavelli hélt á lofti, en hann hélt því einmitt fram að orðspor skipti stjórnámálmanninn meira máli en

---

<sup>105</sup> Sama. Bls. 5.

<sup>106</sup> Óttar Proppé [munnleg heimild] pallborðsumræður á húnorsmálþinginu *Að grína í samfélagið* í tengslum við sýninguna *Að elta fólk og drekka mjólk* í Hafnarhúsinu á vegum Þjóðfræðistofu, þann 25. Sept. 2010

<sup>107</sup> Sama. Bls. 16.

<sup>108</sup> Fernandez og Huber: Sama heimild. Bls. 17)

hegðunin.<sup>109</sup> Íronía geti afhjúpað blekkingar í staðhæfingum stjórnámálaleiðtoga eða tilviljanakennt eðli (e. *contingency*) andstæðs sannleika, en með því geti hún varpað ljósi á aðra möguleika og þar með haft raunveruleg áhrif. Fernandez og Huber segja möguleika íroníu á að leiða til áhrifaríkra aðgerða fara eftir eðli óánægjunnar, þeim ástæðum sem að baki liggja, tengslunum milli hlutaðeigandi aðila og því hvort íronía sé eina „vopnið“ sem umkvörtunaraðilar geti eða vilji beita. Það sem skipti máli sé því hlutverk íroníu í að örva eða draga úr siðferðilegu ímyndunarafli (e. *moral imagination*), og tengsl þeirrar örvunar eða þess úrdráttar við áhrifaríkar aðgerðir. Þau taka Nietzsche sem dæmi um íronista er dregur í efa hefðbundnar siðferðilegar skuldbindingar, en segja erfitt að greina einhver raunveruleg, praktísk áhrif pólitísku prógrams sem byggt hafi verið á siðferðilegum nihilisma Nietzsche. Aftur á móti sé hægt að líta á íroníu sem and-pólitík (e. *antipolitics*), þar sem hún geti varpað ljósi á hrokafulla afstöðu og sjálfshygli hins pólitíska flokkakerfis, og þar með sé hún að vissu leyti áhrifarík.<sup>110</sup> Besti flokkurinn lagði einmitt til atlögu við hið ríkjandi pólitíska kerfi með íronískri gagnrýni í kosningabaráttu sinni og kom þannig fram sem and-pólitískt afl. Hann nýtti sér hefðbundnar pólitískar aðferðir, eins og t.d. framsetningu á stefnuskrá og yfirlýst kosningaloforð, en með íroníu og háði sneri hann hlutunum á hvolf og varpaði ljósi á merkingarleysi hefðbundinna pólitískra aðferða. Íronían birtist t.d. í því að lofa að uppræta spillingu með því að stunda hana fyrir opnum tjöldum, eða með því að setja fram kosningaloforð og lofa svo að brjóta þau öll.<sup>111</sup> Með þess háttar aðferðum afhjúpaði flokkurinn blekkjandi og yfirborðskennda birtingarmynd íslenskrar stjórnálahefðar. Flokkurinn beitti íroníu sem „vopni“ til að reyna að knýja á um breytingar á því kerfi sem fyrir var. Þessi notkun á íroníu byggði því á einlægri viðleitni flokksins til að varpa ljósi á það sem betur mætti fara í ríkjandi stjórnálahefð.

Hvað íroníu varðar virðast efasemdir um hana helst beinast að gagnsemi hennar eða virkni, og hún gagnrýnd fyrir skort á einlægni og vangetu til að leiða til aðgerða, eins og farið verður nánar í hér síðar. Fernandez gerir aftur á móti greinarmun á virkri íroníu og óvirkri íroníu, þar sem háðið í óvirkri íroníu birtist sem ákveðið samþykktarform sem getur ýtt undir og staðfest stigveldisaðstæður (og má jafnvel rekja til hugmyndafræði ríkjandi afla) en í virkri íroníu birtist háðið sem hvati til að gagnrýna og bæta aðstæður. Hann vill því meina að virk íronía feli í sér sameinandi þætti sem

---

<sup>109</sup> Sama. Bls. 17.

<sup>110</sup> Sama. Bls. 17-18.

<sup>111</sup> „Stefnumál“. Sama heimild.

spretta úr viðurkenningu á því rofi sem myndast milli ásetnings manna og afleiðinga.<sup>112</sup> Notkun Besta flokksins á íroníu fellur þ.a.l. undir skilgreiningu Fernandez um virka íroníu.

## Íronía sem lífsviðhorf

Í bókinni *Contingency, irony, and solidarity* setur Richard Rorty (1931-2007) fram sína sýn á hlutverk íroníu í mannlegu samfélagi. Hann lítur á íroníu sem ákveðið lífsviðhorf sem felur í sér aðferð til samfélagslegrar gagnrýni, þar sem hún nýtist til að *endurskoða og endurskilgreina* það tungutak sem menn hafa tileinkað sér, en samkvæmt Rorty þá höfum við öll okkar eigið kerfi af orðum sem við notum til að réttlæta athafnir okkar, skoðanir og líf.<sup>113</sup> Hann gagnrýnir jafnframt hina frumspekilegu rökvísishneigð manna, sem rekja megi til upplýsingarinnar, og telur að tilhneigingin til að flokka hluti í fyrirframskilgreind kerfi með fyrirframskilgreindu tungutaki sem leggi áherslu á algild lögmál leiði til þess að mannkynið hljóti falska drottunar-tilfinningu (e. *empowerment*). Hann segir frumspekinga telja að það séu tengsl á milli endurskilgreiningar og valds, og að „rétt“ endurskilgreining geti „frelsað“ okkur, þ.e. að rétt endurskilgreining feli í sér einhvers konar „sannleika“ sem geri okkur kleift að mynda algilt yfir-tungutak sem hefur ráðandi stöðu gagnvart öllum öðrum. Sú sem er íronísk samkvæmt skilningi Rortys hefur aftur á móti enga trú á þess háttar algildu tungutaki og lítur á endurskilgreiningar á tungutaki frekar sem díalektískt ferli, þar sem mismunandi orðakerfi takast í sífellu á, sem leiðir til þess að endurskilgreiningin á tungutakinu sé í stöðugri endurvinnslu.<sup>114</sup>

The metaphysician thinks that there is an overriding intellectual duty to present arguments for one's controversial views – arguments which will start from relatively uncontroversial premises. The ironist thinks that such arguments – logical arguments – are all very well in their way, and useful as expository devices, but in the end not much more than ways of getting people to change their practices without admitting they have done so. The ironist's preferred form of argument is dialectical in the

---

<sup>112</sup> James W. Fernandez: „The Irony of Complicity and the Complicity of Irony in Development Discourse“. *Irony in Action. Anthropology, Practice and the Moral Imagination*. Bls.84-102. Bls. 100.

<sup>113</sup> Richard Rorty: *Contingency, Irony, and Solidarity*. (Cambridge, Cambridge University Press. 1989) Bls. 73

<sup>114</sup> Sama

sense that she takes the unit of persuasion to be a vocabulary rather than a proposition.<sup>115</sup>

Íronisti vill því etja ólíku tungutaki saman og sér möguleikann á endursköpun sjálfins (e. *self-creation*) aðeins í gegnum stöðugar tilraunir með þetta tungutak, en ekki með því að setja fram einhvern vel rökstuddan „sannleika“ sem breyti fyrri hugmyndum okkar um okkur sjálf.<sup>116</sup> Slíkur sannleikur skapar aðeins nýtt algilt yfir-tungutak sem hafi yfirráð yfir öllum öðrum .

Her method is redescription rather than inference. Ironists specialize in redescrbing ranges of objects or events in partially neologistic jargon, in the hope of inciting people to adopt and extend that jargon. An ironist hopes that by the time she has finished using old words in new senses, not to mention introducing brand-new words, people will no longer ask questions phrased in the old words. So the ironist thinks of logic as ancillary to dialectic, whereas the metaphysician thinks of dialectic as a species of rethoric, which in turn is a shoddy substitute for logic.<sup>117</sup>

Rorty vill leggja áherslu á mikilvægi þess að gera ekki einhverja eina „undirgrein“ að útgangspunkti sem aðrar hliðar séu þá undirskipaðar. Í hinu íroníska viðhorfi þá sé ekkert sem heiti „eðlislæg“ skipan á réttlætningum skoðana og langana; það sé ekki til neitt miðgildi sem annað eigi að vera miðað út frá.<sup>118</sup>

Líta má á pólitíska orðaforða og orðbeitingu sem dæmi um slíkt kerfi orða, eða tungutak, en íronísk afstaða og framkoma Besta flokksins er einmitt til þess fallin að grafa undan þessu hefðbundna pólitíska tungutaki. Í viðtali við *Reuters* vill Jón Gnarr meina að pólitík hafi þróast í eins konar undirmenningu (e. *subculture*) og segir stjórnámálmenn hafa þróað eigið tungumál sem sé óskiljanlegt almenningi.<sup>119</sup> Einar Örn Benediktsson kallar þetta tungumál „stjórn-mál“, í pistli í *Fréttatímanum* þann 29. apríl 2011, og segir það einkennast af útúrsnúningum, eiginhagsmunahyggju og valdatogi.<sup>120</sup> Meðlimir Besta flokksins eru því meðvitaðir um þessa togstreitu sem getur myndast við

---

<sup>115</sup> Sama. Bls. 78

<sup>116</sup> Samkvæmt Althusser fer sköpun sjálfins fram í gegnum hugmyndafræðina og ákallið, en Rorty heldur því fram að með íronískri afstöðu er hægt að endurskapa sjálfið jafnvel andstætt ráðandi hugmyndafræði.

<sup>117</sup> Sama. Bls. 78

<sup>118</sup> Sama.

<sup>119</sup> Christine Kearney: „Icelandic mayor’s joke on politics plays at Tribeca“. Reuters, 21. apr. 2011. Sótt 28. maí 2011 af <http://www.reuters.com/article/2011/04/21/film-tribeca-gnarr-idUSN1930374120110421>

<sup>120</sup> Einar Örn Benediktsson: „Kæri Jón Kalman“. *Fréttatíminn*, helgin 29. apr. – 1. maí, 2011. Bls. 34-35

árekstur eins tungutaks við annað, og eins hvernig eitthvað ákveðið tungutak getur verið fjarlægt skilningi manna, eins og þeir segja „stjórn-málið“ vera. Á íronískan hátt tekst því Besti flokkurinn á við tungutak stjórnmalanna, en Óttar Proppé talaði t.d. um að Besti flokkurinn væri að gera tilraun til að breyta orðunum, eða eins og Einar Örn sagði, þá séu þeir að reyna að „breyta stjórn mála- og umræðuhefð þjóðar“.<sup>121</sup>

Samkvæmt Rorty gerir þessi afneitun á tilraunum til að halda á lofti einhverju frum-tungutaki, sem liggja öllum öðrum tungutökum til grundvallar það að verkum að íronistar geta aldrei tekið sjálfa sig fullkomlega alvarlega. Þeir eru alltaf meðvitaðir um að þau hugtök sem þeir nota til að lýsa sjálfum sér séu háð breytingum og tilviljunum, og þ.a.l. sé tungutak þeirra ávallt óstöðugt. Besti flokkurinn hefur hreint út sagt spilað inn á þennan óstöðugleika tungutaksins með því að vera viljandi mótsagnakenndur í framkomu og tali, og þar með varpað ljósi á það hversu tungutak er háð tilviljunum (e. *contingency*). Þó svo að íronistar geti samkvæmt kenningu Rortys aldrei tekið sjálfa sig alvarlega er ekki þar með sagt að þeir geti ekki verið einlægir, en íronísk framkoma og viðhorf Besta flokksins sýnir einmitt fram á það að þrátt fyrir óstöðugleika tungutaksins sem hann beitir getur afstaða hans samt sem áður verið einlæg. Meðvitund hans um mismuninn á virkni hins hefðbundna tungutaks stjórn mála og almenns, „skiljanlegs“ tungutaks ber vitni um íronískt viðhorf hans, en líta má svo á að vilji hans og tilraun til að afhjúpa virkni „stjórn-málsins“ feli jafnframt í sér einlægni; hann vill breyta núverandi birtingarmynd hins pólitíska tungutaks.

Í grein sinni, „Rorty’s Straussianism; Or, Irony Against Democracy“ bendir Melvin L. Rogers á tvær mismunandi birtingarmyndir íroníu: Annars vegar birtist íronía í mælskulist sem sýnir fram á tilviljanakennda merkingu orða með því að gefa andstæða merkingu í skyn, og hins vegar birtist íronía í ákveðnum lífsstíl, en þá nær íronían út fyrir stök orðatilvik og liggur frekar í heildarviðhorfi manneskjunnar til lífsins. Með framkomu sinni telji íronísk persóna öðrum trú um að hún sé einlæg og áreiðanleg, en felur sig í raun á bak við leikrænan (e. *performative*) lífsstíl.<sup>122</sup> Rogers telur að þessi greinarmunur sé alls ekki skýr í skilgreiningum Rortys á íronistanum heldur renni saman í hans meðhöndlun og útskýringum. Samkvæmt Rogers mætti því líta á Besta flokkinn sem „leikara“ á „leiksviði“, sem rýri hann allri einlægni. En þá má halda því

<sup>121</sup> Óttar Proppé [munnleg heimild] pallborðsumræður á húmorsmálþinginu *Að grína í samfélagið*; Einar Örn Benediktsson: Sama heimild.

<sup>122</sup> Melvin L. Rogers: „Rorty’s Straussianism; Or, Irony Against Democracy”. *Contemporary Pragmatism*. 1. bindi, 2. Tölubl. Bls. 95-121 (Amsterdam, Editions Rodopi. 2004) Bls. 107

fram að leikrænn lífsstíll útilokar ekki endilega einlægni vegna þess að hægt er að vera einlægur í leikrænni framkomu sinni, þ.e. að „meina“ það sem maður „leikur“.

Rorty setur fram þrjú skilyrði við skilgreiningu sína á íronista. Íronísk persóna hefur í fyrsta lagi róttækar og stöðugar efasemdir um það tungutak sem hún notar, enda hafi hún orðið fyrir áhrifum frá öðrum tungutökum hjá fólki eða úr bókum. Í öðru lagi gerir hún sér grein fyrir því að röksemdir sem settar eru fram í núverandi tungutaki hennar geti hvorki staðfest (e. *underwrite*) né eytt þessum efasemdum. Í þriðja lagi, svo fremi sem hún velti fyrir sér aðstæðum sínum, þá standi hún ekki í þeirri meiningu að hennar tungutak sé nær raunveruleikanum en annað, þ.e. að hennar sé frekar í sambandi við ytri veruleika en ekki hana sjálfa. Rorty heldur því fram að íronistar sem hafi heimspekilega tilhneigingu til að velta hlutunum fyrir sér geri sér grein fyrir því að *valið* á tungutaki fari hvorki fram innan einhvers hlutlauss og algilds frum-tungutaks né með því að reyna að komast framhjá einhverjum ákveðnum birtingarmyndum raunveruleikans, heldur fari það fram með því einfaldlega að etja saman nýju tungutaki og gömlu.<sup>123</sup> Persónur séu íronískar af því að þær átta sig á afstæði „sannleikans“; að hann sé byggður á tungutaki sem sé ekkert annað en mannanna verk, aðeins enn einn textinn.<sup>124</sup> „Sannleikur“ grundvallast ekki síst á vilja mælskumannsins (e. *rhetorician*), og því megi líta á hvers konar orðræðu (e. *discourse*) sem „sannfærandi skáldskap“. Eins þarf „sannleikurinn“ að standast fyrirvara ríkjandi orðræðu til að vera staðfestur, og er þ.a.l. bundinn vilja og vilyrði ríkisstofnana, sem að sjálfsögðu er stýrt af mönnum sem þá stjórna því hvað fellur undir „sannleika“ og hverju megi hafna.<sup>125</sup> Þetta afstæði „sannleikans“ og tengsl hans við vilja og val, bæði hvað varðar framsetningu og viðtökur, er því mikilvægur þáttur í afstöðu íronistans, ásamt meðvitund um hinn mannlega þátt í hvers konar yrðingum. Jón Gnarr sýnir einmitt skýrt fram á þessa meðvitund í viðtali við *Reykjavík Grapevine*, þar sem hann segist ekki vilja skilgreina flokkinn á neinn sérstakan hátt, því ef hann t.d. lýsti því yfir að flokkurinn væri anarkískur flokkur þá myndi afstaða almennings til flokksins ávallt litast af því.<sup>126</sup>

<sup>123</sup> Rorty: Sama heimild. Bls. 73

<sup>124</sup> Sama. Bls. 93.

<sup>125</sup> Arnold Krupat: „An Apollonian Response“. *Irony in Action*. Bls. 133-141. Bls. 135-136.

<sup>126</sup> Haukur S. Magnússon: Sama heimild.

## Gagnrýni á hugmyndir Rortys

Rorty segir íroníu vera andstæða því sem kallað er almenn skynsemi, því almenn skynsemi gefi til kynna að eitthvað eitt loka-tungutak sé æðra öðrum. Íronistar vilji aftur á móti ekki flokka tungutak í einhvers konar stigveldiskerfi, heldur leggi þeir áherslu á að með stöðugum tilraunum með tungutakið, þar sem sífelldar endurskilgreiningar á sjálfum sér, fortíð sinni og aðstæðum fari fram með því bera saman eigið tungutak við önnur, þá geti þeir gert það besta úr sjálfum sér (e. „*make the best selves for ourselves that we can*“).<sup>127</sup> Þetta segir hann einmitt felast í hugtakinu bókmenntagagnrýni (e. *literary criticism*)<sup>128</sup>, þ.e. að etja saman hugmyndum og stuðla þannig að stöðugri endurskoðun sem sé til þess fallin að „hámarka“ einstaklinginn. Þar með endurskoðum við okkar eigin siðferðilegu sjálfsmynd með því að endurskoða okkar eigið tungutak. Íronían getur því gagnast til að „hafna“ ákalli Sjálfsverunnar, í skilningi Althusers, eða að minnsta kosti hjálpað til við að taka meðvitaða afstöðu. Hann segir gagnrýni á loka-tungutaki aðeins geta farið fram í gegnum annað loka-tungutak, að eina svarið við endurskilgreiningu sé endur-endurskilgreining og að tungutökin takist stöðugt á. Rorty telur að bókmenntagagnrýni gegni sama hlutverki fyrir íronista og þessi leit að algildum siðferðilegum lögmálum á að gegna fyrir frumspekinga. Hann telur að bókmenntagagnrýnendur séu hæfir siðferðilegir ráðgjafar vegna þess að þeir hafi sjálfir reynslu af því að etja saman ólíku tungutaki, og taki ekki mið af einhverjum hugmyndum um algildan sannleika eða frum-tungutak, eins og frumspekingar.<sup>129</sup> Hér hefur hann þó verið gagnrýndur fyrir að gera nákvæmlega það sem hann gagnrýndi frumspekinga fyrir að gera; þ.e. að setja fram einhvers konar stigveldi innan kerfis tungutaka. Hann gagnrýnir frumspekinga fyrir að leggja einhvers konar frum-tungutak til grundvallar í samfélaginu sem önnur tungutök séu síðan undirskipuð, en setur sjálfur fram ákveðið stigveldi þar sem bókmenntagagnrýni trónir á toppnum sem tæki til gagnrýni og greiningar.<sup>130</sup>

Í bókinni *Philosophical tools for technological culture: putting pragmatism to work* beinir Larry Hickman athyglinni m.a. að túlkun Rortys á hugmyndum Johns

<sup>127</sup> Rorty: Sama heimild. Bls. 80.

<sup>128</sup> Rorty notar hugtakið „literary criticism“ í víðum skilningi sem ákveðna samfélagsgagnrýni og greiningu. (Rorty: Sama heimild. Bls. 81)

<sup>129</sup> Sama.

<sup>130</sup> Larry Hickman: „Art, Technoscience, and Social Action“. *Philosophical tools for technological culture: putting pragmatism to work*. Bls. 83-99. (Indiana University Press, Bloomington.2001)



Dewey um hlutverk fræða og vísinda almennt og heimspeki sérstaklega. Samkvæmt Hickman gerði Dewey ekki þennan greinarmun á milli sviða listarinnar (þ.m.t. bókmennta) annars vegar og vísinda og frumspeki hins vegar, líkt og Rorty. Samkvæmt Dewey megi líta á listina, rétt eins og vísindi, sem tæki til menningarlegrar endurbyggingar (e. *reconstruction*), enda gegni hún því hlutverki að viðhalda, auka og lífga upp á ímyndunarafl hinna náttúrulegu afurða. Það sem auðkenni list sé því sá eiginleiki að koma til skila, auka við og afhjúpa merkingar, ásamt því að tjá tengsl (e. *relationships*) hluta. Listin, samkvæmt Dewey, *tjáir* merkingu, en vísindi *setja hana fram*.<sup>131</sup> Hickman vill aftur á móti gera greinarmun á því sem hann kallar endurbyggingarhneigð Dewey (e. *Dewey's reconstruction*) og afbyggingarhneigð (e. *deconstruction*) hins frjálslynda íronista samkvæmt skilgreiningu Rortys. Hann segir Dewey leggja áherslu á virkni og umbætur. Að samkvæmt Dewey þá skili gjörðir listamanna aðeins árangri ef þær eigi þátt í að skilgreina og skerpa vitsmunalegar aðferðir ásamt því að stuðla að því að *endurbyggja* og *endurhugsa* stöðugt þær aðferðir með það að sjónarmiði að leiða til umbóta; þær verði að fela í sér samfélagslega virkni (e. *social action*).<sup>132</sup> Hickman gagnrýnir íronistann aftur á móti fyrir að sniðganga þess háttar samfélagslega virkni með aðgerðum sínum, heldur einblína um of á eigin persónulegu umbreytingar. Hann segir þessa birtingarmynd íronistans fela í sér frjálslyndi án samfélagslegrar virkni (e. *liberalism without social action*), þ.e. að með því að leggja megin áherslu á persónubundna sjálfsskoðun í gegnum greiningu og gagnrýni, í stað virkrar, samfélagslegrar endurbyggingar (sem m.a. hefur falist í iðkun vísinda og frumspeki í aldaðir), þá gefi íronistinn upp alla von fyrir samfélagslegri virkni.<sup>133</sup> Það er því nokkuð ljóst að Hickman telur að íronía gagnist ekki til þess að endurbæta samfélagið heldur aðeins til að gagnrýna og rífa niður, og að íronía geti því ekki leitt af sér samfélagsumbætur. En niðurrif felur þó jafnan í sér möguleikann á uppbyggingu, og það er þessi möguleiki sem gerir það að verkum að líta megi á íroníu sem virka aðferð, en ekki aðeins óvirka. Eins og Fernandez benti á þá felur virk íronía í sér hvata til að gagnrýna og bæta aðstæður, líkt og hjá Besta flokkinum, og jafnvel þó íroníu sé iðulega beitt til að rífa niður, þá felur hún líka jafnan í sér afhjúpun sem getur stuðlað að vilja til raunverulegra breytinga.<sup>134</sup>

---

<sup>131</sup> Sama.

<sup>132</sup> Sama.

<sup>133</sup> Sama.

<sup>134</sup> Sjá skilgreiningu Fernandez á bls. 27

Hickman bendir jafnframt á að Dewey hafi lagt áherslu á að það væri gagnslaust fyrir heimspekinga að reyna að ná utan um raunveruleikann almennt og að þeir ættu að forðast hvers konar yfirskipaða frumspeki, en einbeita sér þess í stað að tilraunamiðaðri raunhyggju (e. *empiricism*). Að þessu leyti eru Rorty og Dewey á sama máli, því Rorty telur að tilraunir með tungutak og áhersla á raunhæfa möguleika séu betur til þess fallnar að takast á við vandamál menningarinnar en hin frumspekilega nálgun, þar sem áherslan er lögð á skilgreiningar og lögmál.<sup>135</sup> Rorty gagnrýnir samt sem áður frumspekinga fyrir að endurskilgreina í nafni skynseminnar á meðan íronistar endurskilgreini í nafni ímyndunarafls, en Jón Gnarr hefur einmitt talað um að Besti flokkurinn sé „meira ímyndunarafli en rökhugsun, sem fellur ágætlega að aðgreiningu Rortys á ráðandi áherslum frumspekinga í samfélaginu annars vegar og íronista hins vegar.<sup>136</sup> Eins hefur Jón ýjað að mikilvægi þess að hafa rými til tilrauna í framkvæmdum, en Besti flokkurinn gerði tilraun til að auka hjólreiðasamgöngur með því að merkja sérstaka hjólastíga á Hverfisgötunni og eins gerði hann tilraun til að auka gangandi umferð á Laugaveginum með því að loka hluta götunnar fyrir bílaumferð; verkefni sem hafa bæði verið gagnrýnd harkalega.<sup>137</sup>

Rogers heldur því fram að íronía dragi í efa möguleikann á einlægu og ósviknu málfari, og gagnrýnir Rorty fyrir að afmarka afstöðu íronistans sem persónulega, þ.e. að hún beinist inn á við, í stað þess að líta á hana sem opinbera og almenna afstöðu, en Rorty leggur einmitt áherslu á að íronía sé að eðlisfari einkamál þar sem efasemdir um tungutak beinist inn á við, að persónunni sjálfri. Samt sem áður segir Rorty íronista þurfa að vera meðvitaðan um að virkni endurskilgreiningar getur iðulega falið í sér hættuna á að niðurlægja. Því sé mikilvægt að gera skýran greinarmun á endurskilgreiningu sem fer fram í einkatilgangi og endurskilgreiningu sem fer fram opinberlega. Það sé helst varðandi opinbera endurskilgreiningu sem íronista ber að hafa kynnt sér sem best *allt mögulegt* tungutak til að reyna að skilja viðhorf annarra og forðast þar með að niðurlægja með endurskilgreiningu sinni. Rorty segir mannlega samstöðu (e. *human solidarity*) helst byggja á þessu næmi fyrir sársauka og niðurlægingu, en ekki á einhverju algildu og „sameiginlegu“ frum-tungutaki. Það skipti

---

<sup>135</sup> Sama.

<sup>136</sup> „Meira ímyndunarafli en rökhugsun“. *mbl.is*, 15. jún. 2010. Sótt 2. apr. 2011 af <http://www.mbl.is/frettir/sjonvarp/49715/>

<sup>137</sup> Sölvi Tryggvason (dagskrárgerðarmaður): „Viðtal við við Jón Gnarr“. *Spjallið með Sölva sjónvarpsþáttur*. (Reykjavík, Skjár Einn. 2. mars 2011)

því ekki máli þó manneskjur hafi ólíkt tungutak, svo lengi sem það sé nægileg skörun sem geti tryggt samkennd. Íronisti felur því í sér þá von að þegar hann stendur frammi fyrir þeim möguleika að niðurlægja einhvern með ólíkt tungutak þá verði hann ekki takmarkaður af sínu eigin tungutaki.<sup>138</sup>

Rogers gagnrýnir jafnframt þá undirliggjandi óeinlægni sem hann segir felast í afstöðu íronistans samkvæmt skilgreiningu Rortys. Hann segir íronistann einblína á að fullkomna sjálfan sig (e. *self-perfection*) með því að hagræða (e. *manipulate*) hefðbundinni merkingu orða og hugtaka í gegnum blekkjandi hegðun og orðfæri.<sup>139</sup> Rogers telur að samfélagsleg endurframleiðsla (e. *reproduction*) í gegnum óheiðarleika og látalæti grafi undan siðferðilegum gildum eins og trúverðugleika, gagnkvæmni og samkennd, sem séu nauðsynleg til að stuðla að samstöðu innan lýðræðislegs samfélags.<sup>140</sup> Þ.a.l. vinni íronía gegn lýðræði. Hann segir lýðræði verða mögulegt með málfari (e. *speech*), það sé raungert í gegnum aðgerðir og stofnanir, og því sé viðhaldið með hinu díalektíska sambandi sem myndast þar á milli, en hann telur að íronía grafi undan „stuðningskerfinu“ sem lýðræði byggir á, þ.e.a.s. þeim forsendum gagnkvæms og sameiginlegs trausts sem liggja til grundvallar lýðræðinu og rökræðu-virkni (e. *deliberation*) þess.<sup>141</sup>

The real point is that in a world where irony is held up as a source of admiration and imitation, deliberation as the framework through which the moral foundations of democracy are put in place becomes impossible. For mutual suspicion increases as honest relations become a rare feature of the political landscape. Citizens will be unable to trust each other and incapable of generating faith in political values, ideas and (dare I say) laws themselves. Vision of the larger whole dims before their eyes, their public lives seem distant, and the living network of relationships that constitute democratic life are gradually and slowly lost.<sup>142</sup>

Þessi staðhæfing Rogers leggur mikið traust á meinta einlægni innan hins pólitíska sviðs, en það er einmitt svona ofuráhersla á einhvers konar „sannleika“ (í þessu tilviki að einlægni megji aðeins finna í viðhorfi „hefðbundinna“ stjórnámálanna en ekki þeirra sem aðhyllast íronískt viðhorf) sem Besti flokkurinn dregur m.a. í efa með

<sup>138</sup> Rorty: Sama heimild. Bls. 91-93.

<sup>139</sup> Rogers: Sama heimild. Bls. 96

<sup>140</sup> Sama. Bls. 97.

<sup>141</sup> Sama. Bls. 113.

<sup>142</sup> Sama. Bls. 114

íronískri gagnrýni sinni.<sup>143</sup> Þar sem tungutakið er ávallt óstöðugt og háð tilviljunum ásamt því að byggja á vilja, bæði í framsetningu og viðtökum, þá sé afar erfitt að gera ráð fyrir „raunverulegri“ einlægni innan nokkurs tungutaks. Í kosningabaráttu Besta flokksins beitti hann einlægni markvisst og á íronískan hátt til að koma gagnrýni sinni og sjónarmiðum til skila. Einlægnin fólst í því að vera ekki að fela sig á bak við „stjórn- málið“ heldur að afhjúpa það sem óstöðugt tungutak.<sup>144</sup> En þar sem íronistinn er alltaf meðvitaður um tilviljanatengsl tungutaksins þá er erfitt að aðgreina beitingu þeirra á einlægni frá beitingu þeirra á íroníu, og þ.a.l. má líta á einlægni þeirra sem hluta af íronískri framkomu flokksins, eða sem hluta af „leiknum“. Þá má benda á að þrátt fyrir að líta svo á að einlægnin sé hluti af íronískri framkomu, þá þarf það ekki að útiloka heiðarleika.

Rorty tekur á vissan hátt undir þessa tortryggni gagnvart íroníu. Samkvæmt hans skilningi er íronía afleiðing meðvitundar um vald endurskilgreiningar, en fæstir vilji þó vera endurskilgreindir. Íronistinn dregur hið fyrirfram skilgreinda tungutak í efa og með því truflar hann skipulagið og gerir aðra óörugga.<sup>145</sup> Hann greinir og endurskilgreinir viðteknar hugmyndir samfélagsins, en með því að draga í efa það sem aðrir túlka og setja fram sem „sannleika“ og „venjur“ getur hann verið hann skeinuhættur andstæðingur ráðandi samfélagsafla. Því má segja að íronisti geti verið einlægur í athöfnum sínum rétt eins og einlægni getur verið innifalin í íroníu, þar sem íronistinn getur byggt gjörðir sínar á einlægum ásetningi (eins og t.d. vilja til að knýja á um breytingar) en kosið að raungera þann ásetning í gegnum íroníska framkomu.

---

<sup>143</sup> Líta má á þessa staðhæfingu sem fyrirtaks dæmi um óljós mörk milli einlægni og íroníu sem varpar ljósi á þann mannlega þátt í vali og framsetningu á tungutaki. Íronísk persóna ætti mögulega erfitt með að taka þessa staðhæfingu alvarlega og væri meðvituð um stöðu hennar sem aðeins „enn einn textann“ skapaðan af manneskju.

<sup>144</sup> Gaukur Úlfarsson (leikstjóri): *Gnarr* [kvikmynd], og *Við erum best* [tónlistarmyndband].

<sup>145</sup> Rorty: *Sama heimild*. Bls. 90

## Anarkismi

Anarkismi, eða stjórnleysisstefna í íslenskri þýðingu, er í stjórnspekilegum skilningi hugmyndastefna sem vinnur út frá grundvallarhugmyndum um vald og stjórnun í samfélaginu. Orðið á sér grískar rætur þar sem það merkir „án leiðtoga“, og líta þeir sem aðhyllast hugmyndastefnu anarkismans svo á að samfélagi manna væri betur háttað ef hvers konar stigskipt yfirvald, þar sem einn maður eða hópur hefur vald yfir öðrum, væri upprætt. Þeir trúa því að aðeins með því að hafna þeim pýramíðsku valdahlutföllum sem fylgja samfélagsskipan sem lýtur ríkisstjórn og koma þess í stað á fót samfélagsskipan sem byggir á sjálfviljugum og línulegum samskiptum manna á milli, þar sem enginn lýtur valdi annars, sé hægt að stuðla að „lífrænu“ samfélagi sem stjórnast af sjálfssprottu skipulagi og ýtir um leið undir frelsi einstaklinga. Anarkismi hefur aftur á móti löngum verið misskilinn og mistúlkaður á grundvelli þess að stefnan boði stjórnleysi, og því verið jafnað við það að hún standi þá fyrir óreiðu, afskiptaleysi og jafnvel ofbeldi. Að auki hefur hún verið gagnrýnd fyrir að vera óraunsæ og/eða útópísk, og ekki ganga í takt við nútímasamfélög sem markast af örum tækniframförum, þéttbýli, fólksmergð og alþjóðahyggu.<sup>146</sup>

Sem hugmyndastefna hefur anarkismi þó staðsett sig kyrfilega í fræðilegri samfélagsgagnrýni og tryggt sér sess innan um aðrar hugmynda- og heimspekistefnur þar sem samfélag manna og eðli þess er greint ofan í kjölinn. Hugmynda- og kennismiðir anarkísku stefnunnar hafa sótt innblástur í fjölmörg önnur hugmyndakerfi, svo sem stjórnspeki Rousseau, kenningar frjálshyggjumanna og kenningar sósíalista. Anarkismi hefur síðan mótast í víðtæka stefnu sem greinist í mismunandi áherslur sem spanna allt frá strangri einstaklingshyggju til byltingarkenndrar sameignarstefnu. Hagfræðingurinn Anthony de Jasay er einn af þeim sem byggir hugmyndir sínar um skipulagt stjórnleysi (e. *ordered anarchy*) á þessari fjölpættu anarkísku hefð, en í bókinni *Against Politics* setur hann fram gagnrýni á samfélag sem lýtur ríkisvaldi og varpar ljósi á þá jákvæðu möguleika sem hann sér í skipulögðu stjórnleysi umfram þvingandi og stigveldisskipt ríkisvald.<sup>147</sup> Skrif hans taka mið af nútímasamfélögum og

---

<sup>146</sup> George Woodcock: „Anarchism: A Historical Introduction“. *The Anarchist Reader*. Bls. 11-56. Ritsjtj. Woodcock, George. (Glasgow, Fontana Press. 1986)

<sup>147</sup> Anthony de Jasay: *Against Politics. On Government, Anarchy, and Order*. (London og New York, Routledge. 1997)

nútímastjórnarháttum og því er forvitnilegt að rýna í hugmyndir hans og skoða þær í samhengi íslenskra stjórn mála, og þá sérstaklega borgarpólitíkurinnar þar sem Besti flokkurinn stýrir nú meirihluta, en fjölmargir meðlimir hans hafa lýst því yfir að þeir séu anarkistar.<sup>148</sup> Hér verður því farið lauslega yfir sögu stjórnleysisstefnunnar, hugmyndir de Jasay raktar og birtingarmynd og framkoma Besta flokksins skoðuð út frá hugmyndum anarkismans.

## Saga anarkismans

Þrátt fyrir að stjórnleysisstefnan eigi sér djúpar sögulegar rætur og að gagnrýni sem dregur fram galla þess stjórnskipulags sem ríkt hefur um aldir, bæði einveldisstjórnar og lýðveldisskipulags, hafi ítrekað sprottið fram á liðnum öldum, þá var það ekki fyrr en á 19. öld sem hugtakið „anarkisti“ var fyrst notað um þessa andstöðu gegn ríkisvaldi. Það var frakkinn Pierre-Joseph Proudhon (1809-1865) sem lýsti því yfir að hann væri anarkisti, í bók sinni *Qu'est-ce que la propriété?* frá árinu 1840, þar sem hann gerði tilraun til að útskýra stjórn málalega afstöðu sína.<sup>149</sup> Síðan hefur hann verið nefndur frumkvöðull anarkismans og oft verið kallaður „faðir anarkismans“. Í bókinni má segja að hann hafi lagt ákveðin drög að mótun „nú tíma-anarkismans“ í Evrópu og staðhæfing hans þess efnis að eignarréttur sé þjófnaður (e. *property is theft*) hefur í kjölfarið orðið eins konar slagorð anarkísku stefnunnar. Proudhon starfaði í náinni samvinnu við rússann Mikhail Bakúnín (1814-1876) á þessum mótunarárum anarkísku stefnunnar og saman lögðu þeir drögin að samfélagsumbreytingarhreyfingu hennar.<sup>150</sup>

Í inngangi sínum að bókinni *The Anarchist Reader* bendir George Woodcock á að hugmyndir Proudhon hafi endurspeglad mjög hugmyndir fyrri frjálslyndra hugsuða, og talar hann sérstaklega um William Godwin (1756-1836) í því samhengi. Woodcock segir þá hafa hafnað hugmyndum um stjórn málaakerfi, flokka og pólitískar stofnanir,

---

<sup>148</sup> Haukur S. Magnússon: Sama heimild; Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir: Jón Gnarr: „Besti flokkurinn er ekki til“. *DV*, 18. mars 2011. Sótt 4. jún. 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2011/3/18/jon-gnarr-besti-flokkurinn-er-ekki-til/>; „Stefna Besta flokksins ódum að skýrast: Voða gott að ná fólki út af Facebook í 2 tíma“. *Pressan*, 18. sept. 2010. Sótt 20. jan. 2011 af <http://www.pressan.is/Vidskipti/Lesavidskiptafrettir/stefna-besta-flokksins-odum-ad-skyrast-voda-gott-ad-na-folki-ut-af-facebook-i-2-tima>

<sup>149</sup> Pierre-Joseph Proudhon: „The Birth of Anarchy: The Death of Property“. *The Anarchist Reader*. Bls. 65-72. Þýð. Tucker, Benjamin. Ritstj. Woodcock, George. (Glasgow, Fontana Press. 1986)

<sup>150</sup> Woodcock: „Anarchism: A Historical Introduction“. Bls. 37.

ásamt því að hafa séð fyrir það viðhorf sem anarkíska stefnan myndi taka upp hvað varðar pólitískar aðgerðir og þau form sem þær myndu taka.

[ ] [I]t has never been possible to talk of anarchism as a philosophic or political system of the same kind as Marxism [...]. And anarchism has never been represented by a political party, because its followers have wished to retain their freedom to react spontaneously to concrete situations and have regarded political parties as sharing the same faults as governments. As for constitutions, the anarchists have continued to regard them as fixed and guaranteed political systems which rigidify the state and institutionalize the exercise of power [...].<sup>151</sup>

Hann segir frjálsslynda trú á því að pólitískar stofnanir eigi að leggja niður og í staðinn eigi að koma á fót samfélagslegum og efnahagslegum stofnunum sem byggja á frjálsum samskiptum einstaklinga. Þá sé frelsi eitthvað sem maðurinn mótar fyrir sjálfan sig og deili með öðrum en ekki eitthvað sem er fyrirskipað eða verndað af lögum og ríki. Þessu séu anarkistar sammála. Woodcock vill þó hvorki meina að anarkistar séu harðir einstaklingshyggjusinnar, né að þeir hafni alfarið skipulagi eða mikilvægi samfélagslegra stofnana, heldur séu þeir sannfærðir um að frelsi einstaklingsins verði að tryggja með samvinnuvilja. Þar af leiðandi snýr stofnanatengdur mótvilji þeirra eingöngu að þvingandi stofnunum. Hann færir einnig rök gegn því að anarkismi sé útópískur þar sem anarkistar geri ekki ráð fyrir því að framtíðin verði ákvörðuð af nútíðinni, og þar af leiðandi reyni þeir ekki að setja upp ímynd af fullkomnu samfélagi sem eftirsóknarvert sé að vinna að. Þeir leggi áherslu á síbreytileika mannlegs samfélags sem geti aldrei staðnað í einhverju ákveðnu formi.<sup>152</sup> Í ljósi þeirrar hugmyndafræði anarkismans, að ríkisvald sé óþarft, þá segir Woodcock anarkisma snúast um þrennt: Gagnrýni á núverandi samfélagsskipulag, hugmyndir um eftirsóknarverðara samfélagsskipulag og áætlun um að koma því á fót. Þetta séu útgangspunktarnir sem anarkistar vinni út frá.<sup>153</sup>

Proudhon hafnaði því þó alfarið að hann væri að setja fram einhvers konar heildstætt hugmyndakerfi sem hægt væri að vinna eftir enda vantreysti hann pólitískum kenningum og leit svo á að pólitísk hugmyndafræði væri bundin lögmálum stöðugar þróunar, en þar má sjá tengsl við áherslu íronistans á stöðuga endurskoðun og

---

<sup>151</sup> Sama. Bls. 14.

<sup>152</sup> Sama. Bls. 14-16.

<sup>153</sup> Sama. Bls. 16.

endurskilgreiningu tungutaksins. Hann hafnaði því jafnframt að hafa sett á fót stjórnmalaflokk.<sup>154</sup> Proudhon vildi meina að með orðinu anarkismi gerði hann tilraun til að draga fram takmarkanir hins pólitíska ferlis. Hann leit svo á að hvers konar ríkisvald væri kúgandi. Það fæli í sér stýringu, eftirlit, flokkun og bælingu, allt í nafni heildarhagsmuna samfélagsins:

To be GOVERNED is to be watched, inspected, spied upon, directed, law-driven, numbered, regulated, enrolled, indoctrinated, preached at, controlled, checked, estimated, valued, censured, commanded, by creatures who have neither the right nor the wisdom nor the virtue to do so. To be GOVERNED is to be at every operation, at every transaction noted, registered, counted, taxed, stamped, measured, numbered, assessed, licensed, authorized, admonished, prevented, forbidden, reformed, corrected, punished. It is, under pretext of public utility, and in the name of the general interest, to be place[d] under contribution, drilled, fleeced, exploited, monopolized, extorted from, squeezed, hoaxed, robbed; then, at the slightest resistance, the first word of complaint, to be repressed, fined, vilified, harassed, hunted down, abused, clubbed, disarmed, bound, choked, imprisoned, judged, condemned, shot, deported, sacrificed, sold, betrayed; and to crown all, mocked, ridiculed, derided, outraged, dishonored. That is government; that is its justice; that is its morality.<sup>155</sup>

Hann hafnaði því ríkisvaldi og ítrekaði mikilvægi frelsis (e. *liberty*) sem hann áleit vera grundvöll hins nýja samfélagsskipulags, sem birtist sem syntesa sameignarstefnu og einkaréttarstefnu.<sup>156</sup> Hann vildi því meina að samfélaginu væri best varið undir formerkjum stjórnleysis með áherslu á jafnvægi náttúru og samfélags. Hann talaði um skipulagt stjórnleysi (e. *ordered anarchy*) og kallaði eftir samfélagsskipulagi þar sem nytjum og gæðum væri útdeilt á vísindalegan og sanngjarnan hátt: „Society finds its highest perfection in the union of order with anarchy“.<sup>157</sup>

Liberty is essentially an organizing force. To insure equality between men and peace among nations, agriculture and industry, and the centres of education, business and storage, must be distributed according to the climate and the geographical position of the country, the nature of

---

<sup>154</sup> Sama. Bls. 14.

<sup>155</sup> Pierre-Joseph Proudhon: *General Idea of the Revolution in the Nineteenth Century*. Þýð. Robinson, John Beverly. (Freedom Press, London. 1923) Bls. 293-294.

<sup>156</sup> Pierre-Joseph Proudhon: „The Birth of Anarchy: The Death of Property“. Bls. 68.

<sup>157</sup> Sama. Bls. 71.



products, the character and natural talents of the inhabitants, etc., in proportions so just, so wise, so harmonious, that in no place shall there ever be either an excess or a lack of population, consumption, and products. There commences the science of public and private right, the true political economy.<sup>158</sup>

Proudhon var þó andsnúinn umbreytingum með valdbeitingu, enda hafnaði hann því að menn beittu hvorn annan valdi. Því sá hann ekki fyrir sér ofbeldisfulla byltingu til að knýja á um samfélagsbreytingar, en samkvæmt honum voru stjórnarbyltingar aðeins til þess fallnar að endurstaðfesta trúna á, og undirgefni við valdhafa, og endurvekja harðstjórn. Þess í stað kallaði hann eftir eins konar náttúrulegri, samfélagslegri vakningu, þar sem menn tækju sig saman um að hafna kúgandi og sundurgreinandi yfirvaldi og vinna þess í stað að sameinandi samfélagssáttmála sem byggði alfarið á gagnkvæmri samvinnu og samþykki frjálsra og óþvingaðra aðila. „[The social contract] imposes no obligation upon the parties, except that which results from their personal promise of reciprocal delivery: it is not subject to any external authority: it alone forms the law between the parties“.<sup>159</sup> Með þess háttar kerfi samfélagssáttmála væri unnt að mynda sanna ríkisstjórn sem byggðist á fullveldi fólksins.

Svipaðar áherslur má greina í skrifum Bakúníns. Í bókinni *Dieu et l'état*, sem kom út að honum látnum árið 1882, gerði hann greinarmun á yfirráðum (e. *authority*) og ríkisvaldi (e. *government*) og skilgreindi yfirráð ekki endilega sem þvingandi yfirvald, heldur sem eins konar náttúruleg sem manningnum sé eðlislægt að hlíta. „We may misunderstand them or not know them at all, but we cannot disobey them; because they constitute the basis and fundamental conditions of our existence; they envelop us, penetrate us, regulate all our movements, thoughts, and acts; even when we believe that we disobey them, we only show their omnipotence“, en þessi skoðun endurspeglar ágætlega kenningu Althusers um grundvallarvirkni hugmyndafræðinnar.<sup>160</sup> Þessi lög væru ekki sambærileg þeim lögum sem ríkisvald setur þegnum sínum þar sem þau væru hvorki kúgandi né þvingandi, heldur fælust þau innra með hverjum manni og því væri

---

<sup>158</sup> Sama. Bls. 69-70.

<sup>159</sup> Pierre-Joseph Proudhon: „Proudhon: The General Idea of the Revolution“. *Anarchism. A Documentary History of Libertarian Ideas. Volume One: From Anarchy to Anarchism (300CE to 1939)*. Bls. 51-58. Þýð. Robinson, John Beverly. Ritstj. Graham, Robert. (Montreal/New York/ London, Black Rose Books. 2005) Bls. 53.

<sup>160</sup> Michael Bakúnín: „What is Authority?“. *The Anarchist Reader*. Bls. 309-314. Þýð. Tucker, Benjamin. Bls. 309.

það honum náttúrulegt og í raun nauðsynlegt að fylgja þeim. Bakúnín, líkt og Proudhon, vildi því uppræta ríkisvaldið og koma þess í stað á fót samfélagi sem lyti einungis þeim lögum sem væru mannum eðlislæg. Hann lagði jafnframt mikla áherslu á frelsi og tengdi það við hugmyndir sínar um þessi náttúruleg. Hann vildi meina að frelsi manna fælist í því að bera kennsl (sbr. hugmyndafræðileg kennsl Althusser<sup>161</sup>) á þessi náttúruleg og hlíta þeim vegna þess að þau væru mönnum eðlislæg.<sup>162</sup>

Bakúnín tiltók þrjár ástæður fyrir því að afnema ríkisvald: Í fyrsta lagi þá væru þau mannlegu vísindi sem stjórnarfyrikomulagið byggði á ávallt ófullkomin vegna þess að vísindi eru í sífelldri þróun.<sup>163</sup> Í öðru lagi þá væri hvert það samfélag sem samþykkti lög sem væru leidd af vísindalegum rökum, í stað eðlislægra tilhneinginga mannsins, ekki samélag manna heldur skepna. Í þriðja lagi þá endi allar ríkisstjórnir óhjákvæmilega í eigin spillingu.<sup>164</sup> Bakúnín vildi þó ekki hafna öllu yfirvaldi heldur ítrekaði hann mikilvægi þess að lúta sérþekkingu manna, ekki vegna þess að maður sé þvingaður til þess, heldur vegna þess að hans eigin skynsemi mæli fyrir um það. Hann ítrekaði því þann hag sem samfélagið hljóti af samvinnu, vegna þess að enginn einn maður hefði það á sínu færi að skilja til fulls öll vísindi og allar hliðar mannslegs samfélags: „I receive and I give – such is human life. Each directs and is directed in his turn. Therefore there is no fixed and constant authority, and, above all, voluntary authority and subordination“.<sup>165</sup>

Bakúnín og Proudhon voru því sammála um mikilvægi samfélagslegrar samvinnu frjálsra einstaklinga sem væru lausir undan hvers konar þvingandi yfirvaldi. Rússneski vísindamaðurinn Peter Kropotkin (1842-1921) lagði síðar sitt af mörkum til að undirstrika mikilvægi samvinnu í mannlegu samfélagi. Árið 1902 gaf hann út bókina *Mutual Aid: A Factor of Evolution* þar sem hann færði rök fyrir því að samvinna, eða gagnkvæm aðstoð (e. *mutual aid*), væri lykilþáttur í þróun tegunda; þáttur sem stuðlaði að hámarksafkomu og eflingu þeirra.

---

<sup>161</sup> Sjá bls. 19

<sup>162</sup> Sama. Bls. 310.

<sup>163</sup> Hér má sjá tengsl við hugmyndir Rortys um óstöðugleika tungutaksins og gagnrýni hans á tilhneingingu frumspekinnar til að setja fram „algildan sannleika“.

<sup>164</sup> Bakúnín: Sama heimild. Bls. 311.

<sup>165</sup> Sama. Bls.313.

In the practice of mutual aid, which we can retrace to the earliest beginnings of evolution, we thus find the positive and undoubted origin of our ethical conceptions; and we can affirm that in the ethical progress of man, mutual support – not mutual struggle – has had the leading part. In its wide extension, even at the present time, we also see the best guarantee of a still loftier evolution of our race.<sup>166</sup>

Kropotkin hafnaði því ríkisvaldi á þeim forsendum að það væri þróun mannkyns í hag að vinna saman, í stað þess að keppa að lífsins gæðum. Hann lagði áherslu á jafnræði (e. *equality*) og vildi meina að með því að sækjast eftir jafnræði væri stuðlað að gagnkvæmri virðingu milli einstaklinga og frelsi þeirra staðfest. Samkvæmt honum endurspeglaði anarkisminn þess háttar siðferði.

By proclaiming ourselves anarchists, we proclaim beforehand that we disavow any way of treating others in which we should not like them to treat us [...]. Equality in all things, the synonym of equity, this is anarchism in very deed. It is not only against the abstract trinity of law, religion, and authority that we declare war. By becoming anarchists we declare war against all this wave of deceit, cunning, exploitation, depravity, vice – in a word, inequality – which they have poured into all our hearts. We declare war against their way of acting, against their way of thinking.<sup>167</sup>

Þessar hugmyndir Proudhon um svikult eðli yfirvalds endurspeglast í gagnrýni Besta flokksins á ríkjandi stjórnmalafyrirkomulagi síðustu áratuga, sem hann vildi einmitt meina að væri gegnsýrt af spillingu og því nauðsyn að stuðla að breytingu á kerfinu.

## **Anarkískar hreyfingar**

Samfélagsleg og efnahagsleg útfærsla á hugmyndum anarkistanna hefur aldrei náð að festa almennilega rætur, þó svo að angar hennar hafi sprottið upp víðs vegar um heiminn. Anarkískar hreyfingar tengdust snemma verkamannahreyfingum, enda auðvelt að sjá ákveðna samnefnara í baráttu þeirra beggja. Þannig hefur anarkismi oft verið

---

<sup>166</sup> Peter Kropotkin: „Mutual Aid“. *Anarchism. A Documentary History*. Bls. 184-186. Bls. 186.

<sup>167</sup> Sami höf.: „Anarchist Morality“. *Anarchism. A Documentary History*. Bls. 186-188. Bls. 186.

tengdur við kommúnisma þar sem báðir leggja áherslu á óréttlæti kúgandi ríkisvalds. Fyrsta alþjóðlega verkamannahreyfingin, *The International Workingmen's Association*, sem stofnuð var á sjöunda áratug 19. aldar og fól upphaflega í sér báðar þessar hreyfingar, endaði þó með því að klofna vegna óásættanlegs ágreinings milli kommúníska armsins, undir forystu Karls Marx (1818-1883), og anarkistanna, undir forystu Bakúnín. Marxistarnir lögðu áherslu á að stofna pólitísk samtök sem miðuðu að því að koma verkalýðnum í ríkjandi valdstöðu í samfélaginu. Anarkistarnir stóðu aftur á móti fast gegn hvers konar yfirvaldi, líka verkalýðsins, og vildu þess í stað koma á fót hagrænum stofnunum verkamanna í samræmi við starfsgreinar þeirra.<sup>168</sup> Þrátt fyrir rof marxismans og anarkismans þá héldust enn sterk tengsl milli verkamannahreyfinga og anarkismans sem þróuðust yfir í sérstaka grein, svokallaðan anarkó-syndikalisma. Woodcock talar um að markmið þess háttar félagasamtaka hafi ekki eingöngu verið að krefjast betri launa, heldur ættu þau einnig að starfa í þágu samfélagslegra umbreytinga.<sup>169</sup> Emma Goldman (1869-1940) dró fram tengslin á milli anarkismans og syndikalismans í grein sinni „Syndicalism: Its Theory and Practice“ frá árinu 1913, þar sem hún sagði syndikalisma í raun vera hagræna tjáningu anarkisma. Syndikalisma sagði hún hafa vaxið upp úr vonbrigðum verkamanna með pólitískar aðferðir ríkisins sem hölluðust að kapítalísmannum. Hún vildi meina að bæði syndikalismi og anarkismi beindust gegn einhliða auðsöfnun kapítalísmans sem nærðist á kúgun verkamanna og að þeir ynnu hvor fyrir sig að afnámi þeirrar valdmisbeitingar og spillingar sem fælist óhjákvæmilega í öllum pólitískum flokkum, og endurspeglast í áherslum Besta flokksins í kosningabaráttunni. Syndikalistar, líkt og anarkistar, miði því að frjálsu samfélagi þar sem samvinna, samstaða, gagnkvæm aðstoð og hagræn velferð allra sé höfð að leiðarljósi.<sup>170</sup> En jafnvel þó svo að syndikalistar og anarkistar hafi átt marga sameiginlega fleti, eins og Goldman benti á, þá var syndikalisminn líka gagnrýndur fyrir of þröngt sjónarhorn sem einblíndi eingöngu á hag verkamanna. Errico Malatesta (1853-1932) benti t.d. á að allir, ekki aðeins verkalýðurinn, væru bundnir þeim samkeppnislögmálum sem ríkisvald og einkaréttur leiði af sér. Hann vildi því meina að aðgreining í verkalýð og borgarastétt stæði ekki á föstum grunni þar sem allir lytu jafnt lögmálum stjórnarfyrikomulagsins; óréttlæti væri aðeins afleiðing þess. „Thus, in the true sense of the word, there are no classes because there are no class interests. In the

---

<sup>168</sup> Woodcock: Sama heimild.

<sup>169</sup> Sama.

<sup>170</sup> Emma Goldman: „On Syndicalism“. *Anarchism. A Documentary History*. Bls. 202-206.

heart of the working “class”, as in the heart of the bourgeoisie, competition and struggle continue. The economic interests of one category of workers will be irrevocably opposed to those of another category“.<sup>171</sup> Hann vildi meina að syndikalisminn fæli aðeins í sér aðferðir, en ekki markmiðið, en anarkismi væri aftur á móti markmið í sjálfu sér:

Anarchy is the *end*. The anarchist revolution which we desire far exceeds the interests of a single class: it proposes the complete liberation of enslaved humanity, from the triple viewpoint, economic, political and moral. And let us therefore be on our guard against any unilateral and simplistic plan of action. Syndicalism is an excellent means of action by reason of the working-class forces which it puts at our disposition, but it cannot be our sole means. Even less must we lose sight of the one end that is worth our effort: Anarchy!<sup>172</sup>

Þessi orð Malatesta undirstrika áherslu anarkista á jafnræði og frelsi allra einstaklinga, þar sem allir menn hafi í raun sömu hagsmuna að gæta. Stéttamismunur sé aðeins ein afleiðing þess stjórnarfars og kapítalíska siðferðis sem ríkt hafi, þar sem ríkisvald og valdbeiting feli ávallt í sér að einhverjir þurfi að beygja sig undir vilja og yfirráð annarra. Því sé mikilvægt að gæta þess að afnema algjörlega þess háttar valdskiptingu, og falla ekki í þá gryfju að ímynda sér að valdataka verkalýðsins myndi á nokkurn hátt vera öðruvísi. Frelsi, jafnræði og samvinna allra einstaklinga er markmið anarkismans.

## Skipulagt stjórnleysi

Samkvæmt anarkistunum snýst stjórnleysi alls ekki um óreiðu, heldur leggja þeir þvert á móti áherslu á skipulag. Þeir kalla eftir skipulegri samvinnu allra manna þar sem jöfn samskipti óháð stigveldisskiptingu eru höfð að leiðarljósi; þá fyrst verði samfélag manna frjálst. Hagfræðingurinn Anthony de Jasay (f. 1925) tekur upp þennan þráð í skrifum sínum, eins og fram kemur í bókinni *Against Politics. On Government, Anarchy, and Order*, frá árinu 1997. Jasay, líkt og anarkískir fyrirrennarar hans, hafnar öllu ríkisvaldi. Hann ítrekar það strax í inngangi bókarinnar að gagnrýni hans beinist að

---

<sup>171</sup> Errico Malatesta: „Pierre Monatte and Errico Malatesta: Syndicalism – For and Against“. *Anarchism. A Documentary History*. Bls. 206-211. Bls. 209-210.

<sup>172</sup> Sama. Bls. 211.

sjálfu fyrirbærinu ríkisvaldi, en ekki að vanstjórn eða óstjórn einhverra sérstakra stjórnvalda, og tekur hann þar með undir orð Edmunds Burke sem hélt því fram að fyrirbærið sjálft væri misbeiting: „[T]he Thing itself is the Abuse“.<sup>173</sup> Hann gagnrýnir lýðræði m.a. fyrir valdbeitingu í krafti meirihlutans, ásamt því að gagnrýna þær skynsemisáherslur sem ítrekaðar eru í röksemdarfærslum fyrir þess háttar meirihlutastjórniræði, sem endurspeglar gagnrýni Rorty á hið frumspekilega skynsemismiðaða viðhorf sem ríkt hefur í samfélaginu. Hann telur skynsemi samantekinnna ákvarðanna (e. *collective choice*) og samningagerðar (e. *contractarianism*) vera afar vafasama, og bendir á að með því að samþykkja yfirvald út frá rökum almannahagsmuna, þá séu skynsamir einstaklingar jafnframt að gangast sjálfviljugir undir þvingandi vald þess yfirvalds.<sup>174</sup> „Nine-tenths of practical politics is the making of nonunanimous decisions by some, which hurt others“.<sup>175</sup>

Jasay hafnar því pólitík eins og hún leggur sig, og varar við þeirri pólitísku tilhneigingu að setja samasemmerki á milli „réttar“ og „frelsi“.

A right confers a benefit on its holder. In order for him to enjoy it, an obligor must fulfill the corollary obligation – which is generally onerous to some degree. Only in the limit is bearing and fulfilling it a matter of indifference. The rightholder can require the obligor to perform as foreseen. A liberty, on the other hand, is exercised without calling for specific performance by any other party; apart from negative externalities that may be generated by my using it, my liberty is costless to everybody else.<sup>176</sup>

Jan Narveson (f. 1936) undirstrikar þessa áherslu Jasay á frelsi í bókinni *Ordered Anarchy: Jasay and His Surroundings*. Þar dregur hann fram áherslur Jasays á mikilvægi frelssis í mannlegum samskiptum. Frelsi til að bregðast við hegðun hvers annars sé grundvöllurinn að hinu samfélagslega gangverki sem geti leitt samfélagið í

---

<sup>173</sup> Anthony de Jasay: „Introduction“. *Against Politics. On Government, Anarchy, and Order*. Bls. 1-7. (London, Routledge. 1997) Bls. 3.

<sup>174</sup> Sama.

<sup>175</sup> Sami höf.: „Frogs‘ Legs, Shared Ends, and the Rationality of Politics“. *Against Politics*. Bls. 64-72. Bls. 71.

<sup>176</sup> Sami höf.: „Liberties, Rights, and the Standing of Groups“. *Against Politics*. Bls. 218-241. Bls. 219.

ákjósanlegasta farveginn.<sup>177</sup> Þarna endurspeglast áherslur fyrri anarkista á mikilvægi þess að hafa frelsi til að bregðast við þeim aðstæðum sem upp koma hverju sinni, án þess að þurfa að hlíta einhverju fyrirframmótuðu regluverki sem segi til um hvernig háttá beri hegðun manna. Ákjósanleg samfélagsþróun byggir á sífbreytileika og gagnkvæmri virðingu fyrir frelsi hvers annars, en hún er hömluð með þvingandi regluverki ríkisvalds. Jasay telur því að samfélaginu, og einstaklingum þess, farnist best með því að afnema pólitík.

## Besti flokkurinn og anarkismi

Grundvöllur anarkismans er því frelsi, gagnkvæm virðing og samvinna, en allt þetta vilja anarkistar meina að sé bælt niður í ríkjandi samfélagsskipulagi, þar sem þvinganir og samkeppni séu ráðandi öfl. Hið pólitíska svið á Íslandi er þar ekki undanskilið. Hér, eins og víða annars staðar, hefur rík áhersla verið lögð á mikilvægi stjórnarskrár og lagalegt regluverk ríkisins til að staðfesta landsmenn sem sjálfstæða þjóð. Frelsi einstaklinga í landinu lýtur því ákveðnum takmörkunum sem landsmenn sjálfir kusu yfir sig með meirihlutasamþykki þann 17. júní 1944. Stjórnarskráin, þetta grundvallarregluverk, hefur lítið breyst síðan þá, og sama má segja um stjórn málin sjálf.<sup>178</sup> Samkeppni um völdin ásamt flokkshyggju og eiginhagsmunahyggju virðast vera allsráðandi, en gagnkvæm virðing, jafnræði eða hagur almennings hafa ekki verið fyrirferðamikil. Það er ekki síst þessi hræsni stjórn mála flokka sem Besti flokkurinn varpaði ljósi á í kosningabaráttu sinni fyrir borgarstjórnarkosningarnar vorið 2010, og anarkistar hafa jafnframt afhjúpað sem meingallaðan fylgifisk pólitíkur, þ.e.a.s. að stjórn málamenn starfi með hagsmuni einhvers konar ímyndaðrar heildar að leiðarljósi; heildar sem þó getur aldrei verið annað en í besta falli ríkjandi meirihluti og í versta falli hávæer minnihluti. Í kosningabaráttu Besta flokksins kom fram hörð gagnrýni á hefðbundna stjórn málavirkni, eins og áður hefur komið fram, en eins og Woodcock benti á þá er gagnrýni á núverandi skipulag einn af lykilþáttum anarkismans. Með afhjúpanni gjörningi sínum í kosningabaráttunni varpaði flokkurinn ljósi á ósamræmið

---

<sup>177</sup> Jan Narveson: „Athony de Jasay on Liberties and Rights“. *Ordered Anarchy: Jasay and His Surroundings*. Bls. 13-20. Ritstj. Bouillon, Hardy og Hartmut Kliemt. (Hampshire, Ashgate. 2007) Bls. 20.

<sup>178</sup> Benda má á í þessu samhengi að sett hefur verið saman stjórn lagaráð á Íslandi sem hefur það verkefni að endurskoða stjórnarskrána frá árinu 1944 og koma með tillögur að endurbótum á henni.

sem felst í orðum stjórnámálanna annars vegar og gjörðum þeirra hins vegar, og tókst þeim m.a. að grafa undan kosningaloforðum andstæðinga sinna með því að segjast ætla að brjóta eigin kosningaloforð, en með því drógu þeir úr merkingarbærni allra kosningaloforða, bæði sinna og annarra.

Meðlimir flokksins hafa margir lýst því yfir að þeir séu anarkistar, eins og t.d. formaður flokksins og núverandi borgarstjóri, Jón Gnarr, gerði í nýlegu viðtali í DV:

Ég er anarkisti. Ekki af því að hann sé svo frábær heldur af því að það er ekkert frábært. Ég er ekkert betri en aðrir, og það er það enginn. [...] Besti flokkurinn er ekki til í raun. Hann er hugmynd sem fæddist út frá hugmyndafræði annarra flokka, sem eru mjög innantómir, marklausir og stefnulausir. Stefnuskrá þeirra er óraunveruleg og absúrd, mikil umgjörð utan um ekkert. Svo er orðið svo mikið af fólki sem hefur alla ævi verið í skóla. Fyrir þeim eru stjórnámál ákveðinn frami en ekki hugsjón, hvað þá ástríða<sup>179</sup>.

Eins og áður hefur komið fram vill Jón þó forðast það að njörva flokkinn niður í eitthvert ákveðið hólf, og neitar að stimpla flokkinn með hugtakinu anarkismi. Hann segir anarkisma vera á vinstri væng stjórnámálanna, en hann segist vera á móti hvers konar forræði sem skipi fyrir um hegðun fólks með boðum og bönnum. Hann telur einnig að stjórnámálaflokkarnir á Íslandi séu komnir á endastöð: „They are done“.<sup>180</sup> Flokkurinn hefur jafnframt hafnað því að vera stjórnámálaflokkur, og stígur þar með í spor anarkíska frumkvöðulsins Proudhon sem einnig hafnaði því að hafa stofnað flokk.<sup>181</sup> Hann segist frekar vera stjórnámálapartý (útúrsnúningur á enska heitinu *political party*) sem leggi meiri áherslu á ímyndunarafl en rökhugsun.<sup>182</sup> Jón undirstrikar óstöðugt „eðli“ flokksins og segir að „[k]annski verð[i] Besti flokkurinn alltaf til. Besti flokkurinn [hafi komið] með nýja hugsun inn í borgarkerfið. Kannski [þurfi] hann að laga sig að kerfinu fyrir næstu kosningar, kannski [renni] hann inn í aðra flokka og kannski [hætti þau] öll“.<sup>183</sup> Besti flokkurinn byggir því að einhverju leyti á anarkískum hugmyndum, og ljóst að því fylgir einhver alvara þegar meðlimir hans kalla

<sup>179</sup> Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir: „Svívirtur af klæðskiptingi“.Bl. 34.

<sup>180</sup> Haukur S. Magnússon: Sama heimild.

<sup>181</sup> Sölvi Tryggvason (dagskrárgerðarmaður): „Viðtal við við Jón Gnarr“ . *Spjallið með Sölva sjónvarpsþáttur*. (Reykjavík, Skjár Einn. 2. mars 2011

<sup>182</sup> „Meira ímyndunarafl en rökhugsun“. *mbl.is*, 15. jún. 2010. Sótt 18. jún. 2011 af

[http://mbl.is/frettir/innlent/2010/06/15/meira\\_imyndunarafl\\_en\\_rokhugsun/](http://mbl.is/frettir/innlent/2010/06/15/meira_imyndunarafl_en_rokhugsun/)

<sup>183</sup> Sama.



sig anarkista. Þeir feta ekki eingöngu í fótstjór Proudhon með því einu að neita því að vera stjórnmalaflokkur, heldur fylgja þeir anarkismanum með því að gagnrýna núverandi stjórnmalafyrirkomulag harðlega og grafa undan hefðbundinni pólitík með gjörningum sínum. Þá leggur flokkurinn einnig áherslu á að færa valdið nær þegnum, en skýrasta dæmið um þær áherslur kemur fram í samstarfsyfirlýsingu Besta flokksins og Samfylkingarinnar þar sem fjallað er um hverfastefnu, en þar er m.a. lagt til að „[a]ukin verkefni og fjárráð flytjist til hverfaráðanna“ og að „[ ] tillögur um hvernig best sé að draga úr miðstýringu og auka sjálfstæði hverfanna með eflingu hverfaráða, hverfatengdrar þjónustu og forgangsroðun í rekstri innan hverfis [verði útfærðar í samráði við íbúa og starfsfólk]“.<sup>184</sup>

Sú staðreynd að flokkurinn sitji í meirihlutastjórn í borgarstjórn Reykjavíkur dregur þó úr anarkískri marktækni hans, en með því gengur hann gegn anarkískum hugmyndum sem ganga allar út frá því að hafna hefðbundnu yfirvaldi og þátttöku í þess háttar skipulagi. Woodcock bendir þó réttilega á að þegar hann gaf út bókina *The Anarchist Reader* á áttunda áratug síðustu aldar, þá hafi hvergi átt sér stað anarkískar byltingar á nýliðnum tíma sem hafi leitt af sér raunverulegar breytingar á valdafyrirkomulagi, og ekkert hefur breyst í þeim efnum síðan þá. „A recognition of this fact has led some contemporary anarchists to abandon the direct attack on the citadel of power, on the assumption that it may collapse through undermining if they change the attitudes of people at the grassroots level“.<sup>185</sup> Áherslan hafi því færst frá beinu áhlaupi á valdastrúktúrinn yfir í að grafa undan því og reyna að breyta viðhorfi fólks gagnvart yfirvaldi með því að afhjúpa virkni þess, en einmitt má lesa slíka tilraun út úr athöfnum Besta flokksins í kosningabaráttunni. Jón Gnarr kallar þannig eftir menningarlegri byltingu þar sem samfélagsstrúktúrinn yrði endurskoðaður frá grunni; hann vill sjá allsherjar breytingu.<sup>186</sup> Sem dæmi um hreyfingu sem gerði tilraun til að grafa undan yfirvöldum með ögrandi aðferðum greinir Woodcock frá anarkistahreyfingu í Hollandi, *Provos*, frá sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Aðgerðir hennar hafi verið til þess fallnar að hvetja Hollendinga til að endurskoða viðhorf sitt til þeirrar sjálfgefnu stöðu sem velferðaríkisstjórn landsins var komin í. Hún hafi notað óvenjulegar aðferðir til að draga fram hið sanna andlit ríkisstjórnarinnar, en eftir að hafa hrist upp í hlutunum þá

<sup>184</sup> „Samstarfsyfirlýsing Besta flokksins og Samfylkingarinnar“. Sótt 20. jan. 2011 á heimasíðu Besta flokksins, *bestiflokkurinn.is*. af <http://www.bestiflokkurinn.is/ur-starfi-flokksins/samstarfsyfirlýsing-besta-flokksins-og-samfylkingarinnar>

<sup>185</sup> Woodcock: Sama heimild. Bls. 53.

<sup>186</sup> Haukur S. Magnússon: Sama heimild.

leystu þeir sjálfviljugir upp hreyfinguna til að undirstrika muninn frá stjórnmalaflokkunum.<sup>187</sup> Það má vel sjá tengsl Besta flokksins við *Provos*-hreyfinguna, þrátt fyrir að hann hafi gengist inn í stöðu ríkjandi yfirvalds. Besti flokkurinn beitti nýstárlegum aðferðum til að afhjúpa hefðbundin stjórnmal og varpa ljósi á hræsnisfulla framsetningu þeirra ásamt því að draga úr þeirri staðreynd að hann vær raunverulegur pólitískur þátttakandi. Hann lagði einnig mikla áherslu á að breyta venjum og hefðbundinni virkni stjórnála. Hann vildi laga til í pólitíkinni, gera hana aðgengilegri og skiljanlegri fyrir almenning, þ.e.a.s. að vinna í því innan frá að breyta viðhorfi fólks til stjórnála. Eins og Einar Örn tekur fram í pistli sínum, þá hafi flokkurinn brotið „múrinn“, þ.e. hann fór út fyrir hið hefðbundna form til að reyna að endurmóta „stjórnmal“ sem allir skilji.

„Besti flokkurinn er félagsskapur karla og kvenna sem vilja vinna á heiðarlegan og jákvæðan hátt að því að gera stjórn-málið skýrt og skiljanlegt, svo að raunverulegt samtal geti átt sér stað í samfélaginu um það hvernig við viljum haga lífi okkar, óháð gömlum valdablokkum og hugmyndakerfum. [...] Við erum ekki niðurstaðan af því samtali, við erum aðeins byrjunin“.<sup>188</sup>

Kosningabarátta Besta flokksins litaðist því að einhverju leyti af anarkískum áherslum, en erfitt er að koma auga á þær áherslur í núverandi starfi flokksins í borgarstjórn. Má því álykta að innganga flokksins í hina hefðbundnu stöðu yfirvalds hafi leitt til þess að flokkurinn aðlagðist umhverfi sínu og féll inn í þessa fyrirframmótuðu stöðu valdhafans, því með því að gangast inn í stöðu yfirvalds þá tapast anarkísk virkni samkvæmt kenningum Proudhons um anarkismann.

---

<sup>187</sup> Sama.

<sup>188</sup> Einar Örn Benediktsson: Sama heimild.

## Niðurstöður

Framkoma Besta flokksins í kosningabaráttunni var mótsagnakennd og einkenndist af óstöðugleika og ósamræmi. Hann beitti íroníu, gríni og háði, til að varpa ljósi á hvernig þessi einkenni koma fram í hefðbundinni stjórnmalavirkni og gagnrýndi starfshætti stjórnmalanna. Hann dró upp „afskræmda spegilmynd“ af þeim með því að taka upp þessa starfshætti og ýkja þá.<sup>189</sup> Flokkurinn beindi sérstakri athygli að tungutaki stjórnmalamanna og gagnrýndi þá fyrir að vera óskiljanlegir og úr takti við samfélagið. Jón Gnarr sagðist hafa verið orðinn „þreyttur á innantómum vaðli stjórnmalamanna, loforðum þeirra, valdabaráttu, yfirborðsmennsku og hroka“.<sup>190</sup> Flokkurinn lagði til atlögu gegn spillingunni sem hann taldi gegnsýra hið pólitíska stjórnkerfi og réðist á þá undirliggjandi hugmyndafræði sem hið íslenska fjórflokkakerfi grundvallast á. „Hugmyndafræði stjórnmalaflokkanna er stöðnuð og komin í blindgötu. Hér vantar skapandi hugsun og frumkvæði“.<sup>191</sup> Þessi ummæli Jóns endurspeglar áherslur flokksins á að breyta og bæta ríkjandi kerfi; áherslur sem eru sprotnar úr einlægum vilja til að hafa áhrif.

Jón Gnarr lagði einmitt áherslu á mikilvægi skapandi hugsunar sem hann sagði ríkjandi kerfi útiloka vegna þess að slík hugsun feli í sér ógn gegn fullmótaðri birtingarmynd kerfisins. Hann birtist að því leyti sem „náttúrulegur menntamaður“ sem er fær um að beita sér gegn ríkjandi þjóðfélagsgerð samkvæmt skilgreiningu Gramsci.<sup>192</sup> Jón kom fram sem drífandi gagnrýnið afl, meðvitaður um mögulegt hlutverk listarinnar sem gagnforræðisafll. Listin geti birst sem tæki til að ögra ríkjandi viðhorfum, eða, eins og Mouffe kallar það, sem listrænn pólitískur aktivismi. Þess háttar listrænn aktivismi birtist sem gagnforræðisleg íhlutun er truflar hina hefðbundnu samfélagslegu mynd sem ríkjandi forræðisöfl vilja halda á lofti og viðhalda.<sup>193</sup> Listrænn bakgrunnur margra meðlima Besta flokksins gerði þá ef til vill betur í stakk búna til þess að gegna þessu andófshlutverki; þeir gátu jafnvel frekar greint möguleika á íhlutun með gagnrýnni nálgun.

---

<sup>189</sup> Jón Gnarr: „Kæri Reykvíkingur“.

<sup>190</sup> Sama

<sup>191</sup> Sama

<sup>192</sup> Sjá bls. 29

<sup>193</sup> Sjá bls. 30

Þessi gagnrýna nálgun flokksins birtist einna helst í íronískri framsetningu á hefðbundinni stjórnmalavirkni í kosningabaráttu hans. Hann afskræmdi og ýkti venjubundna starfshætti pólitíska sviðsins til að varpa ljósi á galla þess. Íronísk afstaða Besta flokksins endurspeglast t.d. í áherslum hans á ímyndunarafli og skapandi hugsun frekar en rökhugsun. Í ljósi hugmynda Rortys mætti jafnvel halda því fram að hið hefðbundna fjórflokkakerfi endurspegli hina frumspekilegu afstöðu sem virðist hafa verið ráðandi í samfélaginu (þar sem mikil áhersla er lögð á skynsemi og rökhugsun), en að Besti flokkurinn endurspegli hina íronísku afstöðu (þar sem áherslan er á ímyndunarafli og óstöðugleika tungutaksins). Besti flokkurinn vildi breyta hefðbundnu tungutaki ríkjandi stjórnmalafyrirkomulags; „breyta stjórnála- og umræðuhefð þjóðar“.<sup>194</sup> Hann reyndi að varpa ljósi á óstöðugleika þess með íronískri framsetningu sinni í kosningabaráttunni, en framsetning flokksins bar þess merki að meðlimir hans voru meðvitaðir um þátt vals og vilja í notkun á tungutaki. Þannig valdi flokkurinn t.d. að nota stuðandi orð eins og *aumingjar*, *vitleysingar* og *þroskaheftir* í kosningabaráttunni; orð sem eru yfirleitt bannyrði í opinberri umræðu. Þessa íronísku aðferð notaði hann til að gagnrýna notkunina á „hátíðlegu“ orðfæri í pólitískri framsetningu og afhjúpa uppgjörðarleika hennar. T.d. mætti líta á slagorðið „allskonar fyrir aumingja“ sem skopstælingu á „skjaldborg um þá sem minna mega sín í samfélaginu“, eða eitthvað í þá áttina. Besti flokkurinn var því mjög meðvitaður um þessa sjálfstæðu virkni í vali á tungutaki og þeim áhrifum sem það hefur.

Þrátt fyrir að flokkurinn hafi beitt íroníu á markvissan hátt til að varpa ljósi á óstöðugt eðli hvers tungutaks, í gegnum gagnrýni sína á „stjórn-málið“ sérstaklega, þá felst samt einlægni í athöfnum hans. Oft getur þó verið erfitt að greina á milli einlægni og íroníu, og dregið hefur verið í efa að til sé eitthvað sem líta megi á sem „raunverulega“ einlægni. Rogers hélt því t.d. fram að áhersla íronista á óstöðugleika tungutaksins útiloki möguleikann á einlægni, þar sem ómögulegt sé að vera hvort tveggja í senn einlægur og vera stöðugt að setja fram efasemdir um tungutakið og leggja áherslu á tilviljanatengsl þess. Hann gerir ekki ráð fyrir að íronískt viðhorf geti jafnframt verið einlægt. En líta má á íroníska framsetningu Besta flokksins sem einlæga vegna þess að ásetningur hans var einlægur. Hann beitti íroníu til að koma á framfæri einlægu sjónarhorni og vildi „raunverulega“ breytingu.<sup>195</sup> Einnig má benda á að

---

<sup>194</sup> Einar Örn Benediktsson: Sama heimild.

<sup>195</sup> Sjá bls. 42

skilgreining Fernandez og Huber á íroníu gefur ekki til kynna að hún útiloki einlægni, heldur geti hún einmitt verið notuð sem „vopn“ í baráttu fólks fyrir því sem það trúir á af einlægni. Þau segja íroníu geta birsts sem and-pólítík, þar sem hún geti varpað ljósi á hrokafulla afstöðu og sjálfshygli hins pólitíska flokkakerfis, og þar með sé hún að vissu leyti áhrifarík.<sup>196</sup> Íronía er vel til þess fallin að vekja vilja til breytinga með því að varpa ljósi á galla ríkjandi kerfis. Niðurrífandi eiginleikar íroníu útiloka því ekki samfélagslegar endurbætur, enda oft nauðsynlegt að byrja á því að rífa niður það sem fyrir er til þess að byggja upp að nýju. Afhjúpunin og endurskilgreiningin sem felst í hinu íroníska viðhorfi bera með sér möguleika á breytingu því að með því að vera sífellt að endurskoða og endurskilgreina hvernig við notum tungumálið þá er hægt að gagnrýna ástandið og vekja vilja til umbóta.

Íronískt viðhorf og framkoma Besta flokksins var til þess fallin að gagnrýna hugmyndafræðina sem hið ríkjandi stjórn málaumhverfi byggði á. Hann kom fram sem andstæðingur (eða keppinautur) ríkjandi afla og virtist því hafna hugmyndafræði ríkjandi fyrirkomulags, en ef litið er til þess að hugmyndafræði þeirrar átakapólítíkur sem einkennir vestræn nútímasamfélög gerir beinlínis ráð fyrir deilandi aðilum, má líta svo á að flokkurinn hafi í raun innlimast inn í ráðandi hugmyndafræði jafnvel þó hann hafi komist til valda sem ákveðið andófsafl. Jason Edwards heldur því fram að hugmyndafræðin feli í sér ákall til einstaklinga sem *keppinauta*, þ.e. hún móti andstæðinga sem takast á. Þar með myndast rými fyrir andóf gegn hugmyndafræði ríkjandi afla. Edwards heldur því fram að hugmyndafræðileg togstreita sé sérstaklega áberandi á pólitíska sviðinu í nútímanum í ljósi útbreiðslu og lýðræðisvæðingar félagslegrar og pólitískrar baráttu, sem hann segir vera eitt helsta einkenni nútímans.<sup>197</sup>

Kosningabaráttu Besta flokksins litaðist af þessari andstöðu við hugmyndafræði ríkjandi afla þar sem hann gagnrýndi harkalega pólitíska starfshætti stjórn málaakerfisins, en eftir að flokkurinn komst til valda má glöggst sjá hvernig hann gekk sjálfur inn í þessa starfshætti. Samstarfsyfirlýsing Besta flokksins og Samfylkingarinnar er dæmi um það hvernig Besti flokkurinn aðlagðist hefðbundnum pólitískum aðferðum, en þar ber mun meira á alvarleika, þrátt fyrir að það glitti á ýmsum stöðum í háðið sem einkenndi gagnrýna framsetningu flokksins í kosningabaráttunni. Þetta gefur til kynna að eftir að flokkurinn komst til valda þá hafi rýmið til gagnrýnnar andstöðu gegn ríkjandi

---

<sup>196</sup> Sjá bls. 33

<sup>197</sup> Jason Edwards: Sama heimild. Bls. 50

starfsháttum dregist saman, enda erfitt að viðhalda andstöðu gegn eigin valdi. Grínið sem einkenndi helst kosningabaráttuna hefur því lotið í lægra haldi fyrir þeirri alvöru sem ríkjandi er á hinu hefðbundna pólitíska valdasviði. Besti flokkurinn hafði samt sem áður áhrif á hinn „hefðbundna“ pólitíska „leik“ þar sem hann neitaði að fylgja „hefðbundnum“ starfsháttum í kosningabaráttunni. Með því knúði hann hina framboðsflokkana til að laga sig að sinni eigin framkomu og taka upp nýja hætti.<sup>198</sup> Kosningabaráttan vorið 2010 litaðist því öll af þessum „óhefðbundnu leikendum“ sem reyndu að hrista upp í hátíðlegu yfirbragði stjórnmalanna. Eftir kosningarnar hefur framkoma Besta flokksins breyst til muna og segja má að hann hafi þá aðlagast því umhverfi sem hann var genginn inn í. Þar af leiðandi er erfitt að halda til streitu tengslum flokksins við anarkískar hugmyndir, því þrátt fyrir að gagnrýna ríkjandi valdastrúktúr þá gengur hann gegn grundvallaratriði anarkismans, þ.e. að hafna hvers konar stigskiptu yfirvaldi, með því að taka sér sjálfur stöðu þess yfirvalds.

Besti flokkurinn beitti íroníu í markvissri og einlægri gagnrýni sinni á hugmyndafræði ríkjandi stjórnmalafyrirkomulags, og nýtti íroníu til að koma einlægu sjónarmiði til skila, sem endurspeglaði fólksvalausan breytingarvilja. Þrátt fyrir gagnrýna afstöðu til hugmyndafræði fjórflokkakerfisins tók hann sér hefðbundna stöðu áskorandans sé litið til ráðandi hugmyndafræði átakapólitíkur, sem einkennir nútímasamfélög að mati Edwards, og þ.a.l. gekkst hann við ráðandi hugmyndafræði og innlimaðist í „kerfið“. Sú staðreynd að flokkurinn tók við valdastöðunni eftir að hafa farið með sigur úr bítum í kosningunum gerir það jafnframt að verkum að hugmyndir anarkismans eiga lítinn samhljóm með Besta flokknum, enda þótt viðhorf flokksins í kosningabaráttunni hafi að mörgu leyti virst lituð af þeim.

Eva Hafsteinsdóttir

---

<sup>198</sup> Sjá bls. 14

## Heimildir

- Althusser, Louis: „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórnæki ríkisins (rannsóknarpunktur)“. *Af marxisma*. Bls. 175- 228. Þýð. Egill Arnarson. Ritstj. Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson. (Reykjavík, Nýhil. 2009)
- Bakúnín, Michael: „What is Authority?“. *The Anarchist Reader*. Bls. 309-314. Þýð. Tucker, Benjamin. Ritstj. Woodcock, George. (Glasgow, Fontana Press. 1986)
- Eagleton, Terry: *Ideology. An Introduction*. (London og New York, Verso. 2007)
- Edwards, Jason: „The ideological interpellation of individuals as combatants: An encounter between Reinhart Koselleck and Michel Foucault“. *Journal of Political Ideologies*, 12, (1). Bls. 49-66. (London, Routledge. 2007)
- Fernandez, James W.: „The Irony of Complicity and the Complicity of Irony in Development Discourse“. *Irony in Action. Anthropology, Practice and the Moral Imagination*. Bls.84-102. Ritstj. Fernandez, James W. og Mary Taylor Huber. (Chicago og London, University of Chicago Press. 2001)
- Fernandez, James W. og Mary Taylor Huber: „Introduction. The Anthropology of Irony“. *Irony in Action. Anthropology, Practice and the Moral Imagination*. Bls.1-37. Ritstj. Fernandez, James W. og Mary Taylor Huber. (Chicago og London, University of Chicago Press. 2001)
- Goldman, Emma: „On Syndicalism“. *Anarchism. A Documentary History of Libertarian Ideas. Volume One: From Anarchy to Anarchism (300CE to 1939)*. Bls. 202-206. Ritstj. Graham, Robert. (Motreal/New York/London, Black Rose Books. 2005)
- Hickman, Larry: „Art, Technoscience, and Social Action“. *Philosophical tools for thecnological culture: putting pragmatism to work*. Bls. 83-99. (Bloomington, Indiana University Press. 2001)
- Jasay, Anthony de: *Against Politics. On Government, Anarchy, and Order*. (London og New York, Routledge. 1997)
- Kropotkin, Peter: „Anarchist Morality“. *Anarchism. A Documentary History of Libertarian Ideas. Volume One: From Anarchy to Anarchism (300CE to 1939)*. Bls. 186-188. Ritstj. Graham, Robert. (Motreal/New York/London, Black Rose Books. 2005)
- Kropotkin, Peter: „Mutual Aid“. *Anarchism. A Documentary History of Libertarian Ideas. Volume One: From Anarchy to Anarchism (300CE to 1939)*. Bls. 184-186. Ritstj. Graham, Robert. (Motreal/New York/London, Black Rose Books. 2005)
- Krupat, Arnold: „An Appollonian Response“. *Irony in Action. Anthropology, Practice and the Moral Imagination*. Bls. 133-141. Ritstj. Fernandez, James W. og Mary Taylor Huber. (Chicago og London, University of Chicago Press. 2001)

- Malatesta, Errico: „Pierre Monatte and Errico Malatesta: Syndicalism – For and Against“. *Anarchism. A Documentary History of Libertarian Ideas. Volume One: From Anarchy to Anarchism (300CE to 1939)*. Bls. 206-211. Ritstj. Graham, Robert. (Motreal/New York/London, Black Rose Books. 2005)
- Mouffe, Chantal: „Artistic Activism and Agonistic Spaces“. *Art&Reasearch. A Journal of Ideas, Contexts and Methods*. 2. tölubl., bindi 1 (Glasgow, Studio 55. Centre for reasearch in fine art practice. 2007)
- Narveson, Jan: „Athony de Jasay on Liberties and Rights“. *Ordered Anarchy: Jasay and His Surroundings*. Bls. 13-20. Ritstj. Bouillon, Hardy og Hartmut Kliemt. (Hampshire, Ashgate. 2007)
- Proudhon, Pierre-Joseph: *General Idea of the Revolution in the Nineteenth Century*. Þýð. Robinson, John Beverly. (London, Freedom Press. 1923)
- Proudhon, Pierre-Joseph: „The Birth of Anarchy: The Death of Property“. *The Anarchist Reader*. Bls. 65-72. Þýð. Tucker, Benjamin. Ritstj. Woodcock, George. (Glasgow, Fontana Press. 1986)
- Proudhon, Pierre-Joseph: „Proudhon: The General Idea of the Revolution“. *Anarchism. A Documentary History of Libertarian Ideas. Volume One: From Anarchy to Anarchism (300CE to 1939)*. Bls. 51-58. Þýð. Robinson, John Beverly. Ritstj. Graham, Robert. (Motreal/New York/London, Black Rose Books. 2005)
- Rogers, Melvin L.: „Rorty’s Straussianism; Or, Irony Against Democracy“. *Contemorary Pragmatism*. 1. bindi, 2. Tölubl. Bls. 95-121 (Amsterdam, Editions Rodopi. 2004)
- Rorty, Richard: *Contingency, Irony, and Solidarity*. (Cambridge, Cambridge University Press. 1989)
- Steinar Örn Atlason: „Antonio Gramsci. Menntamenn“. *Ritið* 2-3. Bls.141-153. Ritstj. Björn Þorsteinsson og Ásdís R Magnúsdóttir. (Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. 2009)
- Woodcock, George: „Anarchism: A Historical Introduction“. *The Anarchist Reader*. Bls. 11-56. Ritstj. Woodcock, George. (Glasgow, Fontana Press. 1986)
- Zald, Mayer N.: „Culture, ideology, and strategic framing“. *Comparative Perspectives on Social Movements. Political Opportunities, Mobilizing Structures, and Cultural Framings*. Bls. 261-274. Ritstj.: McAdam, Doug, John D. McCarthy og Mayer N. Zald. (New York, Cambridge University Press. 1996)
- Íslensk orðabók A-L*. (Reykjavík, Edda. 2002)
- Íslensk orðabók M-Ö*. (Reykjavík, Edda. 2002)
- Ensk-íslensk orðabók, með alfræðilegu ívafi*. (Reykjavík, Örn og Örlygur. 1984)



## **Málþing**

Ólafur Þ. Harðarson: *Leiklist stjórnmalanna*. Erindi flutt á málþingi á vegum *Alþjóðamálastofnunar og EDDA – öndvegissetur*, Reykjavík, 18. maí 2011;

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir: „Pönk og pólitik”. *Shakespeare, klukka landsins og gnarrinn: Málstofa um íslenskt leikhús*. Erindi flutt á hugvísindapingi Háskóla Íslands, Reykjavík, 25. mars 2011.

## **Kvikmyndir og myndbönd**

Brynja Þorgeirsdóttir (dagskrágerðarmaður): „Viðtal við Jón Gnarr“. *Kastljós* [sjónvarpsáttur]. (Reykjavík, Ríkisútvarpið. 8. nóv. 2010)

Gaukur Úlfarsson [leikstjóri]: *Gnarr* [kvikmynd]. (Allskonar, Reykjavík. 2010)

Gaukur Úlfarsson [leikstjóri]. *Við erum best* [tónlistarmyndband]. (Allskonar, Reykjavík. 2010)

Helgi Seljan Jóhannsson (dagskrágerðarmaður). „Viðtal við Jón Gnarr“. *Kastljós* [sjónvarpsáttur]. (Reykjavík, Ríkisútvarpið. 3. maí 2010)

Jón Gnarr: „Fólk“ [myndband]. 22. jan. 2010. Sótt 8. jan. 2011 af <http://www.youtube.com/watch?v=64tPSCIHCrA&feature=related>

Jón Gnarr. “Kynning”, [myndband]. 19. jan. 2010. Sótt 8. jan. 2011 af <http://www.youtube.com/watch?v=EQeDkcSUVWg&feature=related>

Jón Gnarr: *Ýmis heiti* [kynningarmyndbönd]. Sótt 8. jan. 2011 af <http://www.youtube.com/watch?v=TCqfQ6sqRmc&feature=BF&list=PLB3064F828C7F4B62&index=2>

Sölvi Tryggvason (dagskrágerðarmaður): „Viðtal við við Jón Gnarr“. *Spjallið með Sölva sjónvarpsáttur*. (Reykjavík, Skjár Einn. 2. mars 2011)

*Fréttir* [sjónvarpsáttur]. 2. nóv. 2010. Sótt 6. jan. 2011 af <http://dagskra.ruv.is/frsjonvarp/2010/11/02/>

## **Dagblöð**

Anna Andersen: „The Gnarr Effect. Established parties beware”. *Reykjavík Grapevine*, 16. tölubl. 8. okt. 2010.

Einar Örn Benediktsson: „Kæri Jón Kalman“. *Fréttatíminn*, helgin 29. apr. – 1. maí, 2011.

Haukur S. Magnússon: „What are you voting for, Reykjavík?“. *Reykjavík Grapevine*, 6. tölubl. 21. maí 2010.

Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir: „Svívirtur af klæðskiptingi“. *Helgarblað DV*, 18.-20. mars 2011.

Kolbeinn Óttarsson Proppé. „Grín er dauðans alvara”. *Fréttablaðið*, 22. maí 2010

„Besti flokkurinn nær tveimur mönnum inn“. *Fréttablaðið*, 26. mars 2010

„Fréttir af fólki“. *Fréttablaðið*, 12. nóv. 2009. Bls. 62

„Jón Gnarr stofnar stjórn málaflokk“. *Fréttablaðið*, 16. nóv. 2009. Bls. 30

„Lofar að vera skemmtilegur“. *Fréttablaðið*, 5. jún. 2010.

### **Netheimildir**

Aðalsteinn Kjartansson: „Jón Gnarr: Er allt þetta streð mitt til einskis?“. *DV*, 25. sept. 2010. Sótt 11. Maí 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2010/9/25/jon-gnarr-er-allt-thetta-stred-mitt-til-einskis/>

Deshayes, Pierre-Henry: „Reykjavik's mayor puts comedian days behind“. *AFP*, 7. sept. 2010. Sótt 2. feb. 2011 af [http://www.google.com/hostednews/afp/article/ALeqM5iHbcYCgCnKxin\\_xlHJwJrOjdMa3g](http://www.google.com/hostednews/afp/article/ALeqM5iHbcYCgCnKxin_xlHJwJrOjdMa3g)

Erla Hlynsdóttir: „Leikrænir tilburðir hafa ekki úrslitaáhrif“. *Vísir*, 18. maí 2011. Sótt 3. jún. 2011 af <http://www.visir.is/article/2011110518917>

Hlynur Sigurðsson: „Jón Gnarr í framboð“. *mbl.is*, 17. nóv. 2009. Sótt 16. okt. 2010 af [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/11/17/jon\\_gnarr\\_i\\_frambod/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/11/17/jon_gnarr_i_frambod/)

Höskuldur Kári Schram: „Besti flokkurinn missir fylgi – Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig“. *Vísir*, 21. jún. 2011. Sótt 21. jún. 2011 af <http://www.visir.is/besti-flokkurinn-missir-fylgi---sjalfstaedisflokkurinn-baetir-vid-sig/article/2011110629789>

Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir: Jón Gnarr: „Besti flokkurinn er ekki til“. *DV*, 18. mars 2011. Sótt 4. jún. 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2011/3/18/jon-gnarr-besti-flokkurinn-er-ekki-til/>

Jón Gnarr: „Kæri Reykvíkingur“. Sótt 10. okt. 2010 á heimasíðu Besta flokksins, [bestiflokkurinn.is](http://bestiflokkurinn.is), af <http://bestiflokkurinn.is/kaeri-reykvikingur>

Kearney, Christine: „Icelandic mayor's joke on politics plays at Tribeca“. Reuters, 21. apr. 2011. Sótt 28. maí 2011 af <http://www.reuters.com/article/2011/04/21/film-tribeca-gnarr-idUSN1930374120110421>

Lewis, William: „Louis Althusser“. *Stanford Encyclopedia of Philosophy*. Sótt 6. des. 2010 af <http://plato.stanford.edu/entries/althusser/>

Sigurður Mikael Jónsson: „Besti flokkurinn vann stórsigur“. *DV*, 30. maí 2010. Sótt 3. mars 2011 <http://www.dv.is/frettir/2010/5/30/besti-flokkurinn-vann-storsigur/>

- Sindri Bergmann: „Pólitík er eins og Eurovision“. *kvikmyndir.is*. Sótt 10. nóv. 2010 af <http://kvikmyndir.is/Greinar/entry/id/7>
- „Batnandi flokkum er best að lifa“. *mbl.is*, 23. jún. 2011. Sótt 23. ún. 2011 af [http://feeds.mbl.is/frettir/innlent/2011/06/23/batnandi\\_flokkum\\_er\\_best\\_ad\\_lifa/](http://feeds.mbl.is/frettir/innlent/2011/06/23/batnandi_flokkum_er_best_ad_lifa/)
- „Besti flokkurinn hefur alla burði til að ná langt“. *Vísir*, 26. mars 2010. Sótt 2. nóv. 2010 af <http://www.visir.is/article/2010686813601>
- „Besti flokkurinn hættur – djók“. *ruv.is*, 5. maí 2010. Sótt 2. feb. 2011 af á <http://www.ruv.is/frett/besti-flokkurinn-haettur-djok>
- „‘Cool’ or ‘better’? Iceland’s surreal comedian politician“. *Euronews*, 1. jún. 2011. Sótt 3. jún. 2011 af <http://www.euronews.net/2011/06/01/cool-or-better-iceland-s-surreal-comedian-politician/>
- „Dagbók borgarstjóra“. *Facebook*. Sótt 21. Sept. 2010 af <http://www.facebook.com/dagbok.borgarstjora>
- „Ekki svaravert segir borgarstjóri“. *Vísir*, 28. mars 2011. Sótt 14. apr. 2011 af <http://www.visir.is/article/2011703289981>
- „Hanna Birna forseti borgarstjórnar“. *ruv.is*, 15. jún. 2010. Sótt 4. júl. 2011 af <http://www.ruv.is/frett/hanna-birna-forseti-borgarstjornar-0>
- „Jón Gnarr stofnar stjórnmalaflokk“. *Vísir*, 16. okt. 2009. Sótt 3. okt. 2010 af <http://www.visir.is/jon-gnarr-stofnar-stjornmalaflokk/article/2009485732613>
- „Klámnotkun Jóns Gnarr rædd í borgarráði“. *Vísir*, 8. sept. 2010. Sótt 20. jan. 2011 af <http://visir.is/klamnotkun-jons-gnarr-raedd-i-borgarradi/article/2010421019524>
- „Meira ímyndunarafl en rökhugsun“. *mbl.is*, 15. jún. 2010. Sótt 2. apr. 2011 af <http://www.mbl.is/frettir/sjonvarp/49715/>
- „Ný könnun: Besti flokkurinn í stórsókn: Fengi fjóra borgar-fulltrúa eins og Sjálfstæðisflokkur“. *Pressan*, 30. apr. 2010. Sótt 4. mars 2011 af <http://www.pressan.is/Frettir/LesaFrett/ny-konnun-besti-flokkurinn-i-storsokn-fengi-fjora-borgar-fulltrua-eins-og-sjalfstaedisflokkur?page=2&offset=70>
- „Samstarfsyfirlýsing Besta flokksins og Samfylkingarinnar“. Sótt 20. jan. 2011 á heimasíðu Besta flokksins, *bestiflokkurinn.is*. af <http://www.bestiflokkurinn.is/urstarfi-flokksins/samstarfsyfirlysing-besta-flokksins-og-samfylkingarinnar>
- „Stefna Besta flokksins óðum að skýrast: Voða gott að ná fólki út af Facebook í 2 tíma“. *Pressan*, 18. sept. 2010. Sótt 20. jan. 2011 af <http://www.pressan.is/Vidskipti/Lesavidskiptafrettir/stefna-besta-flokksins-odum-ad-skyrast-voda-gott-ad-na-folki-ut-af-facebook-i-2-tima>

„Stefnumál“. Sótt þann 20. jan. 2011 á heimasíðu Besta flokksins, *bestiflokkurinn.is*. af <http://bestiflokkurinn.is/um-flokkinn/stefnumal>